

HEBA PÉTURSDÓTTIR

Finnur gersemar í fata-
skáp ömmu sinnar

• tíska

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



VETRARDEKK

Gróf, gripmikil, mjúk,
hljóðlát og endingargóð

Sérblað um vetrardekk

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Neutral
verndar viðkvæma húð

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

22. október 2009 – 250. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Öll ljóðin á einum stað



Ingibjörg Haraldsdóttir gaf út ljóðasafn í tilefni af afmælinu sínu.

TÍMAMÓT 30

Skemmtilegt par

Jónína Leósdóttir og Hallgrímur Helgason ræða um kynlífslýsingar í bókum við unglinga.



FÓLK 50

Músík og mannsiðir

„Gróskan í starfi tónlistarskólanna myndi trúlega lyfta öðru skólustarfi,“ skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 24

Hasar í Meistaradeildinni



Það var að vanda mikið fjór í leikjum Meistaradeildarinnar og dramatíkin mikil.

ÍPRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



Vætusamt í dag verður frekar hæg norðlæg átt en 10-15 m/s norðvestanlands. Rigning eða súld víða um land en styttr upp sunnanlands er líður á daginn. Hljást sunnantil.

VEÐUR 4

Yfir 100 milljarðar í ónýttri fjárfestingu

Óseldar íbúðir og fjárfestingar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru yfir 100 milljarða króna virði þrátt fyrir viðvaranir um þenslu segir oddviti Samfylkingar í borgarstjórn. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks varar við pólitískum frösum.

STJÓRNMÁL Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, segir offjárfestingu á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu nema yfir 100 milljörðum króna.

„Það voru stjórnámamenn í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninga, sjálfstæðismenn í öllum sveitarfélögum, sem löðuðu til sín atkvæði með lofordum um ódýrar lóðir fyrir alla. Því var haldið fram að hækkun fasteignaverðs væri vegna þess að Reykjavíkurlistinn hefði ekki tekið þátt í þessu ofsakapplaupi sumra nágranna-sveitarfélaganna í lóðaúthlutunum. Þessi málflutningur hefur ekki

aðeins reynst rangar heldur er reikningurinn á við heila Kárahnjúkavirkjun,“ segir Dagur.

Að sögn Dags varaði hann sjálfur og margir aðrir við þenslu á fasteignamarkaðinum. Nú séu um þrjú þúsund óseldar eða langt komnar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Verðmæti þessa sé um 73,5 milljarðar króna. Þess utan standi yfir 4.300 lóðir tómar. Sveitarfélögin hafi lagt í um 35 milljarða fjárfestingar sem ekki séu nýttar. Samtals liggi vel yfir 100 milljarðar í ónýttum eignum.

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir málið mjög alvarlegt og varða í

mörgum tilfellum fjárhag einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja. „Þetta er miklu viðkvæmara og að sumu leyti sorglegra en svo að menn geti rokið fram í umræðuna með einhverjum ódýrum pólitískum frösum,“ segir Júlíus.

Að sögn Júlíusar er orsaka meðal annars að leita hjá lánastofnunum. „Ég hef líka bent á það að upphaf þessarar verðlagsþróunar má að nokkru leyti rekja til lóðaskorts og uppboðsstefnu R-listans á sínum tíma. En við eigum ekki að festa okkur í slíku heldur hugsa fram á veginn og leita lausna,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson.

-gar / sjá síðu 6

Halla Vilhjálmisdóttir: Freistar þess að komast í Eurovision í Svíþjóð

FÓLK Halla Vilhjálmisdóttir býr nú í Svíþjóð þar sem hún vinnur að því að koma sér á framfæri sem tónlistarmaður.

Á dögnum sendi hún lagið How í vefkeppni Melodifestivalen, sem er undankeppni Eurovision í Svíþjóð. Lagið er komið í gegnum fyrsta niðurskurð, er þar á meðal tuttugu vinsælustu laganna.

Melodifestivalen er vinsælasta sjónvarpsefni Svíþjóðar, en milljónir fylgjast með keppninni á hverju ári. Halla segir keppnina opna ýmsar dyr. „Það er nóg að komast á Melodifestivalen til að fá gigg og plötusamning,“ segir hún.

-afb / sjá síðu 50



HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR



MÓTMÆLI Á MIKLUBRAUT Íbúar í Hlíðunum segjast vilja draga að sér andann rólegir og hlífa börnum við svifryksmengun, sem þeir segja ítrekað fara yfir heilsufarsmörk í hverfinu. Um þrjátíu manns vöktu athygli á þessu með aðgerðum í gær.

Silvio Berlusconi: Líkar ekki vel við starf sitt

ITALÍA Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, segist stýra landinu af skyldurækni og fórnfýsi en ekki af því að hann hafi gaman af því. Hann segist raunar alls ekki hafa gaman af landsstjórninni, en þráist þó við vegna þess að hann sé „eini leiðtoginn sem geti haldið saman miðju- og hægriflokkunum“.

Í viðtali við CNN sagði hann margt andstyggilegt fylgja því að vera í hans stöðu, einkum rætna fjölmiðlaumfjöllun. Hann sagðist enn fremur aldrei hafa talað af sér, ekki heldur þegar hann kallaði Barack Obama sólbrúnan. Allt sem hann segði, brandarar sem annað, væri þaulhugsað. -sh



SILVIO BERLUSCONI

Fulltrúi AGS segir skuldir Íslendinga hærri en búist var við en viðráðanlegar:

Ísland á dagskrá hjá stjórn AGS

EFNAHAGSMÁL Stefnt er að því að taka endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands fyrir á fundi framkvæmdastjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á miðvikudag. Uppfærð efnahagsáætlun var send framkvæmdastjóra sjóðsins í gær.

Samþykki stjórnin áætlunina fær Ísland aðgang að öðrum hluta lánaþyrngreiðslu sjóðsins, eða 168 milljörðum Bandaríkjadala. Þá opnast aðgangur að fyrsta fjórðungi 2,7 milljarða lánaþyrngreiðslu Norðurlandanna og Póllands. Mark Flanagan, yfirmaður AGS í málefnum Íslands, segir, í viðtali á heimasíðu sjóðsins,

að erlendar skuldir Íslendinga séu hærri en reiknað var með þegar sjóðurinn kom að málu hér. Hann telji landið hins vegar standa undir þeim skuldum.

„Gert er ráð fyrir að erlendar skuldir þjóðarþúsins minnki hratt eftir því sem eignir eru seldar úr þrotabúum bankanna og skuldir þeirra afskrifaðar að stórum hluta,“ segir Flanagan. Hann segir tvennt hafa tafið endurskoðun efnahagsáætlunarinnar. Stjórn mála-órói og kosningarnar í vor hafi tafið stefnumótun. Þá hafi tafast að semja við erlenda lánardrottna sem hafi gert fjármögnun lána flóknari.

-kóp

Bæklingur frá Húsasmiðjunni fylgir Fréttablaðinu í dag!



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

sbarro 18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum **1990** kr. Rísa pizza

Stjórnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

Pú leggur línurnar **Létt & laggott!**

L&L
- Línurnar í lag!

22.-25.
október

RISA DAGAR Í SMÁRALIND

EYDDU SKEMMTILEGRI RISAHELGI MEÐ FJÖLSKYLDUNNI!



RISATILBOÐ
Í FJÖLMÖRGUM VERSLUNUM
UM HELGINA



STÆRSTI MAÐUR Í HEIMI
HEILSAÐU UPP Á HANN UM
HELGINA Í SMÁRALIND



RISATILBOÐ
Á VEITINGASTÖÐUM
SMÁRALINDAR



STÆRSTI LEIKFANGATRAKTOR HEIMS
FYRIR KRAKKANA AÐ KLIFRA Í ...



STÆRSTA LOPAPEYSA HEIMS
VILTU KANNSKI MÁTA HANA?

Opið til kl. **21** í dag

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verstanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

 Smáralind

GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	122,31	122,89
	Sterlingspund	202,74	203,72
	Evra	182,68	183,70
	Dönsk króna	24,539	24,683
	Norsk króna	21,961	22,091
	Sænsk króna	17,696	17,800
	Japanskt jen	1,3465	1,3543

SDR	
SDR	195,21 196,37

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,0912
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin leggur til sátt í deilu Írana og vesturvelda: Úranið verði meðhöndlað erlendis

ÍRAN Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur sent Írónum, Bandaríkjamönnum, Frökkum og Rússum tillögu að lausn á máli Írana og kjarnorkuáætlunar þeirra. Stofnunin vill svör við tillögunni í síðasta lagi á morgun.

Efni tillögunnar er ekki opinbert, en heimildir BBC herma að tillagan feli í sér að Íranar muni senda úran sitt úr landi til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, sem aftur myndi senda það til Rússlands þar sem það yrði auðgað. Þaðan færi það svo til Frakklands þar sem nauðsynleg tækni er til staðar til að undirbúa úranið endanlega fyrir kjarnakljúfa Írana.

Tillögunum er ætlað að slá á áhyggjur vesturveldanna af því að Íranar séu hugsanlega að auðga úran í hernaðarskyni. Úranið sem sent yrði frá Frakklandi hverju sinni yrði aldrei nægt til að hægt væri að búa til úr því vopn.

Tillögunar voru afrakstur viðræðna sem fram fóru í Vín í Austurríki. Mohamed El Baradei, yfirmaður Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, sagði að fundinum loknum að hann væri bjartsýnn á að tillagan myndi leiða til farsællar niðurstöðu. Viðræðurnar hefðu verið mjög uppbyggilegar.



BARADEI AÐ VIÐRÆÐUM LOKNUM Yfirmaður Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar sagði viðræðurnar hafa verið uppbyggilegar.

Kínverjar ósáttir við Google: Segja höfundarrétt brotinn

SIANGHAI, AP Kínverskir rithöfundar hafa kvartað yfir stafrænu bókasafni netleitarvélafyrirtækisins Google. Höfundarnir segja höfundarrétt brotinn á þeim.

Mótmælin koma frá opinberum samtökum höfunda í Kína. Að sögn fréttastofu AP eru þau viðbót í deilur sem Google á þegar í við höfundarréttihafa í Bandaríkjunum, Evrópu og víðar, vegna fleitni fyrirtækisins til að gera fleiri prentverk aðgengileg á netinu. Mótmælin eru hins vegar þau fyrstu frá Kína vegna málsins.

Réttahafar geta kosið að taka ekki þátt í verkefninu, segir talsmaður Google.

Þýðingu EES-efnis lýkur 2012: Kostar 186 milljónir á ári

ALÞINGI Lögboðin þýðing skjala vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu kostar tæpar 186 milljónir króna á ári. Áætlað utaríkisráðuneytið að verja þurfi þeirri fjárhæð til verksins til loka árs 2012 þegar þýðingum á að vera lokið.

Þetta kemur fram í svari utaríkisráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar Elínar Arnadóttur Sjálfstæðisflokki.

Í svarinu kemur fram að nauðsynlegt sé að ljúka þýðingunum áður en til mögulegrar aðildar að Evrópusambandinu kemur. Þá er þess getið að kostnaður vegna þýðingar færist til Evrópusambandsins ef til aðildar Íslands kemur.

LANDSPÍTALI Farsóttanefnd Landspítalans hvetur fólk til að fara ekki í heimsóknir á spítalann. Þar sé fólk með influensu en einnig aðrir sem séu veikir af öðrum orsökum. Lasnir ættingjar eigi ekkert erindi inn á spítalann, segir yfirmaður smitsjúkdómadeildar.



Fjörutíu lagðir inn vegna svínaflensu

Nær fjörutíu manns lágu á Landspítala vegna svínaflensu í gærkvöld. Þá er farið að leggja fólk inn á Sjúkrahúsið á Akureyri af sömu sökum og einn liggur á sjúkrahúsi á Blönduósi. Landspítali starfar samkvæmt viðbragðsáætlun.

HEILBRIGÐISMÁL Enn fjölgaði sjúklingum á Landspítala í gær vegna svínaflensu. Þeir voru 33 talsins, þar af sex á gjörgæslu. Sjó nýir voru innlagðir og fjórir útskrifaðir. Þá höfðu fimm einstaklingar verið lagðir inn á sjúkrahúsið á Akureyri af sömu ástæðu og einn á Blönduósi.

Samkvæmt nýjum upplýsingum frá sóttvarnalækni kemur fram að fjöldi influensutilfella þrefaldadist í síðustu viku miðað við vikuna þar-á undan. Fólk á öllum aldri greinist með sjúkdóminn, flestir á aldrinum 15 til 19 ára. Frá lokum júní til 18. október bárust samtals 4246 tilkynningar um influensulík einkenni eða staðfesta svínaflensu samkvæmt skráningum lækna í rafrænar sjúkraskrár. Frá 23. september hafa 80 manns verið

lagðir inn á Landspítala vegna flensunnar.

„Spítalinn er undir miklu álagi þótt ekki sé komið að þolmörkum,“ segir Már Kristjánsson, yfirmaður smitsjúkdómadeildar Landspítalans. „En það þarf að huga að því sem gerist á næstu dögum og vikum. Sjúklingum með flensu hefur fjölgað dag frá degi að meðaltali. Ákvarðanatöku ræðst af þróuninni á næstu dögum og jafnvel vikum.“

Hann segir að sú hugmynd að hafa alla flensusjúklinga á einum gangi hafi verið rædd en engin ákvörðun þar að lútandi tekin enn.

„Við erum með ákveðna viðbragðsáætlun,“ segir hann. „Það segir sig sjálft að þegar herðir á þessum þætti í starfsemi þá

getum við ekki sinnt öllu öðru sem við gerum venjulega. Mörgu af því er hægt að stjórna, til að mynda valkvæðri starfsemi. Okkur finnst ekki ástæða til þess í dag að breyta starfsemiinni með því að sinna einungis bráðum, aðkallandi verkefnum, en það gæti komið til þess á næstu dögum. Það ræðst af því hvernig málin þróast.“

Már segir að farsóttanefnd Landspítalans hvetji fólk til að fara ekki í heimsóknir á spítalann. Þar sé fólk með influensu en einnig aðrir sem séu veikir af öðrum orsökum. Lasnir ættingjar eigi ekkert erindi inn á spítalann.

„Í rauninni er umferð fólks ekki af hinu góða á þessari stundu,“ segir hann, en segir ekki í umræðunni að banna allar heimsóknir á spítalann.



LAUGARDALSLAUGIN Maðurinn lenti með höfuðið á botni laugarinnar, hlaut af mænuskaða og lamaðist fyrir líffstið.

Stakk sér í grunnu laugina: Fær 33 milljónir í skaðabætur

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Vátryggingafélag Íslands til að greiða ungum pólskum manni rúmar 33 milljónir króna í bætur vegna slyss sem hann varð fyrir í Laugardalslaug árið 2007.

Ungi maðurinn stakk sér þá til sunds í grynnri enda Laugardalslaugar, lenti með hvirfilinn í botni laugarinnar og lamaðist fyrir neðan mitti og að hluta á höndum. Taldi hann að varúðarkerkingar á staðnum hefðu verið ófullnægjandi. Á það féllst dómurinn, en taldi þó að maðurinn þyrfti að bera þriðjung tjónsins sjálfur vegna þess hve gáleysislega hann stakk sér.

Samningi um Helguvík breytt: Farið að athuga-semdum ESA

ALÞINGI Breyta þarf lögum frá í sumar um fjárfestingarsamning vegna álvers í Helguvík, að undirlagi ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA.

Í lögum segir að samningurinn skuli eigi gilda skemur en í 20 ár en ESA segir að hann megi ekki gilda lengur en í 20 ár.

Þá eru ákvæði um ívilnandi reglur um stimpilgjöld þrengdar á þann hátt að ívilnanir gilda einvörðungu um skjöl sem eru gefin út í beinum tengslum við byggingu álversins en ekki rekstur þess.

ALÞINGI
Icesave á dagskrá í dag
Rætt verður um nýtt og breytt frumvarp fjármálaráðherra um Icesave-ábyrgðirnar á skjöldu í dag sem hefst klukkan ellefu.

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	25°
Basel	14°
Berlín	8°
Billund	10°
Eindhoven	12°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	14°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	24°
London	14°
Mallorca	23°
New York	23°
Orlando	30°
Ósló	5°
París	16°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

KÓLNAR Næstu daga verða norðaustlægar áttir en það þýðir að úrkoman fellur einkum norðantil en á sunnanverðu landinu verður léttara yfir. Það kólnar lítillega næstu daga, einkum norðanlands, og búast má við svölu veðri inn til landsins norðantil.

Á MORGUN 5-13 m/s. Hvassast norðvestantil.

LAUGARDAGUR NA 5-8 m/s en hvassari á Vestfjörðum.

ESB Á MANNAMÁLI!

LOKSINS!

„Einsog leiftrandi spennusaga.“
Össur Skarphéðinsson, utaríkisráðherra

★ ★ ★ ★ ★
Pétur Gunnarsson, Fréttablaðinu

„Mikilvægt, áhugavert innlegg.“
Bjarni Harðarson

VERÓLD
Bræðraborgarstíg 9



Hátíð á Hilton

Við kynnum girnilega jóladagskrá á Hilton Reykjavík Nordica og VOX – nú er vandi að velja!

Dýrindis jólahlaðborð í hátíðarsal Hilton. Sigga Beinteins og Daddi Diskó slá á léttu strengi og syngja inn jólin með gestum okkar langt fram á kvöld. Hefst 21. nóvember.

Á sama tíma á VOX bjóða meistarakokkar okkar upp á stórglæsilegan jólamatseðil og ógleymanlega kvöldstund fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð.

Ennfremur: Sunnudagsbröns og hádegishlaðborð virka daga með sérstöku jólaívafi frá 22. nóvember.

Kynnið ykkur tilboð á gistingu á Hilton Reykjavík Nordica: www.hilton.is
Sérstök gistikjör fyrir Vildarklúbbsfélaga frá 13. nóvember.

Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is | www.hilton.is

V O X
RESTAURANT/BISTRO


Hilton
Reykjavík Nordica



Á að setja lög gegn starfsemi Vítisengla?

Já 90%
Nei 10%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú búin(n) að fá svínaflensu?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Ungt fólk hætt að líta á kannabisefni sem ólöglegt og varasamt fíkniefni: Breytt viðhorf til kannabiss

SAMFÉLAGSMÁL Svo virðist sem breytt viðhorf gagnvart kannabisneyslu geri nú vart við sig meðal ungs fólks á Íslandi. Það líti jafnvel ekki lengur á kannabisefni sem ólöglegt og varasamt fíkniefni. Þetta kom fram í máli Arngríms Gunnarssonar, forvarnarfulltrúa í Fjölbrotaskólanum í Ármúla, á morgunverðarfundum samtakanna Náum áttum, um kannabisneyslu á Íslandi í fyrradag.

Sagði Arngrímur að unglingar á framhaldsskólaaldri hefðu sumir hverjir þær hugmyndir nú til dags að kannabis væri jafnvel hollt, væri lyf og að það ætti



KANNABISSKÓGUR Fleiri þúsund kannabisplöntur hafa fundist í ræktun á Íslandi á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sjálft að ráða því hvort það skaðaði sig eða ekki. Skaðsemin af

kannabisneyslu væri ekki meiri en til dæmis af sykurneyslu eða ofþjálfun í líkamsrækt.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, hélt einnig erindi á fundinum. Sagði hann að á liðnum árum hefði lögregla lagt hald á 100 til 200 kannabisplöntur á ári hverju, en þær hefðu hins vegar verið 100 til 200 á viku það sem af væri ári. Raunar væri kannabisrækt á Íslandi svo mikil að lögregla kæmist ekki í að leggja hald á allt það sem vitað væri um. Ætla megi að eitthvað af þessari innlendu framleiðslu væri ætluð til útflutnings. -sh

Þingfundum verði útvarpað:

Útvarp hefjist fyrir 18. janúar

ALÞINGI Tíu þingmenn úr fjórum flokkum, auk Þráins Bertelssonar, vilja að forseti Alþingis hefji undirbúning þess að útvarpa þingfundum beint um allt land á sérstakri útvarpsrás. Stefna eigi að því að útvarp þingfunda hefjist eigi síðar en þegar þing kemur saman á vorþingi 2010, það er, fyrir 18. janúar á næsta ári.

Í greinargerð segir að það sé mat flutningsmanna að beinar útvarpsendingar frá Alþingi ættu að vera sjálfsögð þjónusta í nútímalegu lýðræðisþjóðfélagi, á öld upplýsinga og fjölmiðlunar.

Tillaga þessa efnis hefur margóft verið lögð fram á þingi. -bþs

Grafísk hönnun



Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar og bæklinga. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin.

- Photoshop CS4
- Illustrator CS4
- InDesign CS4

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF)

Kvöldnám hefst 29. október.
Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,-



Skeifan 11B • 108 Reykjavík
Sími 511-3080 • isoft@isoft.is
www.isoft.is



Andvirði Kárahnjúka í ónotuðum eignum

Oddviti Samfylkingar í borgarstjórn segir yfir 100 milljarða bundna í ónotuðum íbúðum og innviðum hverfa á höfuðborgarsvæðinu þótt varað hafi verið við þenslu. Sjálfstæðismaður í borgarstjórn segir ódýrt að vera spekingur eftir á.

SVEITARFÉLÖG „Það er grátlegast að það var varað við þessu þegar meirihlutinn í Reykjavík fór í gang með plön um þreföldun á lóðaúthlutunum,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, um offjórðfestingu á fasteignamarkaði.

Dagur segir að nú séu um þrjú þúsund óseldar eða langt komnar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Verðmæti þessa sé um 73,5 milljarðar króna. Þess utan standi yfir 4.300 lóðir tómar. Sveitarfélögin hafi lagt í miklar fjórðfestingar sem nú séu ónýttar. Þennan kostnað megi meta á um 35 milljarða. Samtals liggi þannig vel yfir 100 milljarðar í ónýttum eignum.

Að sögn Dags vörðu skipulagssvið borgarinnar, greiningardeildir bankanna, Seðlabankinn og Samtök atvinnulífsins við þenslu á fasteignamarkaðinum þegar í upphafi kjörtímabilsins.

„Ég og margir fleiri sögðum að hættan væri sú að stórir hópar, sem hefðu keypt dýrt, myndu sitja eftir sem nokkurs konar fangar í íbúðum sínum og að sveitarfélögin sætu eftir með hálfbyggð hverfi og ónóga þjónustu árum saman,“ segir Dagur og kveður mikilvægt að gera þetta mál upp – ekki síður en bankahrúnið.

„Það voru stjórnáráðgjafar í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninga, sjálfstæðismenn í öllum sveitarfélögum, sem löðuðu til sín atkvæði með lofordum um ódýrar lóðir fyrir alla. Því var haldið fram að hækkun fasteignaverðs væri vegna þess að Reykjavíkurlistinn hefði ekki tekið þátt í þessu ofsakapphlaupi sumra nággranna-sveitarfélaganna í lóðaúthlutunum. Þessi málflutningur hefur ekki



Í URRIÐAHOLTI Byggðin í Urriðaholti í Garðabæ er eitt dæmi um hverfi sem dagaði uppi þegar góðærið hvarf og kreppan lagði Ísland undir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

aðeins reynt rangar heldur er reikningurinn á við heila Kárahnjúkavirkjun,“ segir Dagur.

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir ódýrt að vera spekingur eftir á. Málið sé mjög alvarlegt og varði í mörgum tilfellum fjárhag einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja. „Þetta er miklu viðkvæm-ara og að sumu leyti sorglegra en svo að menn geti rokið fram með í umræðuna með einhverjum ódýrum pólitískum frösum,“ segir Júlíus.

Að sögn Júlíusar er orsaka meðal annars að leita hjá lána-stofnunum. „Ég hef líka bent á

það að upphaf þessarar verðlagsþróunar má að nokkru leyti rekja til lóðaskorts og uppboðsstefnu R-listans á sínum tíma. En við eigum ekki að festa okkur í slíku heldur hugsa fram á veginn og leita lausna,“ segir Júlíus, sem kveður lausnina meðal annars felast í samræmingu á skipulagi höfuðborgarsvæðisins. „Við höfum bara ekki þau töl sem til þarf til þess að halda í taumana og því þarf að breyta,“ segir Júlíus. Hann bendir jafnframt á að áður nefndar fjórðfestingar sveitarfélaganna vegna samþykkrta deiliskipulagsáætla- nanna verði nýttar þegar betur árar. gar@frettabladis.is

Vefhýsing_ **668 kr.** á mánuði
Pantaðu núna á www.1984.is

ÍSLENSK VEFHÝSING

= MEIRI HRADI >> MEIRA ÖRYGGI >> MUN ÓDÝRARI

1984

– stóri bróðir hefur getur á þér

Sími 546 1984 :: info@1984.is

NÝJAR bílaperur frá PHILIPS



PHILIPS
Quartz
bílaperur
allt að 80% meira ljós



Starfsmenn GÁ Húsgagna fengu undarlega beiðni frá Hótel Loftleiðum: Smíða stól fyrir hæsta mann heims

FÓLK „Þeir frá Hótel Loftleiðum höfðu samband á þriðjudag og voru í miklu veseni, því þeir áttu engan stól fyrir karlinn að sitja á. Við fengum þess vegna 48 klukkutíma til að smíða stólinn, og erum dálítið að giska okkur áfram með þetta. Það verður spennandi að sjá hver útkoman verður,“ segir Erlendur Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá GÁ Húsgögnum. Fyrirtækið fékk það verkefni að smíða sérhannaðan stól fyrir Tyrkjann Sultan Kosen, hæsta mann heims, sem væntanlegur er til landsins í dag í tilefni af útkomu nýjustu Heimsmetabókar Guinness. Kosen er tæplega tveir og hálfur metri á hæð.

Starfsmenn GÁ Húsgagna voru í miðjum klíðum við að setja saman grind fyrir stólinn þegar Frétta-

blaðið hafði samband í gær. „Mér skilst að Kosen muni nota stólinn á hótelinu og einnig þegar hann gefur eiginhandaráritanir og slíkt,“ segir Erlendur.

Grétar Arnason eigandi, sem stofnaði GÁ Húsgögn árið 1975, segir þetta verkefni vissulega forvitnilegt, en fyrirtækið hafi áður fengið við undarleg verkefni. „Laxaróðsveggurinn sem við gerðum fyrir Hótel Þingholt er mjög sérstakur, en þá bjuggum við til flísar úr 580 roðum. Við gerðum líka sófa fyrir heimssýninguna árið 2000 og fleira. Við höfum lent í ýmsu,“ segir Grétar. Aðspurður segir hann að hæsta manni heims sé velkomið að taka stólinn með sér heim eftir heimsóknina, kjósi hann svo. -kg



STÓRI STÓLLINN Sigurjón og Erlendur hjá GÁ húsgögnum komust báðir fyrir í stólinum sem þeir smíðuðu fyrir hæsta mann heims. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Mjólkur- & ostadagar í Hagkaup 15. - 25. október



OSTAMEISTARAR OG MJÓLKURFRÆÐINGAR VERÐA Á
STAÐNUM TIL AÐ SVARA SPURNINGUM VIÐSKIPTAVINA

Fimmtudag í Hagkaup Kringlunni kl. 14-18
Föstudag í Hagkaup Skeifunni kl. 14-18
Laugardag í Hagkaup Garðabæ kl. 14-18



GETRAUNALEIKUR Í SKEIFUNNI
Komdu og giskaðu á magnið af
kókómjólk! Vegleg verðlaun í boði!

Pú færð kraft úr kókómjólk

20%
afsláttur v/kassa



20%
afsláttur v/kassa



20%
afsláttur v/kassa



20%
afsláttur v/kassa



20%
afsláttur v/kassa

Nýtt

20%
afsláttur v/kassa

20%
afsláttur v/kassa

20%
afsláttur v/kassa



20%
afsláttur v/kassa



20%
afsláttur v/kassa



20%
afsláttur v/kassa

20%
afsláttur v/kassa

20%
afsláttur v/kassa

20%
afsláttur v/kassa

20%
afsláttur v/kassa

FRÁBÆRT ÚRVAL AF ÍSLENSKUM OSTUM Á TILBOÐI
í ostaborði Kringlunnar



Gildir til 25. október á meðan birgðir endast.





1. Hvað nefnist nýtt stýrikerfi Microsoft sem kemur út í dag?
2. Hve marga Kínverja væntir Keilir að fá árlega til flugnáms?
3. Hver deilir hlutverki með Stefán Karli í söngleiknum Tröllla?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Ólafur F. Magnússon mótmælir nýjum siðareglum borgarfulltrúa:

Telur siðareglurnar bíræfnar

REYKJAVÍK Ólafur F. Magnússon greiddi atkvæði gegn nýjum siðareglum borgarfulltrúa á borgarstjórnarfundum á þriðjudag. Hann lét bóka að tregða borgarfulltrúa við að upplýsa um prófkjörstyrki, auk annars, gerði slíkar siðareglur marklausar.

„Undirritun borgarfulltrúa á siðareglum fyrir kjörna fulltrúa er ekki pappírins virði í ljósi þeirrar staðreyndar að fimm af sjö borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokks, sem undirrituðu málefna-samning árið 2008 um meirihlutamyndun með F-listanum, meintu ekki eitt einasta orð af því sem

þeir undirrituðu,“ bókar Ólafur.

„Miðað við það upplausnar-ástand, blandað mannorðsveidum, sem ríkt hefur á þessu kjörtímabili og hefur ekki síst verið kynt undir af borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins, að undanskildum Vilhjálm P. Vilhjálmssyni og Kjartani Magnússyni, verður það að teljast bíræfni af hálfu borgarfulltrúa að ætla að setja fögur orð á blað og kalla það siðareglur.“

Í ljósi þessa, og áður nefndrar tregðu borgarfulltrúa við að gefa upp prófkjörstyrki, segist Ólafur ekki hafa geð í sér til að greiða atkvæði með siðareglunum. -sh



ÓSÁTTUR Ólafur sakar kollega sína í borgarstjórn um hræsní. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Svipting og refsing á skilorði:

Rifbeinsbraut lögreglumann

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið, og jafnframt sviptur ökurétti í tvö ár fyrir ölvunarakstur og að slasa lögreglumann.

Lögreglan sá manninn þar sem hann ók ölvaður í Kópavogi. Hann sinnti ekki stöðvunarmerkjum, heldur ók þar til hann stöðvaði bifreiðina á Mímisvegi í miðbæ Reykjavíkur. Þar stökk hann út úr henni og hljóp á brott. Lögregla elti hann uppi. Í lögreglubílnum á leiðinni á lögreglu-stöð veittist hann að lögreglumanni, sem rifbeinsbrotnaði og tagnaði á fingri. -jss

Lífeyrissjóðirnir láni til að verja innviðina

Ögmundur Jónasson vill að lífeyrissjóðirnir láni hinu opinbera svo draga megi úr niðurskurð til velferðarmála. Hætta sé á að innviðirnir bresti. Hann gagnrýnir að samtök launafólks hafi verið samstiga AGS um niðurskurð í velferðarmálum.

FÉLAGSMÁL Ögmundur Jónasson fór yfir víðan völl í setningarvárfi sínu á þingi BSRB í gær. Þetta var hans síðasta setningarvárf en nýr formaður verður kjörinn á þinginu á morgun.

Ögmundur varði drjúgri stund í að ræða um lífeyri og tæpti meðal annars á hugmyndum um stofnun fjárfestingarsjóðs á vegum lífeyrissjóðanna til að efla atvinnu. Lýsti hann um leið áhyggjum af velferðarkerfinu enda ríkissjóður og sveitarsjóðir reknir með halla. „Þetta eru sjóðirnir sem fjármagna velferðina, skólana, sjúkrahúsinn, stofnanir fyrir fatlaða, löggæsluna, slökkviliðin, sjúkralutningana, vatnsveiturnar, stofnanir fyrir aldraða, sjálfa innviði samfélagsins. Ég vil láta minn lífeyrissparnað renna þangað, til að verja innviðina, svo ekki verði grafið undan velferðinni. Aldrei er hennar meiri þörf en í kreppu,“ sagði Ögmundur. Hann spurði hvort menn meintu ekkert með því að varðveita eigi kvennastörf. Niðurskurður í velferðinni þýði að konum verði vísað út í atvinnuleysi „á sama tíma og spekingar setjast yfir að búa til störf fyrir karla. Ég kalla eftir því að lífeyrissjóðirnir setjist yfir þetta með ríkinu og sveitarfélögunum með það í huga að forgangsraða fjármagni til þeirra, láni ríki og sveitarfélögum peningana okkar til að draga úr hinum bratta niðurskurði.“

Ögmundur ræddi líka um skipulag verkalýðshreyfingarinnar og sagði það draum sinn að öll helstu samtök launafólks sameinuðust í



LOKAÁVARPIÐ Ögmundur Jónasson setti þing BSRB í síðasta sinn í gær. Hann lætur á morgun af rúmlega tuttugu ára formennsku í bandalaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

einum samtökum, Launamanna-sambandi Íslands. Kvæst hann telja verkalýðshreyfinguna vera í verulegri hættu á að fjarlægjast röt sína, verða stofnun sem væri uppteknari af skipulagsformum en baráttumarkmiðum. Þá sagði hann það hafa vakið honum áhyggjur þegar samtök launafólks komu að gerð stöðugleikasáttmálans síðastliðið vor og voru samstiga kröfum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um niðurskurð í velferðarmálum sem öðrum málum.

Ögmundur sendi Alþýðu-

sambandinu sneið þegar hann rakti að lífeyriskerfi opinberra starfsmanna hefði í tvígang verið hætt komið, fyrst á síðari hluta níunda áratugarins og aftur 1996. „Aldrei áttum við bandamenn í samtökum launafólks á almennum vinnumarkaði í þessari baráttu og litu félagar okkar þar umframréttindi opinberra starfsmanna hornauga. Við höfðum ríkan skilning á kröfum um jöfnuð, nema hvað við viljum jafna kjörin upp á við en ekki niður,“ sagði Ögmundur.

bjorn@frettabladid.is

Útbúnaðinn í rjúpnaveiðina færðu í Everest

Broddar verð frá kr. **13.995**

alvöru snjóþrúgur frá Camp verð frá kr. **37.995**

Hanwag Alaska gtx gönguskórnir 10% afsl. Sokkar fylgja með öllum gönguskóm **44.995**

Mammut Mount trail xt gtx gönguskórnir, okkar vinsælustu skór. Sokkar fylgja með öllum gönguskóm **38.995**

AFSLÁTTUR
30% afsl. af öllum goretex jökkum 15-50% afsl. af Ulvang ullarfatnaði Legghllfar, höfuðljós

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Hellstu útsölustaðir: Fjarðarsport neskaupstað, Veiðiflugan Reyðarfirði, Skógar Egilstöðum.

Í hvernig borg viltu búa?

MÍN REYKJAVÍK

HUGMYNDAÞING

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR
SUNNUDAGINN 25. OKTÓBER KL. 13-16

Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is/hugmyndir

Ökku lánar að bændu á
Hvernig væri að
Minn áttu þing
Allir velkomnir
Komdu og hafðu skoðun!
Mín tillaga er
Ökku fjölskyldunni finnst þetta

Hverfö mitt
Það er að hugmynd að

KEMUR
ÚT Í DAG!

Sindri Freysson
DÓTTIR
MÆÐRA MINNA
SAGA ÚR STRÍÐI

Útgáfufagnaður
í Eymundsson,
Skólavörðustíg,
í dag kl. 17.
Allir velkomnir!

★
Tilboðsverð
aðeins 4.490
í Eymundsson.

KRÖFTUG SAGA UM KONUR



Dansinn dunar á Ísafirði þegar hermenn með alvæpni ganga þar á land á bjartri sumarnótt árið 1941. Síðar um nóttina er 17 ára stúlka handtekin og flutt í fangelsi í Englandi.

Sindri Freysson ritar hér kröftuga sögu um innilokaðar konur, glæpi sem aldrei fynrast og sakleysi sem glatast og verður aldrei endurheimt.

*Ég veit ekki hvert ég er að fara,
ímynda mér bara að áfangastaðurinn sé
órafjarri. Kannski get ég dreymt mig heim
til Ísafjarðar, verði ég ekki hengd eða skotin,
en það er um langan veg að fara ...*

VERÖLD 
Bræðraborgarstíg 9



PUNGAR BYRÐAR Ungur drengur með þunga byrði og heimatilbúinn gaslampa var meðal íbúa borgarinnar Marikína á Filippseyjum sem gert hefur verið að yfirgefa heimili sín vegna flóðahættu meðan fellibylurinn Lupit gengur yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur fram undan:

Náið samráð við borgarbúa

SKIPULAGSMÁL Aðalskipulag Reykjavíkur verður unnið í nánú samráði við borgarbúa og áhersla lögð á þverpólítiska sátt. Þetta er meðal þess sem fram kom á kynningarfundum um endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkur í gær.

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, leggur áherslu á að aðalskipulag sé sá grunnur sem skipulag borgarinnar byggir á og ekki eigi að breyta nema nauðsyn krefji. Því hafi verið lögð áhersla á að aðalskipulagið sé unnið í nánú samráði við borgarbúa og um það ríki þverpólítísk sátt, en fulltrúar úr öllum flokkum sátu í stýrihópnum. Júlíus boðar fundaröð



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON Hann vill að aðalskipulag borgarinnar verði unnið í nánú samstarfi við borgarbúa.

í öllum hverfum Reykjavíkur, þar sem íbúar geta reifað sín sjónarmið um skipulagsmál í hverfinu.

Spurður um afdrif Reykjavíkurflugvallar segir Júlíus ekki vilja leggja af stað með fastmótaðar

hugmyndir í þeim efnum, en ljóst sé að létt hafi á þrýstingi í þeim efnum þar sem hægt hafi á uppbyggingu í borginni. Þá verði þau nýmæli í endurskoðuðu aðalskipulagi að skýr viðmið verði sett um hæð húsa í borginni.

Að sögn Júlíusar mun undirbúningsvinnan standa fram í febrúar og tillaga um nýtt aðalskipulag líta dagsins ljós í framhaldi af því. Hann á þó ekki von á að tillagan verði samþykkt á þessu kjörtímabili en vonandi ekki síðar en næsta sumar eða haust. Nánari upplýsingar um endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur má finna á nýopnuðum vef, aðalskipulag.is. - bs

Tæplega tvítugur ákærður:

Manndráp af gáleysi fyrir dóm

DÓMSMÁL Tæplega tvítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot á Fáskrúðsfirði.

Honum er gefið að sök að hafa aðfaranótt laugardagsins 16. maí síðastliðinn ekið bifreið undir áhrifum áfengis, án ökuréttinda og of hratt miðað við aðstæður. Hann missti stjórn á bifreiðinni í krappri beygju þannig að hún fór út af veginum og síðan margar veltur. Farþegi sem sat í aftursæti hennar hlaut það mikla áverka að hann lést nær samstundis. Sá sem ók hefur játað sök. - jss

Þriðji dagur þings BSRB:

Nýr formaður kjörinn í dag

FÉLAGSMÁL Fjögur gefa kost á sér til embættis formanns BSRB en kjörið fer fram á þingi bandalagsins í dag.



SNORRI MAGNÚSSON

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, bættist í hóp frambjóðenda á þriðjudagskvöldið en áður höfðu Arna Jakóbína Björnsdóttir,

formaður Kjalar, Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, og Elín Björg Jónsdóttir, formaður FOSS, lýst yfir framboði.

Nýr formaður tekur við af Ögmundi Jónassyni sem gegnt hefur embættinu frá 1988. - bps

Sjálfstæðismenn í Reykjavík:

Prófkjör fyrir kosningar til borgarstjórnar í janúar



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR Búast má við að borgarstjóri verði meðal frambjóðanda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.

STJÓRNMÁL Prófkjör sjálfstæðismanna fyrir borgarstjórnarkosningar næsta vor verður haldið 23. janúar á næsta ári. Að því er segir í tilkynningu frá Sjálfstæðisflokki verður nokkur nýbreytni í framkvæmd prófkjörsins. Frambjóðendur séu beðnir að láta ekki kostnað fara yfir 1,5 milljónir króna og að nýta sameiginlega kynningu. Prófkjörið verði á einum degi en ekki tveimur eins og síðustu skipti.

„Sameiginleg kynning frambjóðenda felur í sér að þeir hafa aðgang að sérstökum prófkjörsvef þar sem þeir geta kynnt sig og sínar áherslur. Þá munu þeir geta haft vinnuástöðu í Valhöll og boðið til sín áhugasömum kjósendum til skrafs og ráðagerða,“ segir í tilkynningu. - gar



KVÓTALEIGA Aflaheimildir í ýsu og ufsa voru mikið skertar frá síðasta ári. Eftirspurn eftir leiguvóta í þessum tegundum hefur stórkvæmt og verðið þrefaldast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

Dagskrá fjármálakvölda í október og nóvember

22. október	Aðalbanki	Fjármálaskilningur
29. október	Mjódd	Fjármál heimilisins
5. nóvember	Ísafjörður	Fjármál heimilisins
12. nóvember	Akranes	Fjármál heimilisins
19. nóvember	Hamraborg	Fjármál heimilisins

Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.



FJÁRMÁLARÁÐGGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000



Þrefalt dýrara að leigja ýsu- og ufsakvóta

Alls hafa meira en 65.000 tonn af aflaheimildum á bolfiski skipt um hendur það sem af er fiskveiðiárinu. Búið að leigja meira en þriðjung af ufsakvótanum.

FISKVEIÐAR Stóraukin eftirspurn er eftir leiguvóta, einkum ufsa- og ýsukvóta en útgefnar aflaheimildir beggja tegundanna voru skertar mikið við upphaf þessa fiskveiðiárs.

Sú eftirspurn kemur fram í stórhækkun verði á leiguvóta, sem hefur meira en þrefaldast frá sama tíma á síðasta ári.

Þann 21. október á síðasta ári var meðalverð á ýsukvóta um 40 krónur en í gær var verðið 150 krónur á hvert kíló. Í fyrradag seldist aflamark á ufsa fyrir um 70 krónur hvert kíló en var um 17 krónur á sama tíma á síðasta ári.

Leyfilegur heildaraflí ufsa er nú 50.000 tonn. 17.888 tonn hafa verið flutt milli skipa óskyldra aðila, eða rúmur þriðjungur aflaheimilda. Á síðasta ári mátti veiða 65.000 tonn af ufsa. Viðskipti hafa átt sér stað með 13.680 tonn af ýsukvóta. Þar er útgefinn kvóti 63.000 tonn. Á síðasta ári mátti veiða 93.000 tonn af ýsu.

Fyrstu sjö vikur fiskveiðiársins, það er frá 1. september til 20. október, voru alls 69.395 tonn af aflaheimildum í bolfiski, humri og úthafsækju flutt á milli skipa, samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu. Það er nokkru minni kvótaleiga en á síðasta ári þegar rúm 81.000 tonn voru leigð milli skipa fyrstu sjö vikur fiskveiðiársins.

Heimilt var að veiða 162.500 tonn af þorski á síðasta ári en í ár er leyfður heildaraflí 150.000 tonn. Verð á leiguvóta í þorski hefur hækkað talsvert milli ára, miðað við stikkprufur Fréttablaðsins, tekur af vef Fiskistofu. Hinn 21. október 2008 var meðalverð 238 krónur á kíló af þorskafلامark. Verðið var um 260 krónur að meðaltali í gær og hefur verið á bilinu 250 til 270 krónur flesta daga undanfarnar sjö vikur. Meðalverð var yfirleitt 200-240 krónur í upphafi fiskveiðiársins í fyrra. Alls hafa 15.262 tonn af þorskkvóta verið leigð milli skipa óskyldra aðila það sem af er fiskveiðiárinu, sem er rúmlega tíu prósent aflaheimildanna.

Af öðrum tegundum hefur hlutfallslega mikið verið leigt milli skipa af keilu, skötusel, steinbít og löngu.

Skötuselskvótinn er nú 2.500 tonn en viðskipti hafa átt sér stað með 1.043 tonn. Að auki skiptu 24 tonn af skötuselskvóta um hendur í viðskiptum í gær og var meðalverðið þar 272 krónur á kíló. Á sama tíma á síðasta ári var leiguverð á skötusel um 110 krónur. Þá hafa 3.017 tonn af 5.500 tonna keilukvóta skipt um hendur. Verðið er nú um 40 krónur en var um 25 krónur á kíló á síðasta ári.

peturg@frettabladid.is

GUL, GRÆN, GALA, RAUÐ STARK. FUJI OG MODY

EPLADAGAR!

129
kr/kg

TILBOÐ

Ódýrt að versla!

GODI

HAMBORGARAR 2x175g

398 kr/pk
~~568~~ kr/pk



30%
afsláttur



GODI

LAMBASÚPUKJÖT, BLANDAÐ

496 kr/kg
~~689~~ kr/kg

28%
afsláttur



GODI

GRÍSAHNAKKI

1.379 kr/kg
~~2.298~~ kr/kg

40%
afsláttur



30%
afsláttur

KJÖTSEL

BAYONNESKINKA

1.329 kr/kg
~~1.898~~ kr/kg



30%
afsláttur

KJÖTSEL

KREBENETTUR Í RASPI

909 kr/kg
~~1.298~~ kr/kg



30%
afsláttur

GODI

KJÚKLINGABRINGUR, 3 stk.

1.399 kr/kg
~~1.998~~ kr/kg

CALYPSO, 100% APPELSÍNUSAFI
án allra aukaefna, 200ml

59 kr/stk.



BATCHELORS NÚÐLUR

99 kr/stk.



JOHNSON'S BABY BLAUTKLÚTAR
64 stk.

298 kr/pk.
~~359~~ kr/pk.



Tilboðin gilda 22. - 25. október eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

www.markhonnun.is

Birt með fyrirmæra um þennan hlut



MINNAST UPPREISNAR Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, og yfirmaður í pólska hernum lögðu í gær blómsveig við minnisvarða um uppreisnina í Varsjárgettóinu 1943. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Margvíslegar skoðanir uppi um möguleg afdrif frumvarps um persónukjör:

Fyrir kjósendur en ekki flokka

ALPINGI Enn er óvíst hvort frumvarp um persónukjör verður að lögum í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar næsta vor.

Frumvarpið var lagt fram í sumar en dagaði uppi. Það hefur ekki verið lagt fram að nýju en er á þingmálaskrá dómsmálaráðherra.

Siv Friðleifsdóttir Framsóknarflokki spurðist fyrir um málið á þingi í gær. Vakti hún athygli á að fram undan væru tvö prófkjör sem væru í raun óþörf ef persónukjör yrði leitt í lög.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir Samfylkingunni sagði koma til greina að veita þeim sveitarfélögum sem það kjósa sjálfðæmi um



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR Vill að persónukjör verði innleitt í kosningalög-gjöfina fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

að efna til persónukjörs. Þeirri leið mótmælti Vigdís Hauksdóttir Framsóknarflokki; sömu lög og reglur þyrftu að gilda alls staðar.

Valgerður Bjarnadóttir Samfylkingunni sagði nauðsynlegt að málið kæmi fyrir þingið. „Það er fyrir kjósendur en ekki flokka,“ sagði hún og bætti við að í góðu lagi væri þótt það yrði afgreitt seint, jafnvel bara rétt fyrir jól, og allt í lagi þó að flokkar héldu prófkjör áður því einhvern veginn verði þeir að fá fólk til framboðs.

Gunnar Bragi Sveinsson Framsóknarflokki sagði það sína skoðun að best væri að fresta málinu. Of stutt væri til kosninga og kvaðst hann vita af áhyggjum sveitarstjórnarmanna af framkvæmdinni ef stutt væri milli samþykktar málsins og kosninga. - bps

Norðmaður fyrir rétt í Ósló:

Fjármagnaði hryðjuverk

ÓSLÓ, AP Fertugur Norðmaður fæddur í Sómalíu er fyrsti Norðurlandabúinn ákærður fyrir brot á norskum lögum um bann við fjármögnun hryðjuverka frá 2002.

Maðurinn er sakaður um að hafa látið sem nemur 4,4 milljónum íslenskra króna renna til sómölsku öfgasamtakanna al-Shabaab. Saksóknari segir brot mannsins hafa átt sér stað á árunum 2007 og 2008.

Nafn mannsins hefur ekki verið gefið upp og gengur hann laus fram að réttarhöldum. Verði hann fundinn sekur gæti beðið hans tuttugu ára gælsi. Málið verður tekið fyrir á næsta ári. - óká

Gullaldarárin á Sögu!

1959-1965



Rokkið lifir

Raggi Bjarna

Lúdó & Stefán

Garðar Guðmundsson

Munið eftir árunum í Þórskaffi, Röðli, Vetrargarðinum og Glaumbæ! ...og ekki gleyma gamla góða rúntinum...

Í Súlnasal Hótel Sögu

Fyrsta vetrardag 24. október 2009

Ball kr. 1.800 - Matur og ball kr. 6.500

Húsið opnar fyrir matargesti kl. 19 - borðhald hefst 19:30 - opnað fyrir aðra gesti kl. 21

Dansað frá 22-02

Upplýsingar og borðapantanir: sími 893 3836
jonsist@simnet.is sími 857 9192
vertinn@simnet.is



SEGJA FRAMTÍÐ BJARTA Thomas Schmidt-Mumm, aðstoðarforstjóri yfir Norður- og Mið-Evrópu, og Andrew Gordon, yfirmaður markaðsrannsóknna hjá Airbus, kynntu tuttugu ára spá Airbus um þróun í flugiðnaði, auk stöðu og horfa hjá félaginu sjálfu, á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Töluverð þörf á endurnýjun

Næstu tuttugu ár spáir Airbus því að Norðurlönd þurfi yfir 400 nýjar flugvélar og ætlar sér helmingshlut í aukningunni. Hún er vegna endurnýjunar.

SAMGÖNGUR Flugfélög á Norðurlöndunum þurfa 404 nýjar farþegaflugvélar með yfir 100 sæti næstu tuttugu árin, frá 2009 til 2028, samkvæmt nýjustu markaðsspá flugvélaframleiðandans Airbus. Fulltrúar félagsins kynntu spána í fyrsta sinn hér á landi í gær.

Þörf fyrir nýjar vélar er að stærstum hluta til komin vegna endurnýjunar á eldri vélum sem verður skipt út fyrir vistvænni flugvélar. Þá spáir Airbus áframhaldandi vexti í flugiðnaði, en flugumferð hefur til þessa tvöfaldast á hverju fimmtán ára tímabili. „Og sú þróun heldur áfram,“ segir Andrew Gordon, yfirmaður markaðsrannsóknna hjá Airbus. Hann bendir jafnframt á að töluverður uppgangur hafi verið í flugiðnaði á Norðurlöndum síðustu ár, en á þessu ári sé flugumferð til og frá Norðurlöndum 35 prósentum meiri en árið 2000.

Spá Airbus nær til heimsins alls, en samkvæmt henni mun uppgangur í Asíu, þar sem hvað mestum hagvexti er spáð, verða til þess að breyta nokkuð goggunnarröð þeirra svæða þar sem mest er flogið. Núna eru Bandaríkin í fyrsta sæti með 31 prósent flugumferðar, Evrópa í öðru sæti með 28 prósent og Asía í þriðja með 26 prósent. Árið 2028 telur Airbus hins vegar að Asía

verði komin í fyrsta sætið með 33 prósent, Evrópa haldi öðru sætinu með 26 prósent og Bandaríkin falli í þriðja með tuttugu prósent hlut.

„Þótt tímar séu erfiðir um þessar mundir störfum við í vaxtargeira,“ áréttar Thomas Schmidt-Mumm, aðstoðarforstjóri Airbus í Norður- og Mið-Evrópu. Hann notar tækifærið til funda með fulltrúum flugfélaga hér og kveður Airbus í reglulegu sambandi við þau, þótt Boeing sé ráðandi í markaðshlutdeild hér á landi.

Airbus ætlar sér væna sneið spáðrar aukningar, en Andrew Gordon segir stefnt á helmingshlutdeild. Núna er félagið með 24 prósent markaðshlutdeild á Norðurlöndum. Árið 1990 var hlutur félagsins tvö prósent.

Í markaðsspá Airbus kemur fram að á spátímabilinu fjölgi farþegaflugvélum fyrir fleiri en hundrað farþega á Norðurlöndum um meira en fimmtíu prósent, fari úr 319 upp í 488 vélar. Af þeim sem þegar eru í notkun verði 235 teknar úr umferð, 75 verði nýttar annars staðar og níu verði áfram í notkun.

Heildarmarkaðsvirði endurnýjunar og breytinga yfir í vistvænni vélar sem taka yfir 100 farþega er áætlað 38,7 milljarðar Bandaríkjadala, eða rúmlega 4.720 milljarðar króna. olíkr@frettabladid.is




PARF AÐ STÆKKA LETRIÐ?

Lestur er lífsgæði. Stækkunargler, sterk lesglæraugu og margs konar tækni gagnast þeim sem vilja njóta þess áfram að lesa þó að sjónin hafi versnað.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblindu einstaklinga úthlutar sjónhjálpartækjum og veitir ráð um notkun þeirra. Nánari upplýsingar og fróðleikur í síma 54 55 800 og á www.midstod.is



Flotastærð





Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

Windows® 7

VIÐ ERUM TILBÚNIR!



Örugg Windows 7 innleiðing

3 daga námskeið fyrir kerfisstjóra sem vilja afla sér upplýsinga um Windows 7 stýrikerfið. Á námskeiðinu er kennd innleiðing og uppfærsla (upgrade and migrate) í Windows 7. Einnig er kennt hvernig á að stilla Windows 7 (network connectivity, security, maintenance, and mobile computing).

Þetta námskeið er undirbúningur fyrir 70-680 prófið sem gefur eftirfarandi gráðu:
MCTS: Windows 7 Configuring.

Almennar upplýsingar:

Lengd námskeiðs: 3 dagar frá kl. 9:00 - 16:00

Staðgreiðsluverð: 147.000 eða 3 MS leyfis dagar (með námsbókum og veitingum).

Kennsludagar og tími: Námskeið 1: 2-4 nóvember. Námskeið 2: 2-4. desember.

Kennari námskeiðsins:



Hjörleifur Kristinsson er einn reyndasti Microsoft ráðgjafi landsins. Hann hefur starfað hjá Opnum kerfum í 13 ár og er hlaðinn gráðum frá Microsoft, HP og VMware.

Hann hefur sinnt ráðgjöf og þjónustu hjá flestum af stærstu fyrirtækjum landsins og hefur yfirgripsmikla reynslu af innleiðingu og rekstri grunnkerfislausna hjá kröfuhörðum viðskiptavinum.



Windows 7 notendanámskeið

Hjá NTV er tilbúin ný kennslubók fyrir Windows 7 þar sem farið er ítarlega yfir grunnatriði Windows 7 stýrikerfisins og sérstök áhersla lögð á þá þætti sem tengjast almennri notkun, s.s:

- Meðhöndlun glugga og forrita, ræsihnappurinn (Start)
- Verkreinin (Taskbar) og forritavalmyndin
- Afritun og vistun gagna, stjórnun útprentunar
- Notkun algengra forrita sem fylgja Windows m.a. öryggisforrit og fleira
- Uppsetning forrita
- Skráarvinnsla með Windows Explorer

Almennar upplýsingar:

Lengd námskeiðs: 3,5 klst. Frá kl. 9:00 - 12:30

Staðgreiðsluverð: 8.900

Val er um 3 námskeið: 5. nóv., 24. nóv. eða 8. des.

OPIN KERFI

Microsoft
CERTIFIED
Partner
Learning Solutions



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.NTV.IS

*Fatnaður og skór
á alla fjölskylduna*



**TAX FREE
DAGAR**

ALLIR SKÓR!

Skóaðu þig upp! Skór á alla fjölskylduna án virðisaukaskatts 22.-25. október.

ALLUR FATNAÐUR!

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær



TAX FREE

DAGAR

Dagana 22.-25. október afnenum við
VSK af ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM.

Þú færð allan dömu-, herra og
barnafatnað, undirföt, sokka,
sokkabuxur og skó án
virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 25. október 2009.

50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga 150 ár

FRÉTTASKÝRING: Icesave

Langri sögu samninga er að ljúka

Nú sér fyrir endann á Icesave-málinu, samþykki Alþingi nýtt frumvarp um ríkisábyrgð. Ljóst er að enginn er himinlifandi með þá niðurstöðu sem liggur fyrir þingi; sumir telja okkur einfaldlega ekki komast lengra með samninginn. Það er kannski að æra óstöðugan að ætla að rifja feril málsins upp, slíkt hefur greinafarganið um það verið, en sagan skiptir máli.

Fáir frasar munu sennilega lifa lengur í þjóðarsálinni en tæra snilldin hans Sigurjóns Þ. Árnasonar, bankastjóra Landsbankans. Í samtali við Markaðinn, fylgirit Fréttablaðsins, í febrúar 2007, lýsti hann Icesave-reikningnum sem bankinn hafði stofnað í Bretlandi haustið áður sem tærris snilld. Því var lýst hvernig hann hlæjandi hringdi til að athuga stöðuna: „Það bættust við fimmtíu milljónir punda bara á föstudaginn.“ Fáum er hlátur í hug nú, 1.244 milljörðum króna síðar, þegar ljóst er að landsmenn þurfa að borga snilldina, sem þótti svo mikil að í maí 2009 var Icesave opnað í Hollandi.

En Adam hinn hollenski var ekki lengi í paradís því innan við fimm mánuði eftir að hollenskir sparfjáreigendur flyktust að Icesave var Landsbankinn allur, Nýi Landsbankinn búinn að taka yfir innlendar eignir og óljóst hvað yrði um þær erlendu. Þar með hófst Icesave-hildurinn sem loks sér fyrir endann á. Eða hvað?

Það var þá

Bretar voru uggandi um eitur sínar á Icesave-reikningunum og 8. október frystu þeir allar eignir Landsbankans í Bretlandi. Ísland og íslenskar fjármálastofnanir voru flokkaðar með hryðjuverkamönnum. Óhætt er að segja að íslenskir stjórnmálamenn hafi tekið það óstínt upp; hver á fætur öðrum lýstu þeir vantrú sinni og

óbeit á aðgerðum Breta. Að vinaþjóð skyldi koma svona fram við okkur. Stjórnarandstaðan, með Steingrím J. Sigfússon í broddi fylkingar, sagði aldrei verða samið við slíkar aðstæður. Sá tónn átti eftir að breytast þegar hann komst til valda.

Ríkisstjórnin hins vegar lýsti sig við ýmis tækifæri reiðubúna til samninga. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sendi bréf þess efnis og ráðuneytisstjórnar skrifuðu fyrir hönd Íslands undir yfirlýsingu við Hollendinga um að skuldin yrði greidd. Á tíu árum með 6,7 prósentu vöxtum. Íslensk stjórnvöld sögðu samninginn þó ekki bindandi, enda aðeins yfirlýsing um sameiginlegan skilning. Stjórnin sagðist einnig óbundin af samþykki Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra um að leggja málið fyrir gerðardóm. Stjórnin studdi ráðherrann ekki í því, þótt hann hefði jáknað slíkri lausn á fundi fjármálaráðherra í Brussel.

Ríkisstjórnin taldi ráðlegast að semja, þrátt fyrir hryðjuverkalögin sem enn voru í gildi. Stjórnarþingmenn sögðu ekki hægt að standa fast á dómstólaleiðinni, þó að margir þeirra telji hana núna einu leiðina. 5. desember samþykkti Alþingi að fara í viðræður.

Miðsumarþing

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna tók upp þráðinn frá þeirri fyrri og hélt samningaviðræðum áfram. Nýju fólki fylgdi ný nefnd og sá gamli refur úr pólitíkinni, Svavar Gestsson, var leiddur til forystu í henni. Valið hefur verið gagnrýnt: Var Svavar of tengdur stjórnarmálunum til að teljast embættismaður þrátt fyrir að vera sendiherra? Og ef hann telst stjórnmálamaður, af hverju fékk stjórnarandstaðan þá ekki sína fulltrúa? Þá hefur löngum verið gagnrýnt að málið skyldi ekki tekið upp á æðsta stig stjórnmálanna; að forsætisráðherra hitti kollega sína til ráðslags.

Eftir langar og strangar samningaviðræður skrifaði Svavar undir samning fyrir Íslands hönd 5. júní, með fyrirvara um samþykki Alþingis um ríkisábyrgð. Og hafi einhver haldið að málinu væri þá lokið skjóplaðist honum.



ICESAVE-KYNSLÓÐIN? Er þetta kynslóðin sem mun Icesave erfa eða standast spádómar stjórnvalda um að málinu ljúki fyrir 2024? Fá mál hafa lagst jafn þungt á þjóðarsálinu og tæra snilldin hans Sigurjóns.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við tóku langar og strangar umræður á sumarþinginu. Yfirlýsingar gengu á báða bóga, stjórnin virtist vera fallin, vangaveltur um stuðning ráðherra við málið. Var um landráð eða slynga samningatækni að ræða? Hiti og þungi vinnunnar lenti á fjárlaganefnd og segja má að brotið hafi verið blað í störfum þingsins. Stjórn og stjórnarandstaða störfuðu saman. Á endanum voru það þó aðeins

stjórnarþingmenn sem greiddu málinu atkvæði sitt.

Fyrirvararnir

Frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave var samþykkt á Alþingi 28. ágúst. Í lögnum voru fjólmargir fyrirvarar við ábyrgðina, svo margir að sumir töldu um nýja samninga að ræða. Í þeim hópi voru Bretar og Hollendingar sem settust aftur að samningaborðinu, nú um fyrirvarana.

Þó að öllum hafi verið í mun að ljúka samningum þarf engum blöðum um það að fletta að viðsemjendum Íslendinga þótti þeir fullloft

skipta um skoðun. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að afturhvarf frá stuðningi við gerðardóminn sem Árni Mathiesen vildi, frá samkomulagi við Hollendinga um greiðslu á 6,7 prósentu vöxtum og ítarlegir fyrirvarar við gerðan samning; allt þetta hafi setið töluvert í Bretum og Hollendingum.

Engu að síður töldu stjórnvöld samningana ganga vel. Fréttir bárust af því að hver af öðrum væru fyrirvararnir samþykktir. Mikil fundarhöld stóðu yfir, embættismenn hittust og fjármálaráðherra sat ófáa fundi um málið.

Þegar upp stóð segir ríkisstjórnin aðeins tvo fyrirvara standa út af. Gallinn er sá að það eru fyrirvarar sem stjórnarandstaðan segir þá allra mikilvægustu; að ekki þurfi að greiða lengur af lánum en til 2024 og skýlaust ákvæði um að Íslendingar dragi lögmæti kröfunnar í efa.

Ekkert gefið eftir

Ríkisstjórnin skrifaði undir samkomulagið 18. október og daginn eftir var frumvarpi um málið útbýtt á þingi. Af viðbrögðum stjórnarandstöðu við umleitan um afbrigði til að hægt væri að taka málið fyrr á dagskrá að dæma, er ljóst að ekkert verður gefið eftir. Yfirlýsingar forystumanna stjórnarandstöðuflokkanna hafa enda gefið það til kynna.

Fá mál hafa snert jafnmikið við þjóðarsálinni og Icesave. Skyldi engan undra; fólkinu sviður að þurfa að greiða skuldir sem hún átti engan þátt í að stofna til. Brigsl um landráð og svik eru algeng og allir hafa selt æru sína að mati andstæðinganna.

Reynt hefur á samstöðu annarra þjóða með Íslendingum og þykir Frónbúum þeir illa sviknar í þeim viðskiptum. Vinaþjóðirnar yfirgáfu okkur hver af annarri, utan Færeyinga sem gleyma aldrei vinum í neyð.

Ljóst þykir að meirihluti er fyrir málinu á Alþingi. Jafn ljóst er að stjórnarandstaðan mun ekki gefa neitt eftir. Því sér fyrir endann á formlegri afgreiðslu málsins. Sárið á þjóðarsálinni mun þó traoula gróa í bráð.



FRÉTTASKÝRING
.....
KOLBEINN
ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

STÓRBROTID LÍF
FRUMKVÖÐULS



Tónskáldið Jón Leifs er einn litríkasti og umdeildasti listamaður Íslendinga á 20. öld og meðal okkar merkustu frumkvöðla á tónlistarsviðinu.



Vönduð og spennandi ævisaga eftir tónlistarfræðinginn
ÁRNA HEIMI
INGÓLFSSON

Útgáfuhóf vegna bókarinnar
verður haldið á Súfistanum,
Laugavegi 18, í dag kl. 17.
Allir velkomnir.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



exquisit

- Ódýr og endingargóð þvottavél með 1000 snúninga vinduhráða
- ✓ 1000 sn. stillanlegur vinduhráði
 - ✓ Tekur allt að 6 kg. af tauti
 - ✓ Hrað-, ullar- og blettakerfi
 - ✓ Seinkun á gangsetningu möguleg 0-23 klst.
 - ✓ Stórt hurðarop
 - ✓ Tímaskjár
 - ✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
 - ✓ Þriggja ára ábyrgð
 - ✓ Verð áður kr 94.900

6 KG
1000 SNÚNINGA



ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 79.900

ZANUSSI

- Einföld og vönduð þvottavél með notendavænu stjórnborði og stóru hurðaropi
- ✓ 1200 sn. stillanlegur vinduhráði
 - ✓ Tekur allt að 5 kg. af tauti
 - ✓ Hraðval
 - ✓ Aqua Lift þvottatækni
 - ✓ Seinkun á gangsetningu möguleg 3, 6 eða klst.
 - ✓ Stórt hurðarop
 - ✓ Stórt 30 cm hurðarop
 - ✓ Handþvottakerfi og ullarkerfi
 - ✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
 - ✓ Þriggja ára ábyrgð
 - ✓ Verð áður kr 114.900

5 KG
1200 SNÚNINGA



ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 99.900

Electrolux

- Mest seldi þvottavélin okkar. Ótrúlega **lág bilanatiðni**. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni.
- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhráði
 - ✓ Tekur allt að 6 kg. af tauti
 - ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
 - ✓ Seinkun á gangsetningu möguleg 0-23 klst.
 - ✓ Stórt hurðarop
 - ✓ Tímaskjár
 - ✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
 - ✓ Sérstaklega notendavænt stjórnborð
 - ✓ Þriggja ára ábyrgð
 - ✓ Verð áður kr 129.900

6 KG
1400 SNÚNINGA



ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 109.900

AEG

- Sérstök afmælisútgáfa í tilefni 50 ára afmæli AEG Lavamat. Afar vel búin vél með **kolalausum mótör**.
- ✓ 1400 sn. hraðþvottavél með stafrænu stjórnborði og skjá
 - ✓ Tekur allt að 7 kg. af tauti
 - ✓ **Kolalaus mótör** - sparar tíma, endist lengur og er hljóðlátari
 - ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður
 - ✓ Seinkun á gangsetningu möguleg 0-23 klst.
 - ✓ Stórt hurðarop
 - ✓ Fuzzy Logic þvottatækni
 - ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
 - ✓ Þriggja ára ábyrgð
 - ✓ Verð áður kr 169.900

7 KG
1400 SNÚNINGA

AEG TOPP MÓDEL
★★★★★



Kolalaus mótör!

ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 139.900

SPARAÐU NÚNA!

ÞVOTTA DAGAR



7 KG

ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 84.900

Electrolux

- Barkapurkari með fullkomnum rakaskynjara og allt að 7 kílóa hleðslugetu
- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður töluverður með rakaskynjara
 - ✓ Kerfi fyrir viðkvæman og venjulegan þvott
 - ✓ Stór lúga 43x33 cm
 - ✓ Krumpuvörn og niðurkæling
 - ✓ Snýst til beggja átta
 - ✓ Hljóðmerki í lokin
 - ✓ Mörg sérkerfi
 - ✓ Þriggja ára ábyrgð
 - ✓ Verð áður kr 99.900



Með rakaskynjara

ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 119.900

AEG

- Frábær heimilisvél með 6 kílóa hleðslugetu, Fuzzy Logic þvottatækni og hraðvali
- ✓ 1200 eða 1400 sn. vinduhráði
 - ✓ LCD skjár sem sýnir tímalengd
 - ✓ Hraðval - allt að 50% styttri tími
 - ✓ Tekur allt að 6 kg. af tauti
 - ✓ Óflugt blettakerfi
 - ✓ Handþvottakerfi og ullarkerfi
 - ✓ Stórt 30 cm hurðarop
 - ✓ Fuzzy Logic þvottatækni
 - ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
 - ✓ Þriggja ára ábyrgð
 - ✓ Verð áður kr 134.900/144.900

6 KG
1200 SNÚNINGA

1400 SNÚNINGA



1200 SN.
ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú 109.900

1400 SN.
ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú 119.900

exquisit

- Einföld uppþvottavél með orkunýtni A og þvottagæði A
- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi og þvottakerfi
 - ✓ 4 hitastig 45-70°C
 - ✓ Tekur borðbúnað fyrir 12 manns
 - ✓ Hæðastillanleg efri þvottagrind
 - ✓ Niðurfellanlegar diskastoðir
 - ✓ Með toppplötu
 - ✓ Þriggja ára ábyrgð
 - ✓ Verð áður kr 94.900

A ORKA
A ÞVOTT



ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 79.900

AEG

- Hljóðlát uppþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni sem skynjar óhreinindi í vatni og aðlagar tíma, vatnþörf og hitastig eftir aðstæðum
- ✓ Aðeins 49 dB(A)
 - ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi, þvottakerfi og sparnaðarkerfi
 - ✓ 3xA einkunn f. orku/þvott/þurrkun
 - ✓ Mjög vönduð innrétting
 - ✓ Án toppplötu
 - ✓ Aqua Control vatnslekavörn
 - ✓ Þriggja ára ábyrgð
 - ✓ Verð áður kr 134.900

A ORKA
A ÞVOTT
A ÞURKK



ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 114.900

exquisit

- Mjó uppþvottavél, 45 cm breið. Tekur borðbúnað fyrir 8 manns
- ✓ 6 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi og þvottakerfi
 - ✓ 4 hitastig 45-70°C
 - ✓ Vatnslekavörn
 - ✓ 3xA einkunn fyrir orkunýtni þvottagæði og þurrkun
 - ✓ Með toppplötu
 - ✓ Þriggja ára ábyrgð
 - ✓ HxBxD: 85x45x58 cm
 - ✓ Verð áður kr 94.900

45 CM BREIÐ
A ORKA
A ÞURKK
A ÞVOTT



ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 79.900



ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú 54.900

exquisit

- Lítill og nett borðuppþvottavél sem tekur borðbúnað fyrir allt að 4
- ✓ 3 þvottakerfi / 2 hitastig
 - ✓ HxBxD: 44x57x50 cm
 - ✓ Þriggja ára ábyrgð
 - ✓ Verð áður kr 64.900

OPIÐ ALLA HELGINA

Rafha

Opið
virka daga 10-18
laugardaga 11-16
sunnudag 13-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

ÞVOTTI DAGAR



TILBOÐSVERÐ 15% afsláttur



af öllum einstökum þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum

LAVAMAT 62840



NÝJA PARIÐ

AEG þvottavél
1200 snúninga · 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Íslenskar leiðbeiningar

Listaverð: 244.800,- parið
TILBOÐSVERÐ:
Kr. 195.900,- PARIÐ

LAVATHERM T55460



AEG þurrkari
Barkalaus · Tekur 6 kg.
Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur
Íslenskar leiðbeiningar

HÉR SPARAR ÞÚ
KR. 48.900,-

LAVAMAT 64851



ÍSLENSKA PARIÐ

AEG þvottavél
1400 snúninga · 7 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.
ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

Listaverð: 308.800,- parið
TILBOÐSVERÐ:
Kr. 246.900,- PARIÐ

LAVATHERM 56740



AEG þurrkari
Barkalaus · Tekur 7 kg.
Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur
ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

HÉR SPARAR ÞÚ
KR. 61.900,-

LAVAMAT 62840



AEG þvottavél
1200 snúninga · 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Íslenskar leiðbeiningar

TILBOÐSVERÐ:
Kr. 105.900,-

„Algjör himnasending!“



FAVORIT 40370U-W

AEG uppþvottavél
Hljóðlát vél aðeins 49db · TURBO-þurrkun, þurrkar með heitum blæstri · Taumagn: 12 manna stell · 5 þvottakerfi · Orkunýtni: A · Þvottahæfni: A · Þurrkhæfni: A · Íslenskar leiðbeiningar

TILBOÐSVERÐ:
Kr. 113.900,-

EH-DI 8525



Elektro **EH** Helios

Elektro Helios uppþvottavél

Fyrir 12 manna stell
Hljóðlát vél 49db
TURBO-þurrkun
þurrkar með heitum blæstri
Orkunýtni: A · Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A
Íslenskar leiðbeiningar

TILBOÐSVERÐ:
Kr. 99.900,-

Gerðu hreinlega góð kaup!

ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751

ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000

ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038

ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900

ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



268
K.S FROSIN LAMBASVIÐ **268 kr.kg.**



598
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR **598 kr.kg**



159
179 kr. 2 ltr.

FANTA 2 LTR. **159 kr.**



179
179 kr.

PEPSI MAX 2



159
BÓNUS NÝBAKAÐIR SNÚÐAR **159 kr.**



179
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ 770G **179 kr.**



839
SS SÆNSKAR KJÖTBOLLUR
MERKT VERÐ 1198 KR. 30% AFSLÁTTUR **839 kr.kg.**



398
KELLOGG'S SPECIAL K-BAR
6 STK **398 kr.**



298
DILETTO KAFFI: BAUNIR & MALAÐ
400G **298 kr.**



98
ILMERKTI Í DÓSUM **98 kr.**



398
K.F NÝTT KJÖTFARS
398 kr.kg.



595
KELLOGG'S KORNFLEKS
750G **595 kr.**



109
BRAZZI 1 LTR. **109 kr.**
APPELSÍNU OG EPLA.



109
SVALI 3 X 250ML **109 kr.**
APPELSÍNU OG EPLA VENJUL./SYKURLAUS.



259
MYLLU AFMÆLIS-SKÚFFUKAKA
380g **259 kr.**



1598
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1598 kr.kg.



498
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
498 kr.kg.



498
BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI
498 kr.kg.

BONUS BÝÐUR BETUR



AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 - 18.30

BONUS BONUS BONUS BONUS B



79

kr. 2 ltr.

litr. **179 kr.**

NÝTT Í BÓNUS



1698

PAMPERS BLEIUR SIMPLY DRY 1698 kr. 8-15% LÆGRA VERÐ
STÆRÐIR: JUNIOR 44 STK. MIDI 60 STK. - MAXI 50 STK. -

NÝTT Í BÓNUS



398

ATHENA BEAUTÉ 898 kr.
**RAKAGEFANDI NÆTURKREM-
 HRUKKEYÐANDI KREM**



898

HELEN HARPER BUXNABLEIUR
898 kr. pk. 8-13 kg. 22 stk.
12-18 kg. 20 stk - 16 kg+ 18 stk.



259

PAMPERS SIMPLY CLEAN BLAUTÞURRKUR
72 STK / 259 kr.



598

JOHNSON BARNASJAMPÓ
750ml 598 kr.



498

N.V NAUTABORGARAR
4 STK M.BRAUÐI 498 kr.



259

ÍTALSKT SALAT 100 GRÖMM 259 kr.



1598

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1598 kr.kg.



898

N.V FERSKT NAUTAHAKK
898 kr.kg.



1798

N.V FERSKT NAUTAPIPARSTEIK
1798 kr.kg.

BONUS BÝÐUR BETUR



AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 - 18.30

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 16

Velta: 140,3 milljónir

OMX ÍSLAND 6
809 **-0,15%****MESTA HÆKKUN**↑ **BAKKAVÖR ÖSSUR**15,38%
0,81%**MESTA LÆKKUN**↓ **MAREL FOOD SYS. FØROYA BANKI**0,88%
0,35%**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU:** Atlantic Petroleum 200,00 +0,00% ... Bakkavör 1,50 +15,38% ... Føroya Banki 141,00 -0,35% ... Icelandair Group 2,20 +0,00% ... Marel Food Systems 67,60 -0,88% ... Össur 124,50 +0,81%**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápur ...**Aumingja útlendingarnir**

Engilsaxneska og tvítýngi voru lykilorð þegar Ísland tók af fullum krafti þátt í alþjóðavæðingunni fyrir hrun. Þakgangurinn virðist annar í Nýja Íslandi, því sem tók við eftir hrun. Helstu einkenni þess að margra mati er ofuráhersla á innlent. Þeir erlendu gestir sem sátu ráðstefnu iðnaðarráðuneytis, Útflutningsráðs og Fjárfestingarstofu á Nordica hóteli í gær fengu að finna fyrir nýjum formerkjum. Á ráðstefnunni var fjallað um mikilvægi beinnar erlendar fjárfestingar hér, og voru öll erindi flutt á íslensku nema erindi þremmenninganna. Þeir höfðu því lítið að gera milli erinda annað en fylgjast hljóðir með og horfa þreyttum augum ofan í bringu.

Ókátir kröfuhafar

Kröfuhafar gamla Kaupþings voru ekki hressir eftir annars rólegan kynningarfund með skilanefnd bankans og bankastjórn nýja bankans í fyrradag. Kröfuhafarnir munu hafa fengið upplýsingar um stöðu bankans senda viku fyrir fundinn til kynningar. Þeir munu hafa rekið upp stór augu þegar þegar Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings, varpaði öðrum tölum á vegg en þeim sem fundargestir höfðu milli handanna. Ekki liggur fyrir hvort munurinn var einhverja milljarða í plús eða mínus.

**Gögnin komin upp á borðið**

„Engin ákvörðun hefur verið tekin um framhaldið,“ segir Jóhannes Rúnar Jóhannsson hjá skilanefnd Kaupþings um niðurstöðu bresks dómstóls frá í fyrradag að fjármálayfirvöld hafi mátt fletja innistæður af Edge-innlánsreikningum Kaupthing Singer & Friedlander (KSF) til ING. Í málinu var farið yfir aðdraganda þrots íslensku bankanna frá því Seðlabankinn tilkynnti um kaup á 75 prósentum í Glitni sem leiddi til þess að traust á íslenskum fjármálayfirvöldum þvarr og þar til KFS fór í þrot. Jóhannes segir markmiðið hafa verið þær að draga ástæður flutningsins fram í kastljósið og sé það í höfn.

Apple tekur fram úr Google

Gengi hlutabréfa í bandaríska hátæknifyrirtækinu Apple hefur verið á mikilli siglingu síðustu mánuði og raut tvö hundruð dala múrinn í annað sinn á jafnmörgum dögum í gær.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal segir jákvæðar afkomutölur fyrirtækisins í skugga fjármálakreppunnar ýta verði hlutabréfanna upp.

Markaðsverðmæti Apple nam við opnun markaða vestanhafs í gær 180 milljörðum dala, jafnvirði 22 þúsund milljarða íslenskra króna. Það er tæpum fjórum milljörðum dala meira en heildarverðmæti netleitarrisans Google. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem Apple tekur fram úr Google.

Gengi hlutabréfa Google raut tvö hundruð dala múrinn skömmu fyrir áramótin 2007 áður en lækkaði hratt eftir það og fór lægst í rúma 78 dali á hlut í byrjun þessa árs. Við opnun markaða í gær hafði það hækkað um 133 prósent.



STEVE JOBS Forstjóri Apple getur ekki verið annað en ánægður með fyrirtækið sem hann stofnaði ásamt öðrum árið 1976.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Álag á ríkið lækkar

„Skuldatryggingarálagið hefur verið að lækka víða síðustu mánuði. Það er í samræmi við minni áhættufælni á mörkuðum. Álagið á Ísland endurspeglar þróunina á erlendum mörkuðum auk þeirra aðgerða sem gripið var til eftir efnahagshrunið hér í fyrra,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka.

Skuldatryggingarálag ríkissjóðs hefur lækkað hratt síðustu daga, fór úr 410 punktum á föstudag í síðustu viku í 358 punkta í gær, samkvæmt gögnum CMA Datavision yfir þau tíu lönd sem talin eru í mestri hættu á þjóðargjaldþroti.

Álagið fór hæst í 1.473 stig í hruninu 10. október í fyrra.

Ingólfur bætir við að alþjóðleg matsfyrirtæki líti það jákvæðu augum að ná fram sátt í Icesave-málinu og að AGS ljúki við endurskoðun á efnahagsáætlun Íslands.

TÍU EFSTU LÖNDIN

Lönd	Skuldatryggingarálagið
Venesúela	1.023
Úkraína	1.120
Argentína	1.002
Lettland	563
Ísland	358
Litháen	312
Dúbaí	291
Líbanon	279
Kasakstan	240
Rúmenía	237

Heimild: CMA Datavision

Ísland er í fimmta sæti hjá CMA yfir þær tíu þjóðir sem taldar eru líklegar til að lenda í greiðsluerfiðleikum. CMA telur 22 prósent líkur á þjóðargjaldþroti hér samborið við 24 prósent fyrir viku.

- jab

EXPO - www.expo.is

Timbursala BYKO Breidd

PRÚTTI SALA

Prúttisala á girðingaeiningum, húsgögnum, blómapottum og Jungle Gym leiktækjum í timbursölu BYKO Breidd.

Vegna fjölda áskorana endurtökum við prúttisölu í aðeins þrjá daga! Fimmtudag, föstudag og laugardag

Nú eru allra síðustu forvöð að gera frábær kaup!

BYKO

Gólfefnaúrval í Múrbúðinni

– fyrir alla alltaf!

MÚRBÚÐARVERÐ



Granít grátt 45,7x45,7cm

4.390 kr. m²



Granít brúnt 45,7x45,7cm

4.390 kr. m²



Gólfflísar 3 litir 33,3 x 33,3cm

1.590 kr. m²




LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM




Vegg, hvít/grá, 10x10cm

2.390 kr. m²




Gólf, marmarabeige, 60x60cm

3.290 kr. m²



Gólf, Tibet, svört, 50x50cm

3.690 kr. m²





Bílskúrs/svala, grá 33,3x33,3cm

2.490 kr. m²




Veggflís, hvít glans 25x40cm

2.290 kr. m²



Vegg / gólfflísar, ljósgrá, beige og brún yrjótt 15x15cm

2.290 kr. m²




Veggflís, hvít 30x60cm

3.790 kr. m²



Vegg, ljósgrá/hvít, 20x20cm

1.890 kr. m²




Veggflís, hvít glans 15x15cm

1.450 kr. m²




Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14 mm

3.790 kr. m²



Comfort line plastparket, Beiki 121,5x194 mm

1.595 kr. m²



Comfort line plastparket, Eik 121,5x194 mm

1.595 kr. m²



Reykjavík Klettháls 7.
Opið virka daga kl. 8-18
laugard. 9-16



Suðurnes Fuglavík 18.
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. 10-14



Akureyri Furuvellir 15.
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. 10-14



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Rangfærslur leiðréttar

UMRÆÐAN

Baldur Guðlaugsson skrifar um verðbréfavíðskipti

Fréttablaðið birti í gær frétt þess efnis að ástæður þess að Fjármálaeftirlitið hafi í sumar ákveðið að endurupptaka athugun sem lauk í maí sl. á viðskiptum mínum með hlutabréf í Landsbanka Íslands í september 2008 séu annars vegar þær að Fjármálaeftirlitið hafi komist að því að upplýsingar um yfirvofandi fall íslensku bankanna hafi í mars 2008 verið kynntar á fundi í samráðshópi ráðuneyta og stofnana sem ég átti sæti í og hins vegar fundur sem ég sát ásamt fleiri fulltrúum Íslands með fjármálaráðherra Breta haustið 2008. Má skilja frétt blaðsins á þann veg að það hafi ekki verið fyrir en í sumar, eftir að athugun Fjármálaeftirlitsins á umræddum hlutabréfavíðskiptum lauk, sem Fjármálaeftirlitið komst á snoðir um tilvist umrædds sam-



BALDUR GUÐLAUGSSON

ráðshóps og um umræddan fund með fjármálaráðherra Breta! Af þessu tilefni skal eftirfarandi tekið fram:

1. Tilvist umrædds samráðshóps var ekki meira leyndarmál en það að um hann hafði verið gert samkomulag milli þriggja ráðuneyta, Seðlabanka og Fjármálaeftirlits sem greint var frá opinberlega á sínum tíma og var að finna á heimasíðu forsætisráðuneytisins. Fjármálaeftirlitið átti sem sé aðild að samráðshópnum

og þekkti því frá fyrstu hendi það sem þar fór fram. Samráðshópnum var ekki ætlað neitt eftirlits- eða stjórnsýsluhlutverk og þar voru ekki kynnt nein gögn um rekstur eða útlán einstakra banka.

2. Það er arlangt að samráðshópnum hafi í mars 2008 verið kynnt skýrsla erlends fjármála- stöðugleikasérfræðings um yfirvofandi fall bankanna. Sú skýrsla sem væntanlega er átt við var unnin í framhaldi af norrænni viðlaga- æfingu á sviði fjármálastöðugleika haustið 2007 sem Ísland tók þátt í, en slíkar æfingar fóru reglubundið fram víða um lönd og má líkja við nokkurs konar flugslysaæfingar. Umrædd skýrsla var af þessum meiði, þ.e. upplýstun sviðsmynda

um hugsanlega birtingarmynd og áhrif mögulegra erfiðleika hjá íslensku bönkunum. Skýrslan var kunn samráðshópnum og þar með Fjármálaeftirlitinu. Við athugun Fjármálaeftirlitsins var beinlínis horft til þeirra upplýsinga sem ég hefði haft vegna setu í umræddum samráðshópi.

3. Um fáa fundi sem ég hef setið hefur meira verið fjallað opinberlega en fund þáverandi viðskiptaráðherra og nokkurra íslenskra embættismanna með fjármálaráðherra Breta í byrjun september 2008. Er því varla hægt að ætla Fjármálaeftirlitinu það að því hafi ekki verið kunnugt um umræddan fund fyrr en sumarið 2009, ekki síst þar sem fulltrúi þeirra sat fundinn!

Margoft hefur komið fram að á þessum fundi var ekkert rætt um fjárhagsstöðu Landsbankans.

Höfundur er ráðuneytisstjóri.

ATHUGASEMD RITSTJÓRNAR

Í Fréttablaðinu var því hvergi haldið fram að endurupptaka málsins hefði byggst á því að Baldur hefði setið í umræddum samráðshópi, eða því að hann hefði setið umræddan fund í London, heldur að hún hefði byggst á nýjum upplýsingum tengdum setu hans í samráðshópnum. Lögreglurannsóknin á máli Baldurs beinist hins vegar í heild einkum að setu hans í hópnum og fundinum í London.

Aðstandendur sjúklunga

UMRÆÐAN

Kolbrún Ýr Rolandsdóttir skrifar um heilbrigðismál

Að vera aðstandandi sjúklings er krefjandi. Enginn getur verið almennilega undirbúinn undir það að fjölskyldumeðlimur greinist með slíkan sjúkdóm. Ákveðið



KOLBRÚN ÝR ROLANDSDÓTTIR

ferli fer í gang og í sumum tilfellum hefst það á skjótri reiði; mikil óvissa myndast, vitneskja um sjúkdóminn og lífslíkur eru kannski ekki miklar og forgangsröðun í lífinu gjörbreytt.

Það er því mikilvægt fyrir vini og vandamenn að veita nánustu aðstandendum andlegan stuðning. Að vita af hjálpi sem er í boði getur skipt sköpum, þó að fólk notfæri sér hana ekki endilega fyrst um sinn. Því að ef eitthvað kemur upp á, þurfi maki sjúklings t.d. hjálpi við að koma börnunum í skólann, hjálpi við að fylla út umsóknir eða jafnvel bara félagsskap, getur verið gott að vita að vilji fólks til að hjálpa sé til staðar. Það er mikil ábyrgð fólgin í að vera maki sjúklings. Viðkomandi þarf ekki einungis að vera maka sínum til staðar, fylgja honum í læknisskoðanir og annast heimilið, heldur þarf að gæta þess að hlúa líka að eigin heilsu, andlegri og líkamlegri.

Á heimilum alvarlega veikra sjúklunga þurfa allir að leggjast á eitt til að láta hlutina ganga upp en það er ekki auðvelt án utanaðkomandi hjálpar. Börn og unglingar þroskast mjög við þetta ferli og þurfa að verða mjög sjálfstæð á stuttum tíma en þau þurfa líka á andlegum stuðningi að halda. Því þyrfti sérfræðiaðstoð að standa aðstandendum til boða endurgjalds- laust. Ég skora á skólafólk að taka sérstakt tillit til barna og unglunga sem lenda í slíkum áföllum og einnig vinnustaði maka sjúklunga. Misjafnt er hvernig er tekið á svona málum, í mörgum tilfellum vantar skilning. Vinnustaður sjúklings sýnir oftan en ekki fullan skilning á veikindunum en vinnustaður maka getur verið ósveigjanlegur. Finni aðstandendur sjúklings sig í þessum aðstæðum, má t.d. benda á að félagsráðgjafar geta hjálpað við að halda utan um þau mál sem snúa að réttindum sjúklunga og aðstandenda þeirra.

Ég vil nýta tækifærið og hrósa félagsráðgjafa ráðgjafajónustu Krabbameinsfélagsins, Gunnjónu Unu Guðmundsdóttur, fyrir vel unnin störf í þágu fjölskyldu minnar.

Höfundur er meðstjórnandi í stjórn Ungra vinstri grænna.

LOKAHELGÍ

DÚNDURÚTSALA

SKEIFUNNI 17

Verðin niður úr öllu valdi!

Buxur

1.500,-

Jakkar

3.500,-

Toppar

1.500,-

Kjólar

1.500,-

Jóla kort á klink!

Aðeins 8.- 25. október
Opið 12 - 18 alla daga

next



oryggi.is



Hollráð gegn innbrotum

Verðmæti innandyrna

Ekki láta þá sem standa fyrir utan húsið sjá verðmæti eins og fartölvur, myndavélar og annað sem auðvelt er að koma í verð.

Fleiri hollráð gegn innbrotum er að finna á oryggi.is

Hringdu í **570 2400** og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!

NÁMSKEIÐ Í TÖLVUFÆRÐU BÓKHALDI



Nú býðst þér yfirgripsmikið námskeið hjá Landsteinum Streng í tölvufærðu bókhaldi sem er að mestu leiti niðurgreitt af Vinnumálastofnun (VMST) og þínu eigin stéttarfélagi!

Námskeiðið hefst 2. nóvember og verður kennt fyrir hádegi mánudaga til fimmtudaga í 4 vikur.

Helstu þættir sem farið verðu í:

- Grunnur
- Innkaup og birgðir
- Sala
- Samþykktarkerfi
- Fjárhagur
- Laun
- Innheimtakerfi
- Tollakerfi

Í lok námskeiðsins eru afhent vönduð kennslugögn sem koma að góðum notum til frekari færni í tölvufærðu bókhaldi.

Flest stéttarfélög veita styrk fyrir allt að 75% af námskeiðsgjöldum. VR veitir styrk fyrir allt að 75% af námskeiðsgjöldum eftir inneign og réttindum. Þeir sem koma á vegum VR eða VMST fá að auki 25% styrk frá Landsteinum Streng. Fullt verð fyrir námskeiðið án aðkomu stéttarfélags, VR eða VMST er 89.000 kr.

Nánari upplýsingar eru á www.ls.is og í síma 550 9090.

Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á nam@ls.is



Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics



LANDSTEINAR STRENGUR

Landsteinar Strengur hf. · Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is · LS@LS.is

Okkar þekking - þitt forskot!

Kirkjunni ber að vera öruggt skjól

UMRÆÐAN

Prestar skrifa um deilur í Selfoss söfnuði

Íbréfi til Biskups Íslands, dagsættu 12. september 2009, frá sex starfandi prestum og fjórum prestum sem hættir eru störfum er gagnrýnd sú ákvörðun að færa sóknarprestinn á Selfossi til í starfi. Þar er einkum byggt á þeim rökum að með því sé ekki farið eftir þeim lögum sem í landinu ríkja og þar af leiðandi verði til fordæmi á þá leið að auðvelt gæti reynst að koma presti úr embætti með jafnvel tilefnislausum ákærum. Við lýsum okkur ósammála þessu bréfi og þeirri röksemdafærslu sem þar birtist.

Við teljum að Þjóðkirkjan vitni um grundvöllinn sem hún þjónar þegar hún stendur vörð um öryggi barna og ungmenna sem henni er treyst fyrir. Kirkja sem er trú slíkri guðfræði hefur börnin í forgrunni sem Kristur kallaði til sín, og varnar þeim eigi.

Málefni Selfossafnaðar hafa verið í brennidepli um þó nokkurn tíma. Ákvörðun Biskups um að færa sóknarprestinn í starfi byggir hann m.a. á að upp hafi komið trúnaðarbrestur og komi sóknarprestur aftur til starfa verði erfitt að halda uppi eðlilegu safnaðarstarfi. Undir þessa ákvörðun tókum við heilshugar.

Sú ákvörðun mun ekki byggð á geðþótta heldur er þvert á móti í anda þeirra starfsreglna sem Þjóðkirkjan hefur sett sér um meðferð kynferðisafbrotanna innan hennar, sem og niðurstaða þeirra nefnda sem um málið hafa fjallað innan kirkjunnar, þ.e. Úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar sem og Síðanefndar Prestafélags Íslands. Segir Úrskurðarnefnd m.a.: „Úrskurðarnefnd telur að ekki verði hjá því komist að telja þá háttsemi sem gagnaðili sýndi unglingsstúlkunum tveimur og sem hann sjálfur hefur staðfest, fela í sér ótvírætt siðferðisbrot í skilningi tilvitnaðra laga og reglna.“ Í umfjöllunum sínum ber þessum nefndum saman því Síðanefnd segir m.a.: „Það er samdóma álit síðanefndar að hegðun...[NN] í ofangreindum tilvikum brjóti í bága við siðareglur PÍ einkum greinar 2.3 og 2.4.“ (<http://kirkjan.is/pi/sidareglur>)

Það er ávallt erfitt fyrir kærhendur kynferðisbrota að koma fram í dagsljósið. Sönnunarkröfur í slíkum málum eru afar miklar og er það langt í frá þannig að öll kærð mál endi fyrir dómstól-

um. Rétt er að halda því til haga hér að fimm kærur hlutu lögreglurannsókn, þrjár voru föglaðar niður vegna fyrningar og tvær kærur hlutu dómsmeðferð. Réttilega er með farið að ákærði hafið hlotið sýknum samkvæmt skilningi laga.

Hins vegar er ógerningur að líta framhjá þeim starfsreglum sem kirkjan hefur sjálf sett sér. Það væri ekki síður fordæmisgefandi ef Þjóðkirkjan hefði að engu starfsreglum sem Kirkjubing hefur samþykkt, sem æðsta vald í málefnum Þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka. Hinir tíu prestar sem ritað hafa biskupi bréf telja að Þjóðkirkjan sé með ákvörðun biskups að leitast við að skapa sér nýjar réttarreglur sem geti vakið guðfræðilegar spurningar. Undirrituð eru sammála bréfriturum um að tilfærslu séra Gunnars Björnssonar í starfi beri að skoða í ljósi guðfræðinnar, en ólíkt þeim teljum við að hin guðfræðilegu sjónarmið snúist um kirkju- og mannskilning sem tekur mið af siðferðilegum álitamálum nútímans.

Við teljum að Þjóðkirkjan vitni um grundvöllinn sem hún þjónar þegar hún stendur vörð um öryggi barna og ungmenna sem henni er treyst fyrir. Kirkja sem er trú slíkri guðfræði hefur börnin í forgrunni sem Kristur kallaði til sín, og varnar þeim eigi.

Sú ákvörðun að færa sóknarprestinn til í embætti er að okkar mati óumflýjanleg. Hún er einnig í samræmi við þá ályktun sem samþykkt var samhljóða á Prestastefnu sem haldin var í Kópavogi í apríl 2009 þar sem Biskup Íslands var hvattur til að nýta þær leiðir sem hann hefur til lausnar í málefnum Selfossafnaðar.

Við vonum og biðjum að með skýrri ákvörðun Biskups fáiast langþráður friður svo að sóknarnefnd sem er einhuga um málið geti staðið vörð um uppbyggjandi safnaðarstarf í kirkju sem ber að vera öruggt skjól fyrir sóknarbörn sín og hver þau sem þangað leita.

Höfundar eru prestar: Guðbjörg Arnardóttir, Hildur Eir Bolladóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Guðný Hallgrímsdóttir, Sigríður Guðmarsdóttir, Gunnar Rúnar Matthíasson, Þórhallur Heimisson, Halldóra Þorvarðardóttir, Magnús Erlingsson, Guðbjörg Jóhannesdóttir, Guðrún Karlsdóttir, Ingileif Malmberg, Jóna Lovísa Jónsdóttir, Vigfús Bjarni Albertsson, Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, Iris Kristjánsdóttir, Arna Grétarsdóttir, Elínborg Sturluddóttir, Sigríður Munda Jónsdóttir, Toshiki Toma, Sigurður Grétar Jóhannesson, Gunnar Jóhannesson og Sigfús Kristjánsson.

Hættuleg meinloka

UMRÆÐAN

Tryggvi Agnarsson skrifar um afskriftir skulda



TRYGGVI AGNARSSON

Sú alvarlega meinloka Svirðist nú ríkjandi meðal ýmissa ráðamanna þjóðarinnar og hjá ríkisbönkunum að alls ekki megi koma skuldugum fyrirtækjum til hjálpar með niðurfærslum eða afskriftum skulda nema nýir eigendur taki fyrst við rekstri þeirra.

Þetta hlýtur að byggja á því að núverandi eigendur hafi staðið sig illa við rekstur félaga sinna og því þurfi að flæma þá frá. En þetta er alls ekki alltaf raunin. Mörg fyrirtæki, sem hafa verið vel og skynsamlega rekin og

skila ágætri framlegð eru nú orðin allt of skuldug vegna þess að áður hófleg skuldsetning þeirra hefur vaxið gríðarlega vegna hrunsins og er nú orðin óbærileg.

Með þessari ábendingu er ég alls ekki að gera lítið úr nauðsyn þess að þeim eigendum og stjórnendum fyrirtækja, sem rekið hafa fyrirtæki sín illa verði komið frá og nýju fólki komið að stjórnveli.

Það er að mínu viti brýn nauðsyn að greina hafrana frá sauðunum í þessum efnum og koma strax þeim fyrirtækjum til hjálpar þar sem skuldavanda vegna hrunsins verður um kennt en ekki vanhæfni stjórnenda og eigenda.

Höfundur er lögmaður.



BRESKA TÍSKUVERÐLAUNAHÁTÍÐIN verður haldin 9. desember næstkomandi. Galakvöldið markar lok viðburðaríks afmælisárs tískuvikunnar í London sem haldin var í 25. sinn. Verðlaun verða veitt þeim sem mest áhrif hafa í tískubransanum en eftirsóttastur er titillinn um tískuhönnuð ársins. Í fyrra var það Luella Bartley sem hreppti hann.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



Heba segist alltaf hlakka til framtíðarinnar þótt hugurinn reiki til fortíðarinnar þegar kemur að klæðnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LAGERSALA LAGERSALA

Opið hús að Dalshrauni 17,
Hafnarfirði,
fimmtudaga frá kl. 12-18 og
laugardaga frá kl. 12-15.

**SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
OG MARGT FLEIRA**

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Gleymdar gersemar, ömmur og stríðsárin

Einhverjir gætu haldið að rúmlega tvítugri stúlku með þriggja ára tvíbura gæfist lítill tími til að sinna útlitinu og námi. Hebu Pétursdóttur tekst þó að sameina þessa þætti með þrýði.

Heba Pétursdóttir er 22 ára nemi í Hönnunar- og handverksskólunum. Þar er hún líka formaður nemendafélagsins og í hópi þeirra nemenda sem fá hæstu einkunnir skólans. Þetta gerir hún samhlíða því að vera einstæð móðir þriggja ára tvíburasystkina. Einhver gæti haldið að manneskja með jafn mörg járn eldinum myndi vart hafa tíma, nennu eða fjármuni til að vera ávallt áberandi smekklega klædd en það virðist ekki fyrirstaða hjá henni Hebu.

Hún segist dugleg við að veiða gleymdar gersemar úr skúffum hjá ömmum sínum og frænkum. Þar fyrir utan kunnir hún tölku á saumavélinni og geti auðveldlega breytt og bætt fót fyrir sig og

börnin. „Amma mín og mamma gáfu mér saumavél á sínum tíma og það kom mér á sporið,“ segir Heba og kímur. Hún segir föðurömmu sína, sem búsett er í Chicago, duglega við að leita uppi fót sem hún telji líkleg til að heilla ömmubarnið á Íslandi. Sú amma hafi helgað líf sitt því að aðstoða HIV-smitaða sprautufíkla vestanhafs og hafi því öðruvísi sýn á lífið en hún eigi að venjast, og hin amman sé engri lík þegar komi að handavinnu.

Heba segir að sér þyki tíska stríðsáranna heillandi. Hún bætir svo við að sér þyki gróskan og frumleikinn í klæðnaði Íslendinga áhugaverð og stuttur göngutúr í námunda við heimili sitt í

miðbænum sé oft nægilegur til að kveikja ótal hugmyndir í huga sér. „Ég hef alltaf viljað skara fram úr og setja mér markmið og hlakkað til næsta dags,“ segir hún og þvertur fyrir að hafa nokkurn tímann litið á móðurhlutverkið sem einhvers konar hindrun þótt það hafi ekki verið á óskalista hennar á sínum tíma að verða nítján ára gömul tveggja barna móðir. Hönnunin eigi vel við hana en undanfarið hafi leiklistin heillað hana æ meira. Henni kynntist hún þegar hún lék í stuttmyndum hjá nemum í Kvíkmyndaskólanum. „Annars heillar leikmyndahönnun mig nú líka, það gæti sameinað þetta tvennt.“

karen@frettabladid.is

Fyrst og fremst í heilsudýnum

Svefn & heilsa



6 mán. vaxtalausar greiðslur



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

JIMMY CHOO, skóhönnuðurinn frægi, er vinsæll meðal tískumeðvitaðra stjarna á borð við Paris Hilton og Beyoncé. Hann hefur nú hannað nýja skólinu fyrir H&M sem er væntanleg í verslanir í nóvember víða um heim.



www.gabor.is

Gabor

Skór & töskur



Sérverslun með

Gabor



FÁKAFENI 9
(við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060
Opíð mánud-föstud. 11-18
& laugard. 11-16



B/A/S/L/E/R

HAUSTDAGAR

20% afsláttur
af BASLER vörum
18. okt. - 18. nóv

Parisar
TÍZKAN

Tískuhús, stofnsett 1963

Skipholti 29b • S. 551 0770

Hannar nýja herralínu

Sonja Bent er ein fjölmargra sem taka þátt í sýningunni Handverk og hönnun sem haldin verður í Ráðhúsinu 30. október til 2. nóvember. Hún nýtur þess að blanda saman ólíkum efnum í hönnun sinni.

„Þetta er í þriðja sinn sem ég tek þátt í sýningunni Handverk og hönnun en í þetta sinn ætla ég að vera með meira af fylgihlutum en stærri flíkum,“ segir Sonja Bent tískuhönnuður, sem nýlega hlaut styrk úr Árórusjóði til að koma nýrri herralínu sinni á markað í Bandaríkjunum.

Á sýningunni í Ráðhúsinu verður hún meðal annars með slaufur, bindi, húfur og trefla úr herralínunni ásamt aukahlutum fyrir konur. Til dæmis blóm sem eru hluti af verkefni sem hún vann fyrir sænskt leikhús nýlega. „Mary, vinkona mín, er að hanna búninga fyrir starfsfólkið í Götalejonleikhúsinu í Stokkhólmi. Hún fékk mig til að hanna aukahluti, bindi fyrir strákana og blóm í hárið fyrir stelpurnar,“ segir hún og tekur fram að allt sé þetta unnið úr ull og silki.

Sonja vinnur mikið með þrjónað efni en hefur upp á síðkastið notið þess að blanda saman ólíkum efnum. „Í herralínu minni blanda ég saman þrjóni og venjulegu skyrtuefni,“ segir Sonja. Hún bjó til sitt eigið skyrtusnið og ákvað að fylgja ekki þeirri tísku sem hefur verið allsráðandi undanfarið að hafa skyrtur aðsniðnar. „Ég vildi hafa sniðið aðeins víðara og þannig að hægt væri að klæðast skyrtum hvunn dags yfir buxur,“ útskýrir hún.

Sonja vinnur einnig við að koma á markað kvenlínu. Hana segir hún í raun runna upp úr útskriftarverkefni sínu úr Listaháskólanum þaðan sem hún útskrifaðist árið 2008. „Ég hef aldrei komið þeim flíkum á markað fyrr. Nú er ég búin að próa þær og einfalda og verður hægt að kaupa þær bráðlega í Kirsuberinu,“ segir Sonja.

solveig@frettabladid.is



Hluti af þeim fylgihlutum sem Elsa mun sýna í Ráðhúsinu.



Sonja Bent hannar fót og fylgihluti bæði á karla og konur.



Peysa úr smíðju Sonju sem vinnur mikið með þrjónaefni.

Sonja blandar saman þrjóni og venjulegu skyrtuefni í herralínu sinni.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Fyrir fyrsta vetrardag

Kjól kr. 11.900 str. 40-56



Leggingsbuxur kr. 5900

kjól kr. 9900.-



Síðar leggings kr. 6900



Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730

www.rita.is



Fallega jólaskeiðin frá Ernu

Verð 14.900.-

ERNA
sími 552 0775



512 5473

AUGLÝSINGASÍMI

Býr til barnaföt samhliða námi

Fígúrir og furðuverur prýða barnaföt Rannveigar Gísladóttur sem hún býr til samhliða fatahönnunarnámi í Los Angeles.

Rannveig Gísladóttir, sem leggur stund á fatahönnun við The Fashion Institute of Design and Merchandising í Los Angeles, tók upp á því þegar hana vantaði sængurgjöf handa frænku sinni að prenta figúrur á samfellur. Þær spurðust út og fór hún að selja þær á netinu til að verða sér úti um aukapening með skólanum. „Þetta eru krúttlegar en svolítið furðulegar figúrur sem ég er með í stöðugri þróun. Ég prentaði þær upphaflega á samfellur en er nú farin að gera buxur og bolí í hinum ýmsu stærðum líka.“

Rannveig, eða Ranna eins og hún er kölluð, segist alltaf hafa verið mikill handavinnuffkíll og hefur þrjónað og heklað frá barnsaldri. Hún fór að hanna og sauma fót á unglingsárum og stefnir að því að koma á fót sínu eigin fyrirtæki þegar fram líða stundir. Rönnu vegnar vel ytra og hlaut hún skólasyrk eftir að hafa unnið hönnunarkerpinna Fashion Group International í Los Angeles fyrr á þessu ári.

Fötin er að finna á www.facebook.com/rannadesign.



Ranna prentar bæði á stuttermá og síðerma samfellur.



Fígúrnar eru í stöðugri þróun.

Settin henta vel sem sængurgjafir.

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki

Vetrardekk

Sérblað um dekk • 22. september 2009



1.



2.



3.



4.



1. Goodyear UG 7

Vetrardekk. Afburðardekk við íslenskar aðstæður. Háþróað dekk frá Goodyear sem hlotið hefur 1. verðlaun í stórum samamburðarkönnunum víða um heim.

2. Sava Eskimo Ice

Neglanleg vetrardekk með djúpu munstri. Frábær dekk á hagstæðu verði. Framleidd af Goodyear.

3. Winterforce

Neglanleg vetrardekk. Frábær kanadísk dekk á hagstæðu verði. Tilvalin undir jepplinga og óbreytta jeppa.

4. Goodyear Wrangler MT/R

Neglanleg vetrardekk. Sterk og endingargóð dekk sem henta við flestar aðstæður. Stærðir 30"-40"

● **EDLI HJÓLBARÐA** Hjólbardinn er eina snerting ökutækisins við vegginn og hann þarf að vera gæddur mörgum kostum. Honum er ætlað að bera þunga bílsins með öllu sem honum fylgir og þola gifurlegar breytingar á þungaþoli við hverja inngjöf og hemlun. Til að ökutækið láti vel að stjórn á hvaða vegi og í hvaða veðri sem er þarf hjólbardinn að hafa rásfestu og halda stefnunni auk þess að koma í veg fyrir að hindranir og holur trufla akstur og þægindi bílstjóra og farþega. Svo þarf hann að rúlla og endast svo vel sem kostur er.



Hekla hefur umboð fyrir fjölmörg vörumerki og leggja starfsmenn fyrirtækisins metnað sinn í að geta uppfyllt þarfir viðskiptavina sinna og kröfur þeirra um verð og gæði. Gísli Ólafsson, Þorgeir Pálsson og Eggert B. Eggertsson eru meðal þeirra sem sjá um að hver viðskiptavinur fái dekk við hæfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Leyndardómar dekkjanna

Hjá Heklu áttar fólk sig á muninum á hjólbörðum, eiginleikum þeirra og gæðum.

Á þeim 76 árum sem fyrirtækið Hekla hefur starfað hefur ótal margt skemmtilegt gerst á Íslandi og Íslendingar eignast kynstrin öll af fallegum og eða nytsamlegum hlutum fyrir tilstuðlan fyrirtækisins.

Ekki átta sig þó allir á því að meðal vinsælustu hlutanna skipa hjólbardarnir stóran sess og góð dekk eiga mikinn þátt í daglegu lífi fólks. „Með okkar breiðu vörumerkjalinu getum við uppfyllt þarfir viðskiptavina okkar og mismunandi kröfur þeirra um verð og gæði,“ segir Þorgeir Ragnar Pálsson, vörustjóri hjólbardadeildar Heklu.

Hekla er elsti umboðsaðili Goodyear í Evrópu, en umboðið fékk fyrirtækið árið 1952. En auk þess er fyrirtækið með umboð

fyrir Winterforce, Dunlop og Sava, og eru tvö síðast nefndu vörumerkin í eigu Goodyear. Auk þess er Hekla söluaðili fyrir Mickey Thompson. Fyrirtækið býður því upp á breiða línu af dekkjum, allt frá minnstu fólksbíladekkjum til stærstu vörubíla- og vinnuvéladekkja.

En hver er munurinn á þessu öllu? Á því kann Þorgeir góð skil. „Sava-dekkinn höfum við aðallega flutt inn í stærðum fyrir fólksbíla. Sem vetrardekk eru þau bæði fánleg negld og ónegld og svo auðvitað sem sumardekk. Winterforce-dekkinn hafa aðallega verið í stærðum sem passa undir jepplinga og óbreytta jeppa; þau dekk eru bæði fánleg negld og ónegld. Þessi dekk hafa verið gríðarlega vinsæl og eru mjög hentug fyrir íslenskar aðstæður,“ útskýrir hann.

„Goodyear Wrangler og Mickey Thompson hafa verið gríðarlega vinsæl jeppadekk hér á landi í

mörg ár. Þessar tvær tegundir eru fánlegar fyrir bæði óbreytta og breytta jeppa,“ segir Þorgeir. En einnig býður fyrirtækið upp á mikið úrval af mótörhjóla- og fjórhjóladekkjum. „Par er Dunlop okkar helsta vörumerki,“ bætir Þorgeir við.

Þorgeir segir auðvelt að fá nánari leiðbeiningar hjá fyrirtækinu. Hekla rekur eigið hjólbardaverkstæði í Klettagörðum þar sem hægt er að fá umfelgun fyrir fólksbílinn og upp í stærstu gerð af flutningabílum. Þá býður Hekla viðskiptavinum sínum vaxtalaus þjónustulán bundin greiðslukortasamningi við kaup á dekkjum. Hann bendir á að helstu sölustaðir Heklu séu Hjólbardaverkstæði Sigurjóns Hátúni 2a, Gúmmívinnustofan Skipholti 35, Höldur dekkjaverkstæði Glerártorgi Akureyri, Kjalfell Blönduósi, KS Sauðárkróki og helstu dekkjaverkstæði um land allt.

Fyrsti bíllinn umdeildur

Árið 2003 veitti Alþingi Ditlev Thomsen, konsúl og kaupmanni, 2.000 króna styrk til að gera tilraunir með hvort hægt væri að nota bifreiðar á íslenskum vegum. Thomsen keypti Cudell-bifreið til að prófa á íslenskum vegum, en val hans á bílnum var nokkuð umdeilt. Gripinn flutti hann til Íslands árið 1904 en hann keypti bílinn í Kaupmannahöfn. Cudellinn var þó framleiddur í Aachen í Þýskalandi, að mestu leyti eftir teikningum DeDion í Frakklandi.

Bíllinn hefur jafnan verið kallaður Thomsen-bíllinn og var mikið skrifað og skrafað um ófarir hans, en bíllinn var þriggja ára er hann kom til landsins. - jma



Langst til vinstri er annar ekill fyrstu bifreiðarinnar, Tómas Jónsson. Í miðri er Þorkell Clementz sem fyrst ók honum og til hægri er Ditlev Thomsen konsúl.

Naglar eða ekki naglar

„Við leggjum áherslu á öryggi vegfarenda en höfum lítið blandað okkur inn í þessa viðkvæmu umræðu um hvort nota eigi nagladekk eða ekki.“ segir Einar Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, inntur eftir skoðunum sínum á nagladekkjum og þætti þeirra í svifryksmengun í borginni. „Við erum þó á móti því að fólk noti nagladekk nema það sé að fara einhverjar þær leiðir sem virkileg þörf er á þeim og það er ekki ofan úr Breiðholti niður í miðbæ. Að minnsta kosti er alger undantekning að þær aðstæður skapist á þeirri leið. Öðru máli gegnir ef fólk þarf að fara yfir fjallvegi og heiðar þar sem



Naglarnir hafa bæði kosti og galla.

minna er um hálkuvarnir, þá á það að nota þann búnað sem veitir því mest öryggi.“

Einar vill einnig benda á að vegna þess að nagladekk eru bönnuð mjög víða um heim sé búið að þróa góð naglalaus vetrardekk.

● **STÆRSTA DEKKIÐ** í Allen Park í Michigan í Bandaríkjunum er stærsti hjólbarði í heimi. Hjólbarðinn var upphaflega notaður sem Parísarhjól á heimssýningunni í New York árið 1964.

Eftir sýninguna var Tiger Paw-hjólbarði settur á hjólið og varð þar með stærsti hjólbarði heims. Hann er um 25 metrar á hæð og tólf tonn að þyngd.



Pitstop þýðir örstutt pása

Dekkjalagerinn kom á íslenskan hjólbarðamarkað með nokkrum hvelli rétt fyrir hausttörnina 2002. Premur árum síðar keypti hann tvö verkstæði og nafnið breyttist í Pitstop, sem þýðir örstutt pása í heimi akstursíprótta.

„Þegar ég var strákur voru sex til sjö stærðir af dekkjum allsráðandi en nú skipta þær tugum,“ segir Sigurður Ísleifsson, innkaupa- og sölustjóri hjá Pitstop. Fyrirtækið rekur þrjú hjólbarðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu með fjölbreytta þjónustu. Þau eru í Rauðhelli 11 og Hjallahrauni 4 í Hafnarfirði og Dugguvogi 10 í Reykjavík.

Pitstop selur allar helstu gerðir hjólbarða enda mottóið að eiga rétt dekk á réttum tíma á réttu verði að sögn Sigurðar. „Við höfum nýlega hafið innflutning á nýrri tegund vinnuvéladekkja frá BKT sem er stór aðili í Indlandi með mjög mikið úrval, eða allt frá smæstu hjólbörudekkjum upp í stærstu hjólaskófludekk, sem kemur til með að gefa okkur sérstöðu í þeim geira“ lýsir hann.

Starfsaðstaða Sigurðar er í Rauðhelli 11 í Hafnarfirði þar sem höfuðstöðvar Pitstop eru. Þar er hjólbarðalager, sem þjónar verkstæðum um allt land, einnig smurstöð í samvinnu við Skeljung og stórt dekkjaverkstæði með fullkomnum vélum fyrir allar gerðir dekkja og bíla. „Við getum tekið stærstu vörubíla og vinnuvélar inn og erum að útbúa sérstaka jeppalínu þar sem stærstu jeppum landsins verður sinnt,“ segir Sigurður. Getur þess jafnframt að nafni hans Siggis Ævars ráði ríkjum á þessu verkstæði og hann sé reynslubolti í bransanum. Sömu sögu sé að segja um verkstjórnana í Dugguvoginum og Hjallahrauni, Halldór Hafsteinsson og Guðberg Björnsson. „Í Hjalla-



„Við höfum nýlega hafið innflutning á nýrri tegund vinnuvéladekkja frá BKT sem er stór aðili á Indlandi með mjög mikið úrval,“ segir Sigurður Ísleifsson, innkaupastjóri Pitstop.

hrauni er aðstaða til ýmissa smáviðgerða, smurstöð og hjólastillingar ásamt góðum dekkjalager og í Dugguvoginum stór lager af dekkjum í öllum verðflokkum. Framtíðaráform fyrirtækisins er að setja þar upp smurstöð og þjónustuverkstæði.“

En skyldi vera langt síðan vinna hans sjálfs fór að snúast um hjólbarða? „Já, ég er eiginlega fæddur inn í þennan bransa og kemst ekki út úr honum,“ svarar hann

glæðlega. „Faðir minn rak dekkjaverkstæði suður í Keflavík og ég byrjaði sem þjakkur að rúlla dekkjum þar.“ Hann rifjar upp að meðan malarvegirnir voru hvarvetna við lýði hafi smáviðgerðir vegna punkteringa verið algengar. „Á verkstæðinu hjá þabba röðuðust upp tugir fólksbíladekkja sem þurfti að gera við á örfáum dögum,“ segir hann. „Það hefur allt batnað síðan þá, vegirnir, dekkinn og bílarnir.“

1. Fólksbíladekk. Mikið skorin, negld eða ónegld. Fást í öllum algengustu fólksbílastærðum. Fást í öllum verðflokkum.

2. Jeppadekk. Hægt að mikróskeyra og negla. Fást í öllum algengustu jeppastærðum. Allir verðflokkar, mismunandi munstur.

3. Sóluð vörubíladekk. Hægt að negla flest munstur. Fáanleg í fjölmörgum stærðum. Góð verð í boði.

4. Vörubíladekk. Hægt að bora og negla. Fáanleg í mörgum stærðum. Allir verðflokkar, mismunandi munstur.

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Allt á einum stað

VETRARDEKK	HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
HEILSÁRSDEKK	RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ	BREMSUKLOSSAR
BÓN OG ÞVOTTUR	ALLT Á EINUM STAÐ

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

TOYO TIRES

1.



2.



3.



4.



Bílabúð
Benna

1. Open Country Ice Terrain

Frábær vetrardekk fyrir jeppa borað fyrir nagla. Dekk sem hafa reynst frábærlega við íslenskar aðstæður. Neglanleg.

2. Open Country Winter Terrain

Mjög góð jeppavetrardekk með háum hraðastuðli. Henta mjög vel sem heilsársdekk. Óneglanleg.

3. Open Country All Terrain

Frábær alhliða jeppadekk. Henta mjög vel í snjó og hálfu. Einstaklega hljóðlát. Neglanleg.

4. Open Country Mud Terrain

Frábær alhliða jeppadekk. Henta mjög vel í snjó og hálfu. Einstaklega hljóðlát. Neglanleg.



Bílabúð Benna hefur þrefaldað afkastagetuna í ár miðað við árið í fyrra til að geta tekið við öllum þeim sem þurfa að skipta um dekk fyrir veturinn.

Búin skeljabrotum sem gefa aukið grip

Toyo-harðskeljadekkin hafa verið að sækja í sig veðrið undanfarin ár en í þeim eru meðal annars valhnetuskeljabrot sem gefa gott hálkugrip.

Toyo-harðskeljadekkin eru áhuga-verður kostur fyrir fólk sem vill aka um á öruggum ónegldum dekkjum. „Toyo Tires eru japönsk dekk sem eru framleidd samkvæmt nýjustu og þróuðustu tækni,“ segir Jón Hauksson, yfirmaður dekkjadeildar Bílabúðar Benna, sem er umboðsaðili Toyo Tires á Íslandi.

„Í Toyo-harðskeljadekkjum eru valhnetuskeljabrot í gúmmíblöndunni, en valhnetuskel er eitt sterkasta efni sem finnst í náttúrunni. Skeljabrotin klóra í svellið og gefa aukið grip í hálfu. Í dekkjunum er einnig hátt hlutfall af gúmmíblöndunarefninu silica sem gerir það að verkum að gúmmíð harðnar ekki í miklum kulda. Það er mikill kostur því mjúk gúmmíblanda gefur mun meira grip í hálfu. Þá eru dekkin mikið mkróskorin, sem tryggir enn betra grip.“ Spurður nánar út í mkróskurðinn segir Jón þá um mikið útskorin dekk að ræða og er hver kubbur skorinn í marga djúpa flipa.

Bílabúð Benna hóf að selja Toyo-dekkin árið 2005 og hefur sala harðskeljadekkjanna nánast tvöfaldast á hverju ári. Aukningin hefur verið sérstaklega mikil á landsbyggðinni og virðast mun fleiri vera farnir að átta sig á kostum ónegldra dekkja. Jón segir kostina fjölmarga og nefnir dæmi: „Í fyrsta lagi eru ónegld dekk mun umhverfisvænni en nagladekk. Þau þyrla ekki upp heilsuspillandi svifryki og eyðileggja ekki göturnar okkar. Þá eru þau mun hljóðlátari en nagladekk, sem eykur akstursánægju til muna. Eins er hægt að setja dekkin undir snemma hausts og taka þau undan eins seint og hentar, enda þarf ekki að fara eftir ákveðnum dagsetningum eins og þegar um nagladekk er að ræða.“



Jón segir bestu meðmælin koma frá leigubílstjórum og ökukennurum sem segja harðskeljadekkin mjúk, hljóðlát, gripmikil og endingargóð.

Jón segir auk þess marga viðskiptavini Bílabúðar Benna aka á harðskeljadekkjum allt árið um kring og þeir séu því ekki í stórhættu þegar fyrstu hálfkan geri vart við sig. „Ég tel næsta víst að umferðarslysum fyrstu vetrardagana ár hvert myndi fækka til muna ef allir ökumenn væru komnir á vetrardekk snemma á haustin. Fólk sem ekur um á nagladekkjum er oft að bíða af sér fyrsta hretið, sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Þá veita nagladekk mörgum falska öryggistilfinningu og finnst sumum þeir geta keyrt hraðar en aðstæður raunverulega leyfa.“ Loks segir Jón áhyggjur af nagladekkjasekt úr sögunni á ónegldum dekkjum.

Jón segist fá bestu meðmælin frá leigubílstjórum og

ökukennurum, sem noti dekkin í síauknum mæli. „Þetta eru fagmenn með mikla reynslu af bæði bílum og dekkjum. Þeir hafa sérstaklega á orði hversu vel þessi mjúku, hljóðlátu og gripmiklu dekk endist, en ekki er óalgengt að leigubílstjórar og ökukennarar nái um 75-85 þúsund kílómetra endingu á harðskeljadekkjum.“

Bílabúð Benna selur ýmsar gerðir Toyo-vevtrardekkja og þar á meðal nagladekk. „Við mælum þó eindregið með ónegldum dekkjum,“ segir Jón. „Verkstæðin okkar eru að Vagnhöfða og Tangarhöfða og svo erum við með Nesdekk á Granda og í Keflavík.“ Jón segir eftirspurnina hafa verið mikla í fyrra og þurft hafi að þrefalda afkastagetuna í ár. „Við höfum ráðið sjö manns til viðbótar fyrir törnina sem er fram undan.“

Misvísandi upplýsingar

Bifreiðaeigendur eiga í stökustu vandræðum með val á vetrarhjólborðum vegna ólíkra niðurstaðna úr dekkjakönnunum.

Félagi íslenskra bifreiðaeigenda berast í auknum mæli fyrirspurnir frá bifreiðaeigendum sem eiga í vandræðum með dekkjakaup. Ástæðuna segja þeir misvísandi upplýsingar dekkjakannana frá nágrannalöndum, sem greinir á um bestu vetrarhjólbarðana árið 2009.

„Orsökina er einfaldlega mismunandi úrvinnsla í þessum könnunum,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB. „Yfirleitt framkvæmir einn og sami aðilinn gæðakannanir og á sama stað. Viðamesta könnunin er til að mynda gerð í Lapplandi í Finnlandi við helstu aðstæður og dekkjunum svo gefin einkunn eftir því hvernig þau standast prófanir.“

Þeir sem kaupa og birta þessar niðurstöður forgangsraða síðan dekkjunum eftir því hvaða þættir þeim finnst skipta mestu máli í sínu heimalandi. Þannig vegur þáttur eins og hálsa þyngra á norðlægum slóðum en annars



Runólfur segir starfsmenn FÍB önnur kafna við að svara fyrirspurnum vegna misvísandi upplýsinga dekkjakannana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

staðar og sums staðar koma negld dekk vel út en eru kannski ekki leyfð annars staðar. Þess vegna er misjafnt eftir könnunum hvaða dekk lenda efst á lista yfir bestu dekkin, það er mismunurinn sem menn tala um.“

En hvaða könnunum taka Íslendingar mark á? „Þeim norsku. Aðstæður þar eru svipaðar og hér,

einkum í norðurhluta landsins. En svo miðum við líka við þýskar kannanir,“ bendir hann á og bætir við að þættir eins og búseta skipti máli. „Til dæmis geta nagladekk verið best kosturinn úti á landi þar sem færðin er kannski slæm en ekki endilega á höfuðborgarsvæðinu, þar sem götur eru reglulega hreinsaðar.“



Það var orðið dýrt að geta varla hreyft sig Bo Tavell 65 ára



Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskefverinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjóðmum, hryggjar- og hnjóliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður



Liður með slitnum brjóskef

Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskefverinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskefverinn og viðhalda honum.

Vara ársins!

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi. NutriLenk er 100% náttúrulegt vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskefversrjúnum. Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsuþöðum, Fræinu Fjarðarkaupum og stærri Hagkaupsverslunum.

NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA



Nú er ég liðugur á ný!

Í mörg ár hefur Bo stundað áhugamál sín þrátt fyrir stíðna og auma liði. Hann lét ekki þráláta verki og stíðleika stöðva sig. „Eftir að ég kynntist NutriLenk er lífið langtunum léttara og bjartara,“ segir hinn sænski Bo Tavell, 65 ára. „Það er klárt mál að líf mitt er allt annað og betra eftir að ég byrjaði að nota NutriLenk.“

Bo Tavell hefur mýmörg áhugamál og vill lifa lífinu til hins ytrasta. Hann eður vélhjól og er virkur í torfærukstri, sem er mjög erfitt vélhjólspor. Bo fer einnig á brimbretti, skíði og lagar húsið sitt svo eitthvað sé nefnt. Fyrir nokkrum árum fór hann að verkja í fingur og hné.

Ég er þver og vildi ekki láta neitt stoppa mig

„Ég þverkallaðist við og lét ekkert stoppa mig í að lifa virku lífi og gerði það oft á hnefanum sem var erfitt! Hugurinn náði ekki alltaf að yfirstíga sársaukann og var ég farinn að framkvæma minna og minna.“

Hné og fingur

„Ég viðurkenni að geðslagið og liðirnir voru ekki upp á sitt besta og var ég orðinn hálf niðurreginn þegar göður

vinur benti mér á NutriLenk. Strax eftir tveggja vikna inntöku fann ég fyrir miklum létti og átti mun betra með að hreyfa mig og best var að endurheimta húmorinn á ný,“ segir Bo skellihlæjandi.

4.500 km á vélhjól

„Fyrir nokkra var mér boðið í brúðkaup til Rúmeníu. Ég ákvað að fljúga til Rómur og keyra þaðan á vélhjól í brúðkaupið sem var 2.250km leið! Sem gerir jú 4.500 km báðar leiðir. Áður en ég byrjaði að taka inn NutriLenk hefði ég aldrei nokkurn tímann getað farið út í svona ævintýri í því ástandi sem ég var. En eftir að ég kynntist NutriLenk þá var ekki mikið mál að leggja upp í þetta ævintýri sem gekk alveg fyrirtaks vel. Reynar fann ég fyrir smá þreytuverk í baki eftir að hafa setið svona lengi á hjólinu en það hefðu nú flestir gert!“ bætir Bo kíminn við.

Mæli gjarnan með NutriLenk

„Ég mæli eindregið með því að þeir sem hafa auma og slitna liði taki inn NutriLenk.“

TOYO TIRES

1.



2.



3.



4.



Bilbúð **Benna**

1. Garrit G-4

Harðskeljadekk fyrir fólkubíla. Í gúmmíu eru brot úr valhnetuskel sem gefa aukið grip í hálfu. Mjög umhverfisvænt og endingargott.

2. Winter Tranpath S1

Harðskeljadekk fyrir jeppa, jepplinga og stærri fólkubíla. Í gúmmíu eru brot úrvalhnetuskel sem gefur aukið grip í hálfu.

3. Garrit KX

Harðskeljadekk sérhannað fyrir fólkubíla sem eru á "low Profile" stærðum. Eins og önnur harðskeljadekk heldur gúmmíð mjúkt þrátt fyrir frost og kulda.

4. Observe G-02

Harðskeljadekk fyrir jeppa og jepplinga með grófu myndri. Sérstaklega mjúk sem gerir þau mjög hljóðlát á þurru malbiki.

1.



2.



3.



50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga í 50 ár

VDO Borgardekk
Fólk og góð þjónusta

- 1. Wanli heilsársdekk**
Heilsársdekk fyrir fólkubíla og jepplinga.
Verð frá 8.799 kr.
- 2. Wanli heilsársdekk**
Heilsársdekk fyrir fólkubíla og jepplinga.
Felga ekki innifalin í verði.
Verð frá 8.799 kr.
- 3. Wanli vetrardekk**
Nelgd vetrardekk fyrir fólkubíla og jepplinga.
Verð frá 9.999 kr.



Gunnar Ingi Sigurðsson segir auðvelt að kaupa dekk í Hagkaupum um leið og verslað er í matinn.

Bjóðum ódýran valkost

Sjaldgæft er að hægt sé að kaupa mat, föt, lopa og dekk og greiða fyrir það allt við sama kassann. Sú er þó raunin í Hagkaupum. Gunnar Ingi Sigurðsson framkvæmdastjóri lýsir fyrirkomulaginu nánar.

„Það er rétt. Þú getur keypt í matinn, fatað fjölskylduna upp og keypt dekkjagang í leiðinni á fínu verði. Svo snýrðu þér til þjónustuaðila okkar sem er Borgardekk í Borgartúninu í Reykjavík og þar færðu afslátt af skiptingu og umfelgun. Þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði bæði vor og haust

undanfarin tíu ár. Við erum stolt af því og höfum verið að efla þessa þjónustu frekar en hitt, enda er almenn ánægja með hana. Hún eykur þægindin fyrir viðskiptavininn því fólk finnst gott að geta keypt allt á sama stað.“

Gunnar Ingi tekur þó fram að dekkinn séu til sýnis í anddyri Hagkaupa en ekki til afgreiðslu þar. „Viðskiptavinurinn kemur ekki með dekkinn í körfu að kassanum,“ segir hann, „heldur skoðar númerið á dekkjunum undir bílnum, leggur inn pöntun og gengur frá greiðslunni í Hagkaupum. Þá fær hann beiðni og kvittun sem hann framvísar í Borgardekkjum og

fær þar afslátt af skiptingu og umfelgun. Við græðum ekkert á því að selja viðskiptavininum eitthvað sem hann lendir í vandræðum með. Þess vegna lögðum við mikið upp úr því að hafa góðan þjónustuaðila og það er Borgardekk.“

Hagkaup selja að sjálfsögðu sumardekk á vorin og vetrardekk á haustin að sögn Gunnars, sem fær dekkinn hingað til lands frá Belgíu. „Við leggjum upp úr því að bjóða upp á ódýran valkost í þessu sem öðru. Samt eru þetta fín dekk sem við höfum góða reynslu af. Ég hef sjálfur keyrt á þeim og er að fara inn í fjórða veturinn á sömu vetrardekkjunum.“

● **VARADEKKIÐ UNDIR BÍLINN** Þótt sú list að skipta um dekk sé kennd í öskuskólum eru ekki allir sem viðhalda kunnáttunni og lenda í stökustu vandræðum þegar springur á bílnum. Hér eru nokkur ráð um hvernig eigi að bera sig að við dekkjaskipti:

- Í fyrsta lagi þarf að huga að örygginu. Ef billinn stendur við umferðargötu er ráðlegt að stilla upp viðvörunarþríhyrningi nokkrum metrum fyrir framan bílinn til að vara aðra ökumenn við.
- Best er að byrja á því að losa rænar gegnt gangi klukkunnar. Hættulegt getur verið að losa rænar eftir að bíll hefur verið tjakkaður upp.
- Þá er tjakknur komið fyrir. Yfirleitt er sérstakur flötur undir bílnum þar sem gert er ráð fyrir að tjakkurinn lendi svo ekkert skemmist.
- Síðan er bíllinn tjakkaður upp þar til dekkið er ekki lengur í snertingu við jörðina. Þá eru rænar losaðar af og dekkið fjarlæggt.
- Nú er varadekkið sett á og rænar skrúfaðar á. Ekki skal herða á rónum meðan bíllinn er tjakkaður upp. Fyrst skal tjakka hann niður og síðan má herða. Ef þetta er ekki gert er hætt á að bíllinn detti af tjakknunum og eitthvað skemmist.

-sg



FRÁBÆRT VERÐ
á dekkjum í Hagkaup

TILBOÐ Á UMFELGUN
FYRIR VIÐSKIPTAVINI HAGKAUPS

fólkubíll 4.900.- • jepplingur 5.900.-

VDO Borgardekk
Fólk og góð þjónusta

VDO Borgardekk • Borgartúni 36 (Bakvið Cabin hótél)

Fólkubíladekk

Stærðir	Ónegld	Negld
165/70R13	8,799 kr.	9,999 kr.
175/70R13	8,999 kr.	10,199 kr.
175/70R14	10,799 kr.	11,999 kr.
185/70R14	11,999 kr.	13,199 kr.
175/65R14	9,999 kr.	11,199 kr.
185/65R14	10,999 kr.	12,199 kr.
185/65R15	12,999 kr.	14,199 kr.
195/65R15	12,999 kr.	14,199 kr.
205/65R15	14,999 kr.	16,199 kr.
185/60R14	12,999 kr.	14,199 kr.
205/55R16	13,999 kr.	15,199 kr.
195/50R15	12,999 kr.	14,199 kr.

50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga í 50 ár



Kynþokkinn eykst í pels og bíl. Marilyn Monroe geislaði af kynþokka alla sína tíð og ekki dró úr honum þegar hún klæddist pels og var nálægt lögulegum bíl.



Akandi konur þóttu tímanna tákni. Á þriðja áratug síðustu aldar óx kvenna-baráttunni fiskur um hrygg og konur þóttu ögrandi og sjálfstæðar undir stýri og sönnun þess að konur gætu haldið þangað sem hugur þeirra stefndi rétt eins og karlar.



Fallegar konur og bílar tengjast órjúfalegum böndum. Eins og sjá má á þessu gamla póstkorti hafa fallegar konur og bílar löngum þótt eftirsóknarvert myndefni, jafnvel um aldamótin 1900.

NORDIC PHOTOS/GETTY

AKANDI KONUR

Bílar hafa löngum talist fagurt myndefni, ekki síst ef lagleg kona prýðir einnig myndina. Það fer svo eftir samhenginu hvort bíllinn sýni konuna sem hamingjusama húsmóður í anda amerískra auglýsinga sjötta áratugarins, sem dásamlega þokkadís og kynveru nú eða bylt-ingarsinna, sem lætur hefðbundin gildi feðraveldisins lönd og leið.



Fararskjótar framtíðarinnar. Íðulega er gert er ráð fyrir því að með tímanum verði bílar minni og liprari og geti flogið. Í rauninni virðast þeir samt bara stækka og verða eyðslufrekari.

Sérhæfa sig í stærri bílum

Sérhannað og -smíðað jeppadekk er helsta sérstaða Arctic Trucks á dekkjamarkaðnum, segir Gunnar Haraldsson, verkfnastjóri fyrirtækisins.

„Arctic Trucks var og er í rauninni enn fyrst og fremst fyrirtæki sem sérhæfir sig í jeppum og jepplingum og öllu sem viðkemur þeim, þar með talið ferðamennsku. En við bjóðum líka upp á dekk fyrir allar stærðir og gerðir bíla, nema auðvitað vörubíla og slíkt, og í bígerð er að bjóða upp á dekk undir vélhjól, fjórhjól og fleiri ökutæki,“ segir Gunnar Haraldsson, verslunarstjóri hjá Arctic Trucks, sem hefur aðsetur við Klettháls 3 í Reykjavík.

Gunnar segir helstu sérstöðu fyrirtækisins varðandi dekk felast í dekki sem er hannað af fyrirtækinu og smíðað sérstaklega í Kína. „AT 405 38-tommu dekkið hefur fengið vægast sagt mjög góðar viðtökur. Það er allhliða jeppadekk sem er hannað sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður, til notkunar í snjó og er einnig gott í hálfu. Það er mikil hugsun á bak við þetta dekk og það er sennilega mest selda dekkið á landinu í þessari stærð. Það kom á markað árið 2005 og nú þegar hafa selst nokkrar þúsundir af því.“

Þrátt fyrir að Arctic Trucks sérhæfi sig í jeppum segir Gunnar að fyrirtækið sé að víkka sjóndeildarhring sinn töluvert. „Við tókum nýlega við umboði fyrir Yamaha á Íslandi og erum að flytja inn ýmsar



Þrátt fyrir að Arctic Trucks sérhæfi sig í jeppum segir Gunnar Haraldsson verslunarstjóri að fyrirtækið sé að víkka sjóndeildarhring sinn töluvert.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

vörur frá þeim. Fyrir utan bílana erum við því einnig með vélhjól, vélsleða, báta og utanborðsmótora til sýnis í verslunum okkar. Það eru mörg Yamaha-tæki í notkun á Íslandi og við bjóðum eigendum þeirra upp á varahluta- og viðgerðarþjónustu.“

Fyrir um hálfu ári hóf Arctic Trucks að bjóða upp á svokallaðar „self-drive“-ferðir, sem helst eru hugsaðar fyrir ferðamenn. „Það eru miklar ævintýraferðir þar sem ferðamönnum gefst færi á að aka sjálfir bílunum, en þannig læra þeir að umgangast breytta jeppa um leið og þeir upplifa íslenska náttúru. Í öllum ferðum er einn bíll með leiðsögumanni með í för, en hann vísar veginn og leiðbeinir við aksturinn.

Þessar ferðir hafa vakið gríðarlega athygli, en bílarnir sem við notum í þessum ferðum eru meðal annars sömu bílarnir og notaðir voru í leiðangri á segulpólinn í samstarfi við breska sjónvarpsþáttinn Top Gear,“ segir Gunnar.

Dekkjaverkstæði Arctic Trucks er búið nýjum og fullkomnum tækjum. „Við bjóðum upp á alla þjónustu í kringum ökutækin. Reynsla okkar sýnir að heppilegast er að viðskiptavinir hringi og panti sér tíma í umfelgun og slíkt. Þannig forðumst við biðraðir upp um allar götur,“ segir Gunnar.

Þá eru Arctic Trucks nú að taka inn mikið af vönduðum fatnaði fyrir vélhjóla- og vélsleðafólk sem fyrirtækið hefur umboð fyrir.



1. Tegund: AT 405

Stærð: 38 x 15,5R 15

Gott allhliða jeppadekk sem hentar mjög vel fyrir snjóakstur, mjög hljóðlátt á vegum og sérhannað fyrir hálfu. Dekkið er míkroskorið og neglanlegt.

2. Tegund: Dick Cepek FC

Stærð: 44 x 18,5 15

Frábært snjóakstursdekk sem jeppamenn þekkja af reynslunni. Hentar vel fyrir míkroskurð og neglingu.

3. Tegund: Dick Cepek FCII

Stærðir: Fánlegt í 30–35“ stærðum og fyrir 15, 16, 17 og 18 tommu felgur.

Sterkt og gott allhliða jeppadekk með heilsársmynstri. Hentar vel fyrir míkroskurð og neglingu.

4. Tegund: ProComp AT (All terrain)

Stærð: Fánlegt í 30–35“ stærðum og fyrir 15, 16, 17 og 18 tommu felgur.

Sterkt og endingargott jeppdekk með heilsársmynstri. Mjög hljóðlátt. Hentar fyrir míkroskurð.

1.



Dekk



Púst



Smurning



Bremsur



Fjörðun



Rafgeymar



Önnur þjónusta



4.



1. Jeppa og jepplinga dekk
16 og 17" verð frá 22.500 kr.
2. Fólksbíla, jepplinga og lágprófildekk
Neglanleg, flestar stærðir. Verð á algengu fólksbíladekki
195/65 R15, 12.500 kr.
3. Fólksbíla, jepplinga og lágprófildekk
Heilsárs, flestar stærðir. Verð á algengu fólksbíladekki
205/55 R16, 14.900 kr.
4. Fjór hjóladekk
Radial. 26 og 27" í 12, 14 og 15" felgustærð.
Verð á 27x12 R12, 37.500 kr.

Höfum þjónustað landsmenn í meira en þrjátíu ár

Hjá Pústþjónustunni BJB er rekin alhliða þjónusta fyrir bifreiðaeigendur; innflutningur á pústkerfum og dekkjum ásamt dekkþjónustu, viðgerðir og smíðar á pústkerfum, bremsu- og smurþjónusta svo eitthvað sé talið. Einungis er boðið upp á viðurkenndar vörur frá heimsþekktum framleiðendum.

Starfsmenn Pústþjónustunnar BJB að Flatahrauni 7 í Hafnarfirði hafa í nógu að snúast þessa dagana, en þar er rekin alhliða þjónusta fyrir bifreiðar ásamt sölu á fjór hjóladekkjum og felgum.

„Upphaflega var þetta pústþjónustufyrirtæki og rekið sem slíkt í meira en 27 ár, þar sem megináherslan var lögð á sölu, skipti og viðgerðir á pústkerfum og sérsmíðuð pústkerfi í breytta bíla. Þegar eigendaskipti urðu árið 2007 ákváðum við hins vegar að færa okkur út í heildstæða þjónustu, svo sem smurningu, bremsur, dekk, smávægilegar viðgerðir og fleira,“ segir eigandinn Piero Segatta.

Að hans sögn er fyrirtækið sífellt að leita leiða til að bæta þjónustuna. „Til marks um það byrjunum við nýlega að þjónusta fjór hjól.“ Ástæðuna segir Piero meðal annars þá að fjór hjólum fjölgi stöðugt hérlendis. „Menn hafa áttað sig á því að fjór hjól er hægt að nota til margvíslegra hluta, til leikja, vinnu eða í útleigu. Þeir sem áður hefðu keypt sér snjó-sleða velja nú hugsanlega frekar fjór hjól enda verður notkunartíminn lengri með réttum dekkjum og þá vilja menn vera vel útbúnir.“

Meðal þess sem eigendum fjór hjóla stendur til boða hjá Pústþjónustunni eru radial-dekk. „Þau henta vel við íslenskar aðstæður, sérstaklega í snjó þar sem hægt er að hleypa úr þeim lofti og ná gríðarlega góðu floti. Dekkin verða ekki stíf í kulda eins og strigadekk, hafa gott grip



„Hjá okkur starfa menn með mikla reynslu að baki. Hér eru tveir sem eru með samanlagðan 45 ára starfsaldur, þannig að viðskiptavinir okkar fá fyrirtaksþjónustu.“

og eru mjúk í akstri. Tvö merki eru í boði. Annað er Maxxis Big Horn, sem hefur sannað sig hér, en í því eigum við bæði 26 og 27 tommu dekk í tólf tommu felgustærð. Hitt merkið er Vision Trail Finder, með 26 tommu dekkjum í fjórtán og fimmtán tommu felgustærð, en þau eru ekki eins gróf og breið og Big Horn, valda minni hávaða og eru heppilegri til götuaksturs.“

Piero segir að eigendur fólksbíla og jeppa ættu heldur ekki að koma að tónum kofanum hjá honum. „Fyrir fólksbíla, jepplinga og jeppa erum við með eigið

dekkjamerki, Federal Tyres, sem hefur fimmtíu ára reynslu í framleiðslu dekkja. Þarna fær fólk mikil gæði á sanngjörnu verði,“ bendir hann á en tekur fram að öllu helstu merkin séu líka í boði, en þá helst fyrir jeppa, lúxusjeppa og „sportjeppa“: Bridgestone, Cooper, Dunlop, General, Goodyear, Firestone, Mickey Thompson, Pirelli og Toyo. „Svo sérhæfum við okkur í „lágprófil“ dekkjum á flestar stærðir lúxus og betri fólksbíla. Þessi merki flytjum við inn frá Bandaríkjunum og bjóðum í mörgum tilfellum betra verð en umboðsaðilar hér heima.“



Þeir sem skrá sig í Sparitilboð N1 á n1.is fá veglegan afslátt

Hjólbarðaþjónusta

-15%

Láttu ekki veturinn koma þér á óvart!

Frábært úrval af dekkjum, dekkjahótel og betri þjónusta

Þú færð skjóta og góða hjólbarðaþjónustu hjá N1. Við bjóðum upp á eitt mesta úrval landsins af hjólbörðum og geymum sumardekkinn á dekkjahótel fyrir þá sem vilja. **Renndu við hjá okkur þegar þér hentar, við tökum vel á móti þér!**

Hjólbarðaþjónusta N1 er að finna víða á höfuðborgarsvæðinu og á völdum stöðum á landsbyggðinni.

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



Nýir og gamlir slagarar í menningariðnaði tískunnar

Tískufræðingar eru nú á braut eftir tískuviku í París sem tókst nokkuð vel og því hægt að líta í róleghheitum á helstu viðburði og tísku næsta sumars um leið og veður kólnar og dagar styttest. Tískupressan hefur að vanda verið upptekin af föstum liðum eins og venjulega, Chanel, Dior og YSL en þó eru nokkrir nýir sem láta meira og meira að sér kveða eins og Indverjinn Manish Arora, sem reyndar olli vonbrigðum að þessu sinni, eða Anne-Valérie Hash en hönnun hennar einkennist af síauknum léttleika í kreppunni. Ókrýndur tískukóngur franska tískuheimsins um þessar mundir er hins vegar Nicolas Ghesquière hjá Balenciaga og virðast honum allir vegir færir, þó innan við fertugt sé. Á sýningunni, sem fram fór á einu frægasta glæsihótelu Parísar, Crillon, fór hin nútímalega hönnun vel við gyllingu og kristalsljós fyrri alda. Klæðnaðurinn mynti á herklæði fornaldar með óteljandi smáatriðum eins og vösom og kögri, stundum með hettu. Við þessi klæði eru notaðar þröngar buxur (leggings) úr næfurpunnu leðri. Í seinni hluta sýningarinnar voru sýnd míní-pils og kjólar fyrir hanastél í '80s-stíl.

hann þó lært af byrjendamis-tökum sínum og hannar nú aðeins nothæfari fót þrátt fyrir allt. Pugh leitar í klæði stríðshetja fantasíusagna sem eru komnar beint út úr bardaga eða sandbyl, allt gert úr gráum lit og leðri, efnið stundum rífið og allt þetta kórónað með fjaðraskreyttum greiðslum. Þrátt fyrir að vera gotískur og allar línur mjög formlega mótaðar er hönnunin ekki eins framúr-stefnuleg og áður. Á sýninguna var rjóni tískuvikunnar mættur, stjörnur, ritstjórar, innkaupastjórar og nokkrir enskir pönkarar rétt til að minna á uppruna Pughs.

Einn frægasti núlifandi listamaður tískunnar, Christian Lacroix, var þó fjarverandi á þessari tískuviku en tískuhús Christians Lacroix hefur verið í greiðslustöðvun síðan í júní og fljótlega kemur í ljós hvort hægt verður að finna fjárfesta til að koma því á flot að nýju. Á tískuviku fréttist reyndar af áhuga sjeiksins Hassans ben Ali al-Naimi frá furstadæminu Adsmán á því að fjármagna Lacroix. Lacroix sagði á dög- unum í viðtali við menningar-tímaritið Les Inrocks „tískan er iðnaður en ekki list“ en á sama tíma segir Frédéric Mitterrand, menningarmálaráðherrafranski, í opnunarræðu tískuvikunnar að tískan sé menningariðnaður. Er tískan þá kannski ekki list eftir allt saman?

bergb75@free.fr

Ronaldo og Fox ný andlit Armani

Fótboltakappinn Cristiano Ronaldo og leikkonan Megan Fox taka við af Beckham-hjónunum sem andlit undirfötalínu tískurísans Armani.



Hin síðari ár hafa David og Victoria Beckham setið fyrir í auglýsingum Emporio Armani á undirfötum. Nú vikja þau fyrir tveimur öðrum ofurstjörnum. Fótboltakempan unga Cristiano Ronaldo mun sitja fyrir á nærbrókinni í stað Davids og dúndurgellan Megan Fox sýnir lögulegar línur sínar í stað Victoríu fyrir vor- og sumarlínu Emporio Armani. Ronaldo, sem hætti hjá Manchester United og gekk til liðs við Real Madrid í júlí, vakti óskipta athygli síðasta sumar þegar myndir náðust af honum í sumarfríi í heldur efnislitlum sundbuxum. Armani vissi því að hverju væri gengið hjá Ronaldo, sem fær margar konur til að kíkna í hnjúnum með því einu að fara úr að ofan.



Megan Fox þykir lögulegur kvenmaður sem mun taka sig vel út í undirfötum frá Armani.

Ronaldo er sólbrúnn og fagur og fær mörg hjörtu til að slá hraðar.



Léttari handtök í eldhúsinu með



Grænmetisbursti



Kartöflustappari



Krukuopnari



Multigrip opnari



Piskur



Sósusprotinn

www.eirberg.is • 569 3100 Stórhöfða 25

Bjóðum Þóri velkominn á SPACE

Tek vel á móti gömlum og nýjum viðskiptavinum,



Hárstofan Hæðarsmári 6 Sími: 544 4455



Frúin í Flash tekur til

50% afsl. af völdum vörum

Allar peysur 50% afsl. Áður 7990 Nú 3990

Gallabuxur háar í mittið 50% afsl. Áður 6990 Nú 3490

Bolir, toppar, skokkar 50% afsl

Kápur, jakkar, "leðurjakkar" Áður 19990 Nú 6990

Og margt, margt fleira á ótrúlegu verði



Laugaveg 54, sími: 552 5201

Stelpur Konur mótun

Staðurinn - Ræktin

Mótun - Nýtt námskeið í boði!

Æfingakerfi hannað af Báru Magnúsdóttur

Síðustu námskeið fyrir jó!

Innritun hafin í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

7 vikna námskeið 2x í viku. Ath aðeins 15 í hóp. Verð kr: 19.900. Kennari: Bára Magnúsdóttir.

- Vaxtarmótun • Mýkt - liðleiki • Styrkur - reisin • Upphitun í tækjasal 20 mín
- MÓTUN, æfingakerfi 40 mín • Hentar öllum aldersflokkum

Miðvikudaga og föstudaga • Kl 16:20 • Kl 17:00

Þriðjudaga og fimmtudaga • kl 8:30 • kl 10:30

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!



leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 jsb@jsb.is • www.jsb.is

Stelpur Konur STOTT PILATES

Staðurinn - Ræktin

STOTT PILATES Síðustu námskeið fyrir jó!

Innritun hafin í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

STOTT PILATES æfingakerfið er frábær leið til að:

- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
- Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.

Kennt er 2x í viku í 9 vikur. Þriðjudaga og fimmtudaga kl 15:30 og 16:30.

Nýr tími mánudaga og miðvikudaga kl 7:30. Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.

Byrjenda- og framhaldsnámskeið. Verð kr. 32.400.

Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!



leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 jsb@jsb.is • www.jsb.is

Geymsluhúsnæði

Geymslugámar!
Ýmsar stærðir til sölu og leigu
Gott verð!

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Sími: 535 2550

Ringhella 5 • 221 Hafnarfjörður
info@hafnarbakkis.is • www.hafnarbakkis.is

Geymsluhúsnæðið

Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótórhljól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m². Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564-6500

Bílskúr

Til leigu bílskúr í Hafnarfirði. Hiti og rafmagn. Ekki íbúðarhæfur. Upplýsingar í síma 864-7272.

Gisting



CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!

Fullbúnaðar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalija@stracta.com

Takk!
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Veitingahús í Kópavogi
Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 28+.
Upplýsingar í síma 894 0292.

Geysir - Bistró bar Aðalstræti 2

Erum að leita af röskum og skipulögðum kokki til starfa með okkur, vaktarvinna.
Upplýsingar veitir Birgir í s. 517 4300



Nýtt veitingahús í Kringlunni.

Portið Veitinga og kaffihús óskum eftir vönum aðstoðarmanni í eldhús, þarf helst að hafa reynslu að matargerð og bakstri. Við leitum að heiðarlegum, áreiðanlegum og stundvísu starfskrafti sem getur hafið störf sem fyrst.

Aðeins íslensku-mælandi umsækjendur koma til greina Áhugasamir sendi umsókn á portid@portid.is eða hafið samband við Ivar s.867-3492



Kornið

Afgreiðslukonur vantar í Kornid Reykjavíkurveg, Lækjargötu, Borgartúni, Hrisateigi, Spönginni, Ógurharfi. Vinnutími 07-13 eða 13-18. Einnig vantar helgarstelpur í Lækjargötu, Borgartún, Reykjavíkurveg og Hjallabrekku. Uppl. í síma 864 1593.

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki til starfa við útríngingar á kvöldin. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl gefur Ingibjörg í 661 2826 og Elí á eli@tmi.is

Sóðoma og Bar 11 óskar eftir dravörðum og barþjónum, ekki undir 20 ára. Uppl. í s. 695 5676 milli kl. 14-17

Aukavinna- Uppgrip

Getum bætt við okkur fólki í símasölu. Frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. í S 868 4551

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakaríi. Vinnutími frá 07-13/13-18.30. Helena sími: 699-5423

Nýr og skemmtilegur veitingastaður í Kópavogi óskar eftir að ráða duglegt og hresst starfsfólk til vinnu. Góð laun í boði. Uppl. í s. 894 4790 í dag milli kl. 13-16

Húsasmíðameistari óskar eftir smíðum við nýsmíði og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

STÖRF.IS

Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnu-auglýsinga. Leitinn hefst hjá okkur.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Nytjamarkaður til styrktar ABC barnahjálpa og kærleikans, Skútuvogi 11a

Til sölu bæði nýtt og notað, t.d föt, húsgögn og fleira.
Föt 50 kr - 1200.-
Einnig gefins föt.
Húsgögn frá 200-15þ.
Tökum á móti öllum hluti.
Opið virka daga frá 12-18.
S. 520 5500.

Einkamál



Samkynhn. KK ath.

Á Rauða Torginu Stefnumót er mikið um nýjar auglýsingar samkynhneigðra karla. Þú auglýsir frítt í s. 535-9923 en hlustar á auglýsingar í s. 905-2000 eða 535-9920.



Leitar þú ævintýra?

Notaðu Rauða Torgið Stefnumót eins og tugir kvenna sem leita ævintýra! Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar heyra og svara auglýsingum kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

Símadömur 908 1616
opið fyrir Vodafone & Tal

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Þjónustuauglýsingar

Frábærir heilsuhaldarar

YNJA
UNDRIFATVÆRSLIN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

Lifstýkkjabúðin

Þú minnkar um eitt númer

Body Wrap

Við á Hársmiðjunni bjóðum þær Birnu & Elvu velkomnar til starfa!

hársmiðjan

Smíðuvegi 4 Græn gata 200 Kópavogi 557-3232 www.harsmidjan.is

Tilboð

DÚNDURTLIÐ !!!

Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.-
pakinn með poka, strengiasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.-
Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.-
Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.-
Hljómborð frá kr. 8.900.-
Trommusett kr. 79.900.- með öllu.
Gítarinn Stórhöfða 27.
S. 552 2125 www.gitarinn.is

Sérsmíði & lagfæringar

Vönduð sérsmíði er okkar fag ásamt lagfæringum fyrir heimili og fyrirtæki.

Innréttingar, stigar og handrið, innihurðir, húsgagnaviðgerðir, lökkun, viðhald húseigna.

Jón G. Ragnarsson / 692 1233
Bogi S. Thorarensen / 863 7189
Pröstur Ásgeirsson / 822 8996

TJ Innréttingar www.tj.is

Motor sport

ÞJÓFAVARNIRNAR KOMNAR AFTUR!

nú einning með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin ringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.-

Mótorsport ehf Síðumúla 34, 108 Rvk. S. 567 1040

www.tomstundahusid.is

Nýkomin sending af lömpum með stækkunargleri í úrvali. Tómsundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600

TOMSTUNDAHUSIÐ

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309
690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is

Gólf list

Fólk í fréttum?

UMRÆÐAN

Purý Björk Björgvinsdóttir skrifar um fjölmiðla



PURÝ BJÖRK BJÖRGVINSDÓTTIR

Fimmtudaginn 15. október stofnaði ég hóp á Facebook sem ber nafnið Burt með slúðurfréttirnar af Vísi.is. Hef ég á stuttum tíma fengið miklar og góðar viðtökur en þegar þetta er ritað eru alls 724 meðlimir í hópnum og fjölgar þar stöðugt. Það er deginum ljósara að ég er ekki ein um þær skoðanir sem hér á eftir fara.

Ég hef í nokkurn tíma verið afar ósátt við dálkinn Fólk í fréttum á Vísi.is. Fyrirsagnir á borð við „Risavaxnar mjaðmir“, „Ómálað smetti“, „Sjúskuð og sjoppuleg“, „Sæl þrátt fyrir skvap“ og „Flatbrjósta – Myndir!“ eru bara toppurinn á ísjakanum.

Ég vil taka það fram, að ég er í sjálfu ekki á móti slúðurfréttum, þær geta haft ótvírætt skemmtanagildi. Ég nam fjölmiðlafræði í Háskóla Íslands sem aukagrein og tók m.a. fyrir í BA-ritgerð minni fyrirbæri sem vestanhafs kallast *infotainment*, eða upplýsingaafþreying eins og ég kaus að þýða það. Í veröld sem er yfirfull af fréttum af stríði, fátækt, umhverfismengun, fjármálakreppum og falli Lehman bræðra, er einungis skiljanlegt að fólk sæki í léttara og auðmeltara efni.

Það er hinsvegar mikill munur á því að birta fréttir um það hvaða Hollywood stjörnur séu að slá sér upp og því að taka konur fyrir og úthrópa þær fyrir það eitt að yoga sér ómálaðar út úr húsi! Útlitskröfur blaðamanna Vísis.is eru greinilega ekkert smáræði.

En þessar upphrópanakenndu furðufréttir um útlit kvenna ýta ekki aðeins undir fátalmyndir um að allar konur eigi að líta út eins og súpermódel. Þær eru einnig litaðar af stækri kvenfyrirlitningu og fordómum. Það er alvarlegt mál og það getur ekki talist ásættanlegt að einn stærsti vefmiðill landsins kjósi að birta í sífellu „fréttir“ af því tagi.

Staðreyndin er sú að þetta eru mikið lesnar færslur. Því miður er ég hrædd um að mikill meirihluti lesenda þeirra sé börn og unglingar og því er ábyrgð þeirra sem þær skrifa enn meiri. En ábyrgð okkar sem lesenda er einnig umtalsverð og því verðum við að reyna að vekja fólk til umhugsunar. Höfum hugfast að börn og unglingar eru á

því tímaskeiði í sínu lífi þar sem sjálfmyndin er í mestri mótun.

Mér finnst það satt að segja afar sorglegt að fólkið á bak við þessar færslur skuli geta sest niður og skrifað svona um konur. Fólk sem

En þessar upphrópanakenndu furðufréttir um útlit kvenna ýta ekki aðeins undir fátalmyndir um að allar konur eigi að líta út eins og súpermódel. Þær eru einnig litaðar af stækri kvenfyrirlitningu og fordómum.

líklega á dætur, mæður, frænkur og vinkonur, væntanlega af öllum stærðum og gerðum. eru þetta virkilega skilaboðin sem þetta fólk vill senda stúlkum og konum í okkar samfélagi? Að konur sem fari ómálaðar út í búð, í skólann

eða til vinnu, sé með „ómálað smetti“?

Einn meðlimur Facebook-hópsins hringdi í vikunni á fréttastofu Vísis.is þar sem þau svör voru gefin að þar sem þetta væru með mest lesnu fréttum síðunnar væri lítið hægt að gera. Hinsvegar er það svo að fréttir með mörgum myndum gefa alls ekki rétta mynd af fjölda flettinga. Vefmiðlar virka þannig að með hverri mynd sem þú skoðar, hvert klikk inni í fréttinni sjálfri telst sem ein lesning. Þannig að þegar upp er staðið, frétt lesin og allar myndir skoðaðar, telur síðan að þú hafir lesið fréttina alls 10-15 sinnum eftir því hvað myndir eru margar. Þetta er án efa skýring þess að þessar

slúðurfréttir eru hvað eftir annað mest lesnu fréttirnar á Vísi.is.

Ög hvað með það þó þetta séu mest lesnu fréttirnar? Er Vísi.is tilbúinn til að henda siðferðislegum viðmiðum út um gluggann bara til að fá fleiri heimsóknir á síðuna sína? Væru sömu svör gefin ef birtast tækju þar fréttir sem væru uppfullar af kynþáttafordómum? Er svarið „Ég meina hey, svo framarlega sem fólk er að lesa þetta...“ virkilega boðlegt? Við getum gert það sem í okkar valdi stendur og sniðgengið þessar fréttir á sama tíma og við köllum á breytingar á ritstjórnarstefnu þessa dálks!

Höfundur er stjórnmálafræðingur.

VEISLU WIKKA

20.-27. okt.



10 bitar

Stór af frönskum

2 l pepsi



2.690kr



www.kfc.is

HAFNARFIRÐI
KÓPAVOGI
REYKJAVÍK
SELFOSSI
REYKJANESBÆ
MOSFELLSBÆ
FOSSVOGI



Blaðberinn bíður þín


Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... goðar fréttir fyrir umhverfið

ALLTAF

BETRA VERÐ



22"

NÝJA STÝRIKERFIÐ FYLGIR PAKKANUM



WINDOWS 7

ACE Special Edition

Intel Core 2 Duo E7400 2.8GHz örgjörvi • MSI P43 NEO-F meðurborð • 2GB Dual DDR2 800MHz Corsair minni • 22" Philips LCD 220CW9FB skjár • 1600dpi Ace Laser Gaming mús með 6 hnöppum • 512MB MSI ATI Radeon HD4850 skjákort • 22xDVD±/16xDL skrifari og 48x/32x/48x CD skrifari • 640GB WD Caviar SE16 - SATA diskur • Windows 7 Home Premium

TÖLVUTILBOÐ

169.990



acer FARTÖLVA

Acer Extensa 5635Z-432G16Mn

2.1GHz Intel Pentium Dual-Core T4300 - Centrino Duo örgjörvi • 2GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.6" FHD WXGA LED breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort • Windows 7 Home Premium

119.990



acer FARTÖLVA

Acer Ferrari One 313G25N

1.2GHz AMD Athlon X2 Dual Core L310 örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA harðdiskur • 11,6" TFT WXGA skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort • Mjög vönduð snertinæm músarsýring með skrúni • Vefmyndavél • Li-ion rafhlöða (5 tímar) • Windows 7 Home Premium 64-BIT

5 TÍMAR Á RAFLÖÐU

139.990



ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL PHILIPS

Philips SBCHC8440

Þráðlaus heyrnartól með FM sendi og hleðslurafhlöðu • Henta við sjónvarpið, græjumar eða tölvuna

12.990



MEDIASPILARI

United HD MMP 9530

3.5" margmiðlunarspilari • HDMI, Optical og Composite tengi • Innbyggður SD/MMC kortalesari • USB Uplink

UNITED 720/1080i

14.990



EPSON

SKANNERPRENTARI

Epson SX210

A4 fjölnotatæki • Prentar 5760 x 1440 punkta i • Skannar 1200 x 2400 punkta i • Prentar 32 sv/hv bls. mín. og 15 bls. í lit i • Útrentanir endast allt að 200 ár i • USB • Windows / Mac

14.990



19"

3ja DAGA TILBOÐ 3.000 kr. AFSLÁTTUR

LCD SKJÁR

19 Acer V193WBb

19" LCD breiðskjár • 1440x900 upplausn • 10.000:1 skerpa • 16.7 milljónir lita • 5ms viðbragðstími

24.990

FULLT VERÐ KR. 27.990



DX11 SKJÁKORT

Sapphire ATI Radeon 5770 1GB DDR5

1GBB DDR5 skjákort með 400MHz RAMDAC minni, 850MHz kjarna, HDMI, 2 DVI Out, Display port ofl. Hámarks upplausn 2560 x 1600. Styður Microsoft DirectX 11 og OpenGL 3.1.

34.990

TÖLVU LISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

SJÓFLUTNINGAR FYRIR ÍSLENDINGA Í 95 ÁR



NOKKUR ORÐ
Kjartan
Guðmundsson

Vestast á Vesturbrú

Þegar ég flutti til gömlu herraþjóðarinnar fyrir nokkrum árum var ég staðráðinn í að fylgja ekki staðalímyndinni af Íslendingi í Kaupmannahöfn, sem talar helst ekki við aðra en samlanda sína og leitar uppi lúðalegar Íslendingasamkomur hvar sem þær er að finna. Nei, ég ætlaði sko að sanna tilverurétt minn meðal innfæddra. Liður í þeirri viðleitni var að fara í ódýra klippingu á Vesturbrú. Salon Vest á Gasværksveji leit ágætlega út við fyrstu sýn, ekki síst vegna þess að stofan auglýsti klippinguna á áttatíu krónum danskar, sem á gengi dagsins í dag reiknast um það bil 72.000 krónur. Tyrknesk-ættaður hárgreiðslumeistarinn tók mér fagnandi, færði mér bolla af ilmandi góðu tei, skellti þemalaginu úr Guðföðurnum í panflautu-útsetningu á fóninn og bað mig vinsamlegast að setjast.



Það var þá sem ég leit í spegilinn og uppgötvaði mér til skelfingar að á veggnum fyrir aftan okkur var risavaxin mynd af leikaranum Kevin Costner. Ef gæjanum þótti hárgreiðsla sjálfs Postman til fyrirmyndar voru góð ráð dýr. Ég svitnaði.

„Hvernig klippingu má bjóða herranum?“ spurði rakarinn. Framan á tímariti sem lá á borði við hlið mér var mynd af annarri Hollywood-stjörnu, Elijah Wood úr Lord of the Rings. Í örvæntingu minni var ég kominn á fremsta hlunn með að biðja um Elijah-klippingu en guggnaði og pantaði þess í stað „standard klip“, lokaði augunum og vonaði það besta.

Klippingin sem ég fékk var mjög stand-ard. Ég gekk út af Salon Vest með lúkkið sem hefur fylgt mér meira og minna síðan; krúnurakaður gleraugnaglamur með bumbu eftir allt smørrebróð-átið. Dálítið eins og ólétt lesbía.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán


Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



EIMSKIP

www.eimskip.is

Yfir hafid og heim



Windows[®] 7

MESTA ÚRVALIÐ

MESTA ÚRVALIÐ AF WINDOWS 7 TILBOÐUM

TIL AFGREIÐSLU STRAX



GIGABYTE ALVÖRU LEIKJATÖLVA

Magnaður og öflugur leikjaturm frá GIGABYTE hlaðin nýjungum og með nýja Windows 7 64-BIT stýrikerfinu frá Microsoft.

- AM3 Phenom II X2 550 3.1GHz 7MB
- GIGABYTE 720-US3 móðurborð
- 4GB DUAL DDR2 1066MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ harðdiskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 7.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- 1GB ATI HD4670 GDDR3 skjákort
- GIGABYTE 500W SETTO leikjaturm
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

Windows 7

129.900
WINDOWS 7 LEIKJATURN

TIL AFGREIÐSLU STRAX



TJ66 FARTÖLVA Á TILBOÐI

Nýjasta kynslóð fartölva frá Packard Bell með 15.6" HD LED skjá ásamt 300Mbps þráðlausu neti og Windows 7 stýrikerfinu.

- Intel Dual Core T4300 2.1GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB GeForce G105M skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- HDMI HDCP, 5-in-1 kortalesari o.fl.
- Windows 7 Home Premium

packard bell

149.900
ÖFLUG WINDOWS 7 FARTÖLVA

AÐEINS ÞESSA HELGI



WINDOWS 7 HOME PREMIUM ÚTGÁFAN

Nýja Windows 7 stýrikerfið kemur bæði með 32-bit og 64-bit útgáfu og er hraðvirkara, áreiðanlegra og einfaldara.

- Nýtt einfaldara og þægilegra viðmót
- Ræsir forrit og finnur gögn hraðar
- Meiri hraði og áreiðanleiki á netinu
- Einföld leið til að deila gögnum
- Auðvelt að deila prentara og fleiru
- Póstforrit og gott myndvinnsluforrit
- Enn öflugara og léttara í keyrslu
- Bæði 32-BIT og 64-BIT útgáfa fylgir

Windows 7

24.900
FULL ÚTGÁFA - TIL AFGREIÐSLU STRAX

AÐEINS ÞESSA HELGI



WINDOWS 7 ULTIMATE ÚTGÁFAN

Öflugasta og stærsta útgáfan af Windows 7 stýrikerfinu kemur bæði með 32-bit og 64-bit útgáfu.

- Nýtt einfaldara og þægilegra viðmót
- Ræsir forrit og finnur gögn hraðar
- Innbyggt Windows XP mode
- Hægt að tengjast vinnunetinu
- Auðvelt að deila prentara og fleiru
- BitLocker gagnakóðun og öryggi
- Veldu sjálfur á milli 35 tungumála
- Bæði 32-BIT og 64-BIT útgáfa fylgir

Windows 7

34.900
UPPFÆRSLA - TIL AFGREIÐSLU STRAX

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

acer ASUS



lenovo MSI



packard bell

SONY

TOSHIBA

menning

menning@frettabladid.is



ath kl. 20

Annað rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða á haustmíssi 2009 verður haldið í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3, í kvöld. Þar flytur Finnur Friðriksson, lektor við Háskólann á Akureyri, erindið „Maður er bara ekki Íslendingur ef maður fallbeygir ekki rétt“. Breytingar á íslensku nútímamáli og viðhorf málnotenda til þeirra.

FRÁ PUTALANDI TIL PARÍ SAR

Nordic Affect í Þjóðmenningarhúsi

Í kvöld heldur kammerhópurinn Nordic Affect tónleika í gamla lestrarsal Þjóðmenningarhússins. Yfirskrift þeirra er Frá Putalandi til Parísar. Meðal viðkomustaða á tónleikunum eru dimm húsasund Parísarborgar á 18. öld og Putaland Gúllivers. Nordic Affect-hópurinn var stofnaður árið 2005 og hefur komið fram á Íslandi, í Danmörku, Hollandi og Englandi. Á tónleikunum munu tveir af meðlimum hópsins, barokkfíðluleikararnir Halla Steinunn Stefánsdóttir og Sara DeCorso flytja dúó frá 18. öld eftir Haydn, Leclair og



Telemann. Í bland við tónlistarflutninginn verður sagt frá tónskáldunum og tónsmíðum þeirra en þar á meðal er hin skemmtilega Gúlliver svíta Telemanns. Til gamans má geta að helgina á eftir munu þær endurtaka tónleikana í sjálfri París, nánar tiltekið í Dönsku kirkjunni þar í borg. Tónleikarnir í Þjóðmenningarhúsinu hefjast kl.20 og eru styrktir af Tónlistarsjóði og Reykjavíkurborg.


- pbb

TÓNLIST Halla Steinunn Stefánsdóttir fíðluleikari. MYND/ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

> Ekki missa af


Í vetur ætla nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík að halda ferna tónleika í Norræna húsinu. Nemendur skólans sjá um allan flutning á tónlistinni.

Á laugardag er komið að fyrstu tónleikunum en þar verður eingöngu flutt frönsk tónlist sem spannar allt frá 15. aldar kammertónlist yfir í 20. aldar einleiksverk. Fjölbreytnin ræður ríkjum í bæði hljóðfærverkum og söngverkum. Meðal höfunda eru Claude Debussy, Francis Poulenc og Jean-Philippe Rameau. Tónleikarnir hefjast kl. 14.00.



FYRIR FRAMAN ANNAÐ FÓLK

eftir Kristján Þórð Hrafnsson



Í Hafnarfjarðarleikhúsinu

„... leikararnir ná vel til áhorfenda og ekki stóð á viðbrögðum þeirra, það var hlegið dátt í salnum... sýningin er þrælfyndin á köflum...“

Þorgerður E. Sigurðardóttir, Vídsjá RÚV, 5. okt.

„Þau Sveinn Geirsson og Tinna Hrafnadóttir voru bæði mjög góð í sínum hlutverkum. Sveinn átti salinn... skemmtileg sýning“

Elísabet Brekkan, Fréttablaðið, 5. okt.

Næstu sýningar:

lau 24. okt kl. 20 / fös 30. okt kl. 20 / fös 6. nóv kl. 20

lau 14. nóv kl. 20 / sun 15. nóv kl. 16 (eftirmiðdagssýning)

Miðasala í síma 555 2222 og á midl.is



VÖLUSPÁ SETT Á SVIÐ

Völva er rafrænn leikhússeiður sem miðlar hinum leyndardómsfulla spádómi Völuspár með nýrri gagnvirkri tækni í sýningu sem frumsýnd verður í Kassanum, litla sviði Þjóðleikhússins í kvöld.

Völva byggir á Völuspá, endurortri af Þórnarni Eldjárn. Verkið er sambræðsla leiklistar (Pálína frá Grund), tónlistar (Skúli Sverrisson), vídeó-listar (Xavier Boyaud) og framsækinna tækni í stjórnun á hljóði og mynd (Walid Breidi). Völvun íklæðist sérstökum hljóðkjól sem er eins konar galdrataeki sýningarinnar og hún stjórnar framvindu verksins með.

Í tengslum við frumsýningu Þjóðleikhússins á Völvu opnar Myndlistaskóli Reykjavíkur tvöfalda sýningu í anddyri Kassans. Annars vegar er um að ræða margmiðlunar-sýningu eldri nemenda skólans (fornámsdeildar) og hins vegar sýningu á myndverki um yngri nemenda (6-16 ára). Öll verkin vísa í heim Völuspár. Hrafnar munu fljúga og greinar Asks Yggdrasils kræklast um veggina. Formleg opnun sýningarinnar var í gær en þá var unga listafólkinu boðið á sérstaka forsýningu á Völvu.

Jafnframt verða umræður eftir ákveðnar sýningar á verkinu þar sem rædd verða ákveðin atriði. Fyrstu umræðurnar verða í lok sýningar á laugardaginn kemur en þá mun Þórnarni Eldjárn ræða texta Völuspár og glímuna sem hann stóð frammi fyrir þegar hann ákvað að enduryrkja kvæðið á nútímamáli.

Völuspá telst til Eddukvæða, er geyma kvæðabálka sem lifðu í munnmælum þar til á 13. öld, er kvæðin voru skráð. Völuspá er óður um sköpun heimsins og endalok hans í Ragnarökum.

Flegði Óðinn yfir herinn spjóti.
Höfst þá stríð í heimi fyrst.



LEIKLIST Pálína Jónsdóttir í hlutverki sínu í Völvu, sem er verk samið af henni og Walid Breidi. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

Verkið hefur haft ómælanleg áhrif á íslenska, norræna og þýska menningu og hefur orðið hundruðum höfunda uppspretta nýrra verka, frá myndlist, myndasögum yfir í tónlist og bókmenntir af mörgum greinum.

Hugmynd og leikstjórn eru í höndum Pálínu Jónsdóttur og Walids Breidi. Völvun er túlkuð af Pálínu Jónsdóttur og Walid Breidi sér um hljóðinnsetningu. Höfundur Völuspár er ókunnur en Þórnarni Eldjárn endurorti hana á nútímamáli. Skúli Sverrisson er höfundur tónlistar og sviðsmynd, ljósa- og vídeóinnsetning er verk Xaviers Boyaud. Búningur er hannaður og gerður af Filippu I. Elísóttur og Guðrúnu Rögnu Sigurjónsdóttur.

Völva hlaut þróunarstyrk úr Leikritunarsjóðnum Prologos og styrki frá franska sendiráðinu, menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg.

Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Pálínu frá Grund.

pbb@frettabladid.is

Sökkvið tönunum í þessa

Heimur Isabellu hverfist um eitt og aðeins eitt: Edward Cullen! En það er jafnvel enn hættulegra að elska vampíru en hún gerði sér í hugarlund ...

JPU
JPU ÚTGÁFA
www.forlagid.is

★★★★★
amazon.com

Í EFSTU SÆTUM
METSÖLULISTA
UM ALLAN HEIM

1.
Sæti

METSÖLULISTI
EYMUÐSSON

Þingað um grafík

Föstudaginn 23. október verður haldið málþing um grafík í Þjóðminjasafni Íslands í tengslum við sýninguna Svart á hvítu – prentlistin og upplýsingabyltingin. Málþingið er haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins og stendur frá kl. 15-17.

Dagskráin er unnin í samvinnu við Íslenska grafík og Prentarafélag Íslands. Ríkharður Valtingoer, Valgerður Hauksdóttir og Gunnhildur Þórðardóttir flytja erindi fyrir hönd Íslenskrar grafíkur, Friðrik Friðriksson prentarðgjafi gefur inn-sýn í breytingar í prentiðnaði og Ágústa Kristófersdóttir, sýningarstjóri Þjóðminjasafnsins, kynnir sýninguna, Svart á hvítu – prentlistin og upplýsingabyltingin. Að lokum verður sýningin skoðuð.

Á sýningunni Svart á hvítu – prentlistin og upplýsingabyltingin getur að líta gripi frá því á fyrstu dögum prentsins á Íslandi, prentmót og bækur frá því á 16. öld og fram á miðja 19. öld. Gripirnir gefa inn-sýn í þá tíma þegar bækur voru settar og prentaðar án sjálfvirkni og hver bók var einstakur dýrgripur.

Sýnd eru prentmót sem Þjóðminjasafninu bærust árið 1868 og eiga uppruna sinn í fyrstu íslensku prentsmíðjunum. Sum mótin eru sýnd með bókum þar sem þau koma fyrir, en önnur eru sýnd með afbrykkum.

Prentmót geyma oft myndir



MENNING Ríkharður Valtingoer vinnur í stein, en hann heldur fyrirlestur á þinginu. Ríkharður sýnir verk sín um þessar mundir í Sal Íslenskrar grafíkur í Grófarhúsi. MYND/ÍSLENSK GRAFIK

sem annars hafa glatast. Þannig var Landsbókasafni gefið stórt safn prentmóta sem komu úr eigu Ólafs Hvannadal. Ólafur var fyrsti prentmyndasmíðurinn sem gerði mót af ljósmyndum hér á Íslandi og skólaði upp kynslóðir prentmyndasmíða sem á eftir komu.

Krakkadagar



20% afsláttur
af öllum fatnaði á krakkana

Kuldafatnaður og sportfatnaður
Gildir til mánudags

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 22. október 2009

→ Tónleikar

20.00 The Sleeping Prophets og Vulgate koma fram á fimmtudagsforleik Hins hússins. Aðgangur er ókeypis og allir allsgáðir 16 ára og eldri velkomnir. Gengið inn í kjallara Austurstrætismegin.

20.00 Í Frikirkjunni í Reykjavík verða haldnir tónleikar til styrktar Mæðrastyrksnefnd. Fram koma: Sebastian Storgaard, Svavar Knútur, Karl, Myrra Rós og Tryggvi Gunnarsson.

20.30 Brasílíska söngkonan Jussanam Dehja og hljómsveit verða með útgátónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

20.30 Buff og Mannakorn verða með tónleika á Nasa við Austurvöll í tilefni af útkomu ævisögu Magnúsar Eiríkssonar og nýrrar plötu með bestu lögum hans í nýjum útsetningum.

21.00 Jazzklúbburinn Múlinn stendur fyrir tónleikum í kjallara Cafe Cultura við Hverfisgötu 18. Fram koma Joni Mitchell Tribute og María Magnúsdóttir ásamt hljómsveitinni Mama's Bag.

22.00 Dúettinn Glymur leikur tónlist úr ýmsum áttum á 800 Bar við Eyrarveg á Selfossi. Enginn aðgangseyrir.

→ Opnanir

17.00 Hönnunarstúdíóið Volki opnar sýninguna „Húsgögn í herberginu“ í galleríi Kirsuberjatrésins við Vesturgötu 4. Opið mán.-fös. kl. 11-18 og lau. kl. 11-16.

→ Heimildarmyndir

20.00 Í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu verður sýnd heimildarmynd um ævi Holger Cahill (Sveinn Kristján Bjarnason). Myndin heitir „From Turf Cottage to the cover of Time“ og er eftir Hans Árnason. Aðgangur er ókeypis.

→ Sýningar

Jón Guðmundsson trérennismiður hefur opnað sýningu á munum sem hann hefur unnið úr innlendum við og rekavið. Sýningin stendur yfir til 25. okt. í Félags- og þjónustumiðstöðinni að Árskógum 4. Opið virka daga kl. 9-17, og um helgina kl. 13-17.



→ Bókmenntir

20.00 Í Safnahúsi Borgarfjarðar við Bjarnarbraut á Borganesi verður boðið upp á sagnakvöld. Bragi Þórðarson, Óskar Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson og Böðvar Guðmundsson munu lesa upp úr verkum sínum. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

20.30 Menningarmiðstöðin Edinborg við Aðalstræti á Ísafirði býður upp á finnska bókmenntakynningu þar sem kynntar verða bækur Tapio Koivukari og Väinö Linna.

→ Fyrirlestrar

12.00 Mark Weiner flytur erindi um uppruna og byggingu stjórnarskrár Bandaríkja Norður-Ameríku hjá Háskólanum á Akureyri, Sólborg, (L201) við Norðurslóð.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

10 ára gömul verð!

*GILDIR EKKI UM DRYKKI OG HEIMSENDINGU

VERÐDÆMI:
10" MARGARITA
Var: 920.-
Nú: 595.-

VERÐDÆMI:
12" MARGARITA
Var: 1.150.-
Nú: 695.-

VERÐDÆMI:
16" MARGARITA
Var: 1.485.-
Nú: 895.-

aftur til fortíðar með Eldsmiðjunni 19.-31. október

3 staðir

562 3838

SUÐURLANDBRAUT 12 • BRAGAGATA 38A • LAUGAVEGUR 81

VEITINGASTAÐIR Á öllum veitingastöðum Eldsmiðjunnar er hægt að sitja til borðs og njóta veitinga í notalegu umhverfi **HEIMSENDING** Við bjóðum upp á heimsendingu í flest hverfi Reykjavíkur (sjá www.eldsmidjan.is) **TAKE AWAY** þjónusta er að sjálfsögðu á öllum okkar stöðum, einfalt og þægilegt, enda eitt þóntunarnúmer Gott að muna... **562 3838**

Fyrir hvert innsent umslag gefur Ásbjörn Ólafsson ehf. eina matvöru til Mæðrastyrksnefndar.


SAFNAÐU KNORR STRIKAMERKJUM

FIMM HEPPNIR SAFNARAR FARA Í 100.000 KR. VERSLUNARFERÐ Í KRINGLUNNI!

Þátttaka hefur farið fram úr björtustu vonum og eru gjafirnar því miður búnar. Full ástæða er þó til að senda strikamerkin sín inn því **nöfn allra þátttakanda fara í pott** og 30. október verður dregið um hvaða **fimm heppnir safnarar fara í 100.000 króna verslunarferð** í Kringlunni.

www.knorr.is

Þú færð söfnunarumslagið í næsta stórmarkaði!



SYKUR



JIMI TENOR & TONY ALLEN

> Í SPILARANUM

Sykur - Frábært eða frábært
Gummzter - Erkiengill
The Drums - Summertime EP
Ívar Bjarklind - Tíu fingur og tær
Jimi Tenor & Tony Allen - Inspiration Information 4

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Fogerty tekur kántrílög

Íslandsvinurinn John Fogerty er búinn að gefa út nýja plötu, *The Blue Ridge Rangers Rides Again*. Platan er óformlegt framhald fyrstu sólóplötu kappans frá 1973, sem eins og þessi inniheldur tókulög. Á þessari kántríslegu plötu rennir John sér meðal annars í lög eftir John Denver, Rick Nelson og Buck Owens. Meðlimir úr Eagles eru til aðstoðar svo og Bruce Springsteen sem syngur Everly Brothers-lagið „When Will I Be Loved“ með hinum 64 ára gamla kántrírokkara.



JOHN FOGERTY ROKKAR Í Laugardalshöll í fyrra.



> Plata vikunnar

Hallur Ingólfsson og Halldóra Malín Pétursdóttir - Disaster Songs

★★★★

„Mjög flott plata sem vantar bara hittara til að verða enn betri.“
Dr. Gunni



TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

Góðar fréttir frá Íslandi

Nú þegar elleftu Airwaves-hátíðinni er lokið er ekki úr vegi að spá í það hvernig til tókst og velta fyrir sér framtíðinni. Það er ekki hægt að segja annað en að Airwaves 2009 hafi tekist mjög vel. Allt skipulag var til fyrirmyndar, dagskráin hélt vel og sándið var fínt. Það sýndi sig bæði á Réttum og Airwaves að það er nóg til af fólki með þekkingu og reynslu til að henda upp nokkurra daga tónlistarhátíð með hundruðum hljómsveita án nokkurra vandkvæða.

Það var kannski ívið meira af erlendum hljómsveitum sem stóðust ekki væntingar á Airwaves 2009 heldur en stundum áður, en það er samt hluti af pakkanum. Sumir valda vonbrigðum og aðrir fara fram úr björtustu vonum. Og stemningin var frábær. Gleðin og stuðin réðu ríkjum hvort sem það var hjá Introbeats sem lokaði hiphop-kvöldinu með rjómanum af íslenskum röppurum, Anonymous á Weircore-kvöldinu, Berndsen & the Young Boys á Batteríinu eða Casiokids í Hafnarhúsinu. Í raun hefur Iceland Airwaves náð þeim stað að það skiptir ekki öllu máli hvaða hljómsveitir eru að spila. Það er alltaf gaman.

Samningur Hr. Örlygs við Icelandair og Reykjavíkurborg rennur út í nóvember og að sjálfsögðu reikna allir með að hann verði endurnýjaður, enda er Airwaves ekki bara erlendur gjaldreyrir heldur líka jákvæð umfjöllun um land og þjóð. Góðar fréttir frá Íslandi. Rekstraráðilar Hr. Örlygs hafa undanfarið fengið á sig ásakanir um fjármálaóreiðu og vanefndir á samningum. Að sjálfsögðu þurfa þeir að gera hreint fyrir sínum dyrum til að fá samninginn framlengdan. Það er mikilvægt til að allir geti sameinast um þessa mestu hátíð íslensks tónlistarlífs.

En aftur að Airwaves 2009. Hápunkturinn? Hiklaust Micachu & The Shapes...



Göldrótt bókasafn

Dularfull mannhvörf, eldforn norn og óvenjuleg geimferð – allt þetta og margt fleira ber á góma í þessari stórskemmtilegu furðusögu eftir Þórarinn Leifsson sem höfðar til bæði barna og fullorðinna.



„Afar óvenjuleg barnabók, hugmynda- og stórskemmtileg.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Ísafold
(um Leyndarmálið hans pabba)

MÁL OG MENNING
www.fortlagid.is

TROMMARI ARCADE FIRE Á NÝRRI PLÖTU BENS FROST

Jeremy Gara, trommari kanadíska hljómsveitarinnar Arcade Fire, spilar á nýrri sólóplötu Bens Frost, *By the Throat*. Ben hefur í nógu að snúast auk sólóplötunnar því hann samdi til að mynda tónlist fyrir sjónvarpsþættina *Hamarinn*.

„Hann er frábær náungi og hefur mjög góða tilfinningu fyrir tónlist,“ segir Ben Frost um Jeremy Gara, trommuleikara Arcade Fire, sem leikur á nýjustu plötu hans.


Platan er gefin út hjá íslenska útgáfufyrirtækinu Bedroom Community sem Valgeir Sigurðsson rekur en Ben hefur búið héraendis undanfarin ár. „Hann var að taka upp með Owen Pallett úr Final Fantasy. Við vorum í stúdíóinu saman og ég var með hugmyndir sem ég vildi prufa. Hann var alveg til í að hjálpa mér,“ segir Ben. „Það var magnað að vinna með honum og mjög sérstakt að hlusta á hvernig hann spilaði af fingrum fram.“

Arcade Fire hefur gefið út tvær plötur við frábærar undirtektir og er sveitin ein sú virtasta í

tónlistarbransanum í dag. Hún hefur á ferli sínum verið tilnefnd til þrenna Grammy-verðlauna og fimm Brit-verðlauna. Aðrir sem aðstoða Ben á plötunni er hljómsveitin Amiina, sænska rokkveitin Crowpath og Nico Muhly, sem samdi tónlistina við Óskarsverðlaunamyndina *The Reader*.

Ben hefur haft í nógu að snúast því tónlist hans hljómar einnig í sakamálaþáttunum *Hamrinum* í Sjónvarpinu sem Reynir Lyngdal leikstýrir. „Við ræddum um samstarf fyrir löngu. Síðan bauð hann mér þetta starf og ég var mjög spenntur,“ segir hann og er ánægður með samstarfið við Reyni. „Hann gaf mér svigrúm til að leika mér og búa til eitthvað nýtt, enda er þetta ekki hefðbundin sjónvarpsþáttatónlist.“ Að auki er hann nýkominn frá föðurlandi sínu Ástralíu þar sem hann samdi tónlist við nýtt dansverk Ernu Ómarsdóttur, sem hún vinnur í samstarfi við þarlandan dansflokk.

Ben heldur útgáfutónleika á laugardaginn vegna evrópskrar dreifingar *By the Throat* á tónlistarhátíðinni *Unsound* í Kraká í Póllandi. Ásamt honum spila á hátíðinni þeir Valgeir Sigurðsson, Nico Muhly og Sam Amidon.



BEN FROST Tónlistarmaðurinn Ben Frost er ánægður með samstarfið við Jeremy Gara úr Arcade Fire. Gara spilar á nýrri sólóplötu Bens.

Í nóvember fer hann síðan í tónleikaferð um Evrópu sem nefnist *Hvalveiðitúrinn*. Þar verða félagar hans úr Bedroom Community einnig með í för og leika sína eigin tónlist, auk þess að aðstoða hver annan.

Hrífast af <3 Svanhvítu og FM Belfast

FM Belfast er eina íslenska hljómsveitin sem fær sess í upptalningu breska tímaritsins Q á tíu bestu sveitum Iceland Airwaves-hátíðarinnar.

„Á meðan sumar indísveitir eru með áberandi fýlusvip þá hikar FM Belfast ekki við að innleiða húnur í lögin sín. Dæmi um það er lag eins og *Underwear* sem fjallar um að „hlaupa niður götuna á nærfötunum einum saman“,“ segir í umsögninni. Á meðal annarra hljómsveita sem vöktu athygli Q eru *The Field* frá Svíþjóð, *Metronomy*, *Thecocknbullkid* og *Trentemøller*.

Áhugi Q á FM Belfast kemur ekki á óvart því starfsmaður umboðsrisans William Morris Endeavor njósnaði um sveitina á tónleikum hennar á Nasa á laugardagskvöld eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu.

Bládamaður *The Guardian* gefur Airwaves góða einkunn, rétt eins og Q. Hann undrast að enginn sé lengur reiður út af kreppunni. Elíza Geirsdóttir Newman og Lóa Hjálmtýsdóttir úr FM Belfast og eru báðar teknar tali. Elíza segir að íslenskur almenningur sé orðinn dauðþreyttur á að leita að sökudólgum vegna kreppunnar á meðan Lóa segir að erfitt sé að ná langt erlendis án utanaðkomandi



FM BELFAST Hljómsveitin FM Belfast fær góða dóma í breska tímaritinu Q.

styrkja. „Þrátt fyrir að tónlistarmenn séu enn þá blankir er enn von fyrir hendi,“ skrifar blaðamaðurinn. „Sú staðreynd að jafnargir flytjendur voru á Airwaves núna og undanfarin ár sannar þetta. Mikill tónlistaráhugi Íslendinga sýnir að landið getur rífið sig upp úr aðgerðaleysi kapitalismans.“ Á heimasíðu MTV er skrif að um tónleika Hafðísar Huldar og <3 Svanhvítar á föstudagskvöldinu. Þar kemur fram að <3 Svanhvít eigi framtíðina fyrir sér, sem er nokkuð kaldhæðnislegt í ljósi þess að þetta voru síðustu tónleikar hljómsveitarinnar.

Fjarðarkaup og
Góa kynna með stolti



GLÆSILEG TÓNLEIKAUPPTAKA FRÁ 2008
KEMUR ÚT 30. OKTÓBER Á CD OG DVD
20% AFSLÁTTUR AF ÞESSUM VEGLEGA PAKKA
FYLGR HVERJUM TÓNLEIKAMÍÐA*

Jólagestir Björgvins

Laugardaginn 5. desember
í Laugardalshöllinni

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

BORGARDÆTUR	PÁLL ÓSKAR
DIDDÚ	RAGGI BJARNA
EGILL ÓLAFSSON	SAVANNA TRÍÓIÐ
HELGI BJÖRNSSON	SIGRÍÐUR OG HÖGNI
KRUMMI	ÚR HJALTALÍN
LADDI	ÞÚ OG ÉG

HRYNSVEIT BJÖRGVINS · STRENGJASVEITIN REYKJAVÍK SESSION ORCHESTRA
KARLAKÓRINN ÞRETIKÓR · BARNAKÓR ÚR KÁRSNESSKÓLA · MEÐLIMIR ÚR GOSPELKÓR REYKJAVÍKUR

MÍÐASALA HEFST FÖSTUDAGINN 30. OKTÓBER KL. 10:00**

FK
FJARÐARKAUP



Miðasala á **midi.is** og á sölustöðum Miði.is
*Nánari upplýsingar um 20% afsláttartilboðið í staðfestingarpósti frá Miði.is.
** Póstlistaforsala Bravó hefst 29. október kl. 14.00 -Skráning á www.bravo.is

bravó!
Góðar stundir

> BELLUCCI BÆTIST VIÐ

Monica Bellucci, Vanessa Redgrave og David Strathairn hafa bæst við leikaralið pólitíska dramans *The Whistleblower*. Rachel Weisz hafði áður tekið að sér aðalhlutverk myndarinnar, sem fjallar um lögreglukonu sem reynir að afhjúpa mikið hneykslismál.



bíó

bio@frettabla-

Travolta kom til Íslands úr afmæli

Þegar John Travolta lenti einkabotu sinni á Keflavíkurlflugvelli fyrr í vikunni var hann á heimleið eftir að hafa verið viðstaddur vísindakirkjuathöfn á Englandi ásamt eigin konu sinni, Kelly Preston. Þau létu óvænt sjá sig á 25 ára afmæli alþjóðlegra samtaka Vísindakirkjunnar eftir að hafa framan af árinu syrgt son sinn Jett, sem lést í janúar aðeins sextán ára.

Vinir þeirra, Tom Cruise og Katie Holmes, sem eru einnig í Vísindakirkjunni, mættu einnig í afmælið ásamt þriggja ára dóttur

sinni, Suri. Travolta og Kelly héldust í hendur og höfðu sig lítið í frammi á meðan Cruise var afar liflegur. Þegar kór steig á svið og flutti gospel-lög lifði hann sig mjög inn í tónlistina og nokkru síðar hélt hann ræðu fyrir gestina, sem voru fjögur þúsund talsins. Hvort Cruise-fjölskyldan hafi fengið far með einkabotu Travolta eftir athöfnina og komið við á Íslandi fylgir aftur á móti ekki sögunni.

JOHN TRAVOLTA Hollywood-leikarinn lenti einkabotu sinni á Keflavíkurlflugvelli í vikunni.



Angelina Jolie leikur þekkt glæpakvendi



ANGELINA JOLIE Angelina mun hugsanlega leika glæpakvendi í myndinni *Gucci*.

Leikstjórinn Ridley Scott er í viðræðum við Angelinu Jolie um að taka að sér hlutverk í myndinni *Gucci*. Hún myndi leika Patriziu Reggiano, sem var dæmd í 29 ára fangelsi fyrir að ráða leigumorðingja til að myrða eiginmann sinn, tískukónginn Maurizio Gucci. Morðið átti sér stað fyrir utan heimili hans í Mílanó árið 1995.

Í myndinni verður fjallað um Gucci-fjölskylduna á áttunda og níunda áratugnum þegar hún seldi hvað mest af vörum sínum. Jolie mun einnig leika dr. Kay Scarpetta í mynd sem er byggð á skáldsögum Patriciu Cornwell. Önnur mynd, tryllirinn *The Tourist*, er sömuleiðis á verkefnalista.



WOODY HARRELSON Harrelson fer með annað aðalhlutverkanna í grínhasarnum *Zombieland*.

NORDICPHOTOS/GETTY

Woody á beinu brautinni

Woody Harrelson fer með annað aðalhlutverkanna í grínhasarnum *Zombieland* sem verður frumsýndur á morgun.

Zombieland er einn óvæntasti smellur ársins. Myndin fór beint á toppinn í Bandaríkjunum og hefur fengið góða dóma hjá gagnrýndum, enda uppfull af fyrirtaks ærslagangi. Uppvakningamyndir virðast njóta sívaxandi vinsælda og ekki skemmir fyrir ef hægt er að hlæja aðeins í leiðinni, rétt eins og gekk svo vel upp í hinni bresku *Shaun of the Dead*.

Zombieland er fyrsta myndin í langan tíma þar sem hinn 48 ára Harrelson fer með aðalhlutverk. Ferill hans fór gríðarlega vel af stað með þáttunum *Cheers*, eða Staupasteini, þar sem hann lék hinn vitgranna barþjón Woody Boyd.

Fyrsta stóra hlutverkið á hvíta tjaldinu var í körfuboltamyndinni *White Men Can't Jump* árið 1992. Árið eftir lék hann í *Indecent Proposal* á móti Demi Moore og

HELSTU MYNDIR HARRELSON:

Zombieland (2009)
No Country for Old Men (2007)
After the Sunset (2004)
Ed TV (1999)
The Thin Red Line (1998)
Welcome to Sarajevo (1997)
The People vs. Larry Flynt (1997)
Kingpin (1996)
Natural Born Killers (1994)
The Cowboy Way (1994)
White Men Can't Jump (1992)

smám saman var ljóst að stjarna var að fæðast. Staðfesting á því fékkst með góðri frammistöðu í hinni umdeildu *Natural Born Killers* í leikstjórn Olivers Stone. Þar lék Harrelson raðmorðingjann Mickey Knox sem lét sig ekki muna um að myrða alla sem á vegi hans urðu, í samfloti við kærustu sína Mallory.

Tvö fín hlutverk fylgdu í kjölfarið, fyrst í Farrelly-myndinni *Kingpin* og síðan í *The People vs. Larry Flynt* eftir Milos Forman, sem fjallaði um eiganda Hustler-

klámtímaritsins. Harrelson fékk Óskartilnefningu fyrir leik sinn en varð að lúta í lægra haldi fyrir Geoffrey Rush í *Shine*. Skömmu síðar lék Harrelson í ágætri mynd Michaels Winterbottom, *Welcome to Sarajevo*, en eftir það tók að halla undan fæti. Aukahlutverkin urðu sífellt fleiri og svo virtist sem frægðarsól hans væri farin að síga. Reyndar hefur Harrelson verið eftirminnilegur í sínum aukarullum, sérstaklega í *Semi-Pro* og Óskarsverðlaunamyndinni *No Country for Old Men*. Núna virðast þó bjartari tímar fram undan, því næsta mynd hans á eftir *Zombieland* er hamfaramynd Rolands Emmerich, 2012, sem á væntanlega eftir að njóta hylli.

Skipst hafa á skin og skúrir í einkalífi Harrelsons. Í fyrra kvæntist hann kærustu sinni til tíu ára, Laura Louie, en saman eiga þau þrjár dætur. Faðir hans lést aftur á móti í fangelsi árið áður. Hann var dæmdur í tvöfalt lífstíðarfangelsi fyrir að hafa myrt alríkisdómara á sjöunda áratugnum. Harrelson reyndi að fá dóminn ógildan en varð ekki að ósk sinni.

Pör í meðferð á Bora Bora

Gamanmyndin *Couples Retreat* og heimildarmyndin *Capitalism: A Love Story* verða báðar frumsýndar hérlendis á morgun. *Couples Retreat* fjallar um fjögur pör sem ákveða að fara saman í frí til eyjarinnar Bora Bora. Þar er í boði parameðferð sem gengur út á að betrumbæta hjónabönd. Þrjú af þörum vilja fara til eyjarinnar til að skemmta sér en eitt parið er þangað komið til að bjarga hjónabandi sínu. Fljótlega átta þörin sig á því að meðferðin er engin paradís og ferðin breytist í eitthvað allt annað en áætlað var. Í helstu hlutverkum eru Vince Vaughn, Jon Favreau, Jason Bateman, Kristen Bell, Kristin Davis og Malin Akerman.

Capitalism: A Love Story er nýjasta heimildarmynd hins umdeilda Michaels Moore. Hér fjallar hann um afdrifarík áhrif stórfyrirtækja á hversdagslífi hins venjulega Bandaríkjamanns og annarra jarðarbúa. Hann rekur ástarsögu Bandaríkjanna og kapitalismans, heimsækir fjölskyldur í vandræðum



COUPLES RETREAT Myndin fjallar um fjögur pör sem fara til eyjarinnar Bora Bora.

og leitar að svörum hjá ráðamönnum í Washington DC.

VIKA 43

18. - 25. OKTÓBER
VÍMUVARNAVIKA 2009

Málið
varðar
okkur öll!

www.vvv.is

VIKA 43 VÍMUVARNAVIKA 2009
SAMTAKAMÁTTUR SKILAR MESTU

Bandalag Íslenskra skáta- Brautin - bindindisfélag ökumanna - FÍÆT - félag Íslenskra æskulýðs- og tólmundafulltrúa - FRÆ - Heimili og skóli - IOGT á Íslandi ISÍ - IUT-forvarnir - KFUM-K - Krabbameinsfélag Reykjavíkur - Kvenfélagsamband Íslands - Samstarf um forvarnir SAMFO - SAMFÉS - Samtök foreldra gegn áfengisauklýsingum - Samtök skólamanna um bindindisfræðslu SSB - UMFÍ VÍMULAUS ÆSKA - Foreldrahús - Vernd - fangahjálpi

LANCÔME
PARIS

Æskan er í genum þínum. Virkjaðu þau.
Uppgötvaðu húðina eins og hún ætti að vera

Uppfinning Lancôme:

GÉNIFIQUE

ÆSKUVAKI



LANCÔME KYNNING

Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM,
SMÁRALIND OG GARÐABÆ 22. – 27. OKTÓBER

Kaupukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur:

- ~ Snyrtibudda
- ~ Dagkrem 15 ml
- ~ Augnkrem 5 ml
- ~ Gel Éclat hreinsir 30 ml
- ~ Tonique Eclat andlitsvatn 50 ml
- ~ Lancôme maskari í ferðastærð
- ~ Juicy tubes gloss í ferðastærð

Verðmæti kaupukans allt að 10.500

Einnig aðrar gerðir kaupauka



*Gildir á kynningu meðan birgðir endast. Gildir ekki með 2 Bocage eða 2 Bjöntum. Einn kaupuki á viðskiptavin.

50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga 150 ár

Íslenski dansflokkurinn [Fjölskyldu sýning]

Ókeypis fyrir 12 ára og yngri og hálfvirdi fyrir 13-16 ára.

Allra síðasta sýning! Vegna mikillar aðsóknar verður aukasýning sunnudaginn 25. október kl. 14.

Miðasala í Borgarleikhúsinu í síma 568 8000 eða á www.id.is


[Íd] Íslenski dansflokkurinn

Brot af því sem dansgagnrýnendur Íd sögðu um sýninguna: ... allir gengu út með bros á vör. Við og við heyrði ég barn segja „Þetta var sko gaman“, „Ég vil fara aftur!“

Íris Ríkharðsdóttir, 33 ára kynningarstjóri

Óhætt er að segja að sýningin gerði gott betur en að halda athygli krakkanna sem hlógu og sýndu góð viðbrögð þegar við átti ...

Andrés Jónsson, 30 ára verkefnastjóri hjá Icelandair



Glæsilegar og þægilegar í erli dagsins

ACTIVE LEGS sokkabuxurnar veita ökkulunum góðan stuðning og eru liprar um lærin. Þær viðhalda góðri blóðrás, eru einstaklega þægilegar og hefta ekki hreyfingar.

OROBLU

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



fó

folk@frettabladid.is

„Stundum hugsa ég með mér: „Til fjandans með leiklistina“ en svo átta ég mig á því að ég gæti verið að vinna í skóbúð. Leiklistin er mun skárri en það.“

ROBERT PATTINSON um leiklistina sem starf.



„Ég vil veita fólki innblástur, en ekki vera fyrirmynd, því ég geri mistök eins og allir aðrir. Ég er bara eins og fólk er flest.“

BRITNEY SPEARS um hlutverk sitt sem fyrirmynd.



„Ég hefði getað orðið tannlæknir og þá stæði aldrei neitt ljótt um mig í blöðunum. Ég vissi vel að því frægari sem maður er, þeim mun meira er maður undir smásjá almennings.“

JULIA ROBERTS um frægðina og slúðrið.

Hugsa hátíðina upp á nýtt

Sequences-sjónlistahátíðin fer fram í fjórða sinn þann 30. október næstkomandi. Hátíðin tekur mið af breyttu ástandi í þjóðfélaginu.

Sequences-hátíðin var fyrst sett á laggirnar árið 2006 og var samstarfsverkefni Nýlistasafnsins, Kling og Bang, Gallerí Dvergs, CIA og Gallerí Bananananas sem var lokað árið 2007. Kristín Dagmar Jóhannesdóttir og Klara Þórhallsdóttir skipuleggja hátíðina í ár og segja þær samstarfið hafa gengið vel.

„Ég er listfræðimenntuð og er nýtskrifuð úr því námi. Klara er myndlistarkennari auk þess sem hún hefur verið að vinna innan fræðsludeildar Listasafnsins. Þetta er í fyrsta sinn sem við tökum að okkur svona stórt verkefni en hingað til hefur þetta gengið vonum fram og við höfum náð að vinna mjög vel saman,“ segir Kristín Dagmar um samstarf þeirra Klöru.

„Í dag er annað landslag en hefur verið fyrri ár og við þurftum því að hugsa þetta svolítið upp á nýtt. Það fór mikill tími í að sækja um styrki bæði hér heima og erlendis frá og fáum við því nokkuð mikið af erlendum listamönnum til okkar í ár.“ Meðal þeirra listamanna sem taka þátt í hátíðinni núna má nefna bresku listakonuna Spartacus Chet-



SKIPULEGGJA SEQUENCES Kristín Dagmar Jóhannesdóttir og Klara Þórhallsdóttir skipuleggja Sequences-sjónlistarhátíðina í ár.

wynd og finnska gjörningahópin Oblivia auk þess sem listamaðurinn Magnús Pálsson verður sérstakur heiðursgestur hátíðarinnar í ár. Gjörningaformið verður áberandi á hátíðinni í ár mikið verður um lifandi viðburði í stað standandi sýninga. „Við ákváðum að hafa

gjörningaformið í forgrunni vegna Magnúsar Pálssonar, sem hefur unnið mikið með það form,“ segir Kristín Dagmar.

Hægt verður að nálgast allar upplýsingar um hátíðina á heimasíðunni www.sequences.is.

sara@frettabladid.is


Falleg og fróðleg

Þessi skemmtilega bók er hugsuð til málörvunar og hljóðnáms fyrir 2 til 7 ára börn. Sérhvert máhljóð er kynnt með stuttri sögu, fjörugri vísu og glæsilegum myndum. Frábær grunnur að lestrarnámi.

Geisladiskur fylgir bókinni þar sem Skólakór Kársness syngur vísur eftir Þórarin Eldjárn



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



SIMON COWELL Cowell er í miklu uppnámi eftir dauða Stephens Gately úr Boyzone.

Í uppnámi vegna Gately

Idol-dómarinn Simon Cowell er í miklu uppnámi eftir óvæntan dauða Stephens Gately, fyrrum meðlims breska strákabandsins Boyzone. Gately lést á Mallorca í síðustu viku, aðeins 33 ára, og var jarðsettur á laugardaginn. „Ég var í sjokki út af Stephen. Hann var heillandi og kurteis ungur maður sem lét frægðina ekki stíga sér til höfuðs,“ sagði Cowell. Áfallið fékk hann til að hugsa um lífið og tilveruna. „Maður á ekki að taka lífinu af alvarlega. Þú veist aldrei hvað getur gerst.“



JUSSANAM DEHJA Brasilíska söngkonan heldur útgáfutónleika í kvöld.

Brasilískt bossa nova

Brasilíska söngkonan Jussanam Dehja heldur útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld í til-efni af útkomu plötunnar Jussanam Ela é carioca. Þar flytur hún bossa nova-tónlist ásamt Hauki Gröndal, Ásgeiri Ásgeirs-syni og Eric Qvick. Jussanam er fædd í Rio de Janeiro en hefur búið og starfað á Íslandi í rúmt ár, meðal annars með Tómasi R. Einarssyni bassaleikara. Hún er einnig menntuð leikkona og hefur komið fram í fjölda sjónvarps-þátta og í leikritum í föðurlandi sínu. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.30 og er miðaverð 2.600 krónur.

Finnur ástina á netinu

Söngkonan Jessica Simpson segir ekkert að því að leita að ástinni á alnetinu. Simpson, sem hætti með ruðningskappanum Tony Romo í júlí, segist sjálf ekki



ÓHRÆDD VIÐ NETSAMBAND Jessica Simpson segist ekki sjá neitt að því að finna ástina á alnetinu.

Afleggjarar hefjast

Tónleikaröðin Afleggjarar hefur göngu sína á skemmtistaðnum Sódómu í kvöld á vegum Xins 977. Fram koma hljómsveitirnar Dikta, Ourlives og Sykur. Munu þær allar spila lög af væntanlegum plötum sínum sem koma út í nóvember undir merkjum Kölska, nýs útgáfufyrirtækis Barða Jóhannssonar. „Við ætlum að bjóða upp á rjómann af bestu hljómsveitunum í bland við gamlar sveitir. Við ætlum að dusta rykið af gömlum og góðum sveitum og fá þær til að spila aðeins,“ segir Máni á X-inu.

Stefnt er á að halda Afleggjara á nokkurra vikna fresti. Sódóma verður opnuð klukkan 21 í kvöld og fyrsta hljómsveitin stígur á svið kl. 22. Miðaverð er 1.000 krónur.



DIKTA Hljómsveitin Dikta spilar á Sódómu í kvöld ásamt Ourlives og Sykri.

Jessica Biel þykir góð tengdadóttir

Lynn Harless, móðir poppstjörunnar Justin Timberlake, sagði í viðtali við E! að hún kynni sérstaklega vel við tengdadóttur sína, leikkonuna Jessicu Biel. „Hún er frábær. Hún er vinur sem Justin getur spjallað við, auk þess sem hún síðar hann til þegar þess þarf og stendur uppi í hárinu á honum,“ sagði Harless.

Margir halda að samband Biel og Timberlakes standi á brauðfótum og vilja sumir meina að hann hafi átt í leynilegu sambandi við söngkonuna Rihönnu nú fyrir stuttu.

GÓÐ TENGDADÓTTIR Móður Timberlakes finnst Jessica frábær.



ESTÉE LAUDER Gjöfin þín

Allt þetta fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.500 kr. eða meira í Debenhams dagana 22. - 28. október

Gjöfin inniheldur:

- DayWear Plus 7ml – dagkrem
- Idealist 7ml – undrakremið
- Eyeshadow Duo – augnskuggasett
- Pure Color Lipstick – litur Rose Tea,
- Pure White Linen 4ml - ilmvatn
- Fallega snyrtibuddu



Verðgildi kr. 14.472.-
*meðan birgðir endast

Er í raun og veru hægt að gera við DNA-skemmdir?

– Vísindamenn okkar telja svo vera

Nýtt: Advanced Night Repair Synchronized Recovery Complex

Á grundvelli tímamótarannsóknna á genum þeim er stjórna lífsklukku okkar og því mikilvæga hlutverki sem þau gegna í viðgerðum á erfðaefti húðarinnar (DNA), hefur Estée Lauder nú framleitt einhverja áhrifamestu öldrunarvörn sem fram hefur komið fyrir húðina.

Notaðu þessa frábæru vöru á hverjum degi til að stuðla að samfelli í viðgerð á ummerkjum fyrri skemmda sem orðið hafa vegna mikils umhverfisáreitis - útfjólublárra geisla, reyks, mengunar, jafnvel tilfinningastreitu. Littu á þetta sem "tryggingu" fyrir húð sem virðist yngri og við betri heilsu dag eftir dag.

ALVÖRU FULLYRÐINGAR STUDDAR ALVÖRU VÍSINDUM

Leitaðu uppi www.esteelauder.com á Vefnum til að fræðast betur um þessa frábæru nýjung sem húð þín ætti ekki að vera án.



DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

NÝTT Í BIÓ LAUGARAS BIÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

JÓHANNES
SUMIR DAGAR...
★★★★½ - S.V. MBL
★★★★¾ - A.H. Steinn, Bylgjan
★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga
NÝ ISLENSK GAMANMYND

the ugly truth

SÝNINGARTÍMAR

JÓHANNES	kl. 6, 8 og 10	L
9	kl. 6	10
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 6, 9 og 10.10	16
THE UGLY TRUTH	kl. 8	12

DÚ SPILAR TIL AÐ LIFA

Frá leikstjóra Crank
GERARD BUTLER
GAMER
HÖRKU HASARMYND

Ævintýri, grín og gaman!

Skellibjalla
týndi fjársjóðurinn

Game
ORPHAN
SURROGATES

SMÁRÁBIÓ ALFABAKKA			SMÁRÁBIÓ KRINGLUNNI		
GAMER	kl. 5:50 - 8:00 - 10:10	16	GAMER	kl. 8:15 - 10:20	16
GAMER	kl. 8 - 10:10	VIP	SKELLIBJALLA M/isl. Tali	kl. 6	L
SKELLIBJALLA M/isl. Tali	kl. 6	L	FAME	kl. 8:10	L
FAME	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L	ORPHAN	kl. 10:30	16
ORPHAN	kl. 8 - 10:40	16	SURROGATES	kl. 8:20	16
SURROGATES	kl. 8 - 10:20	12	DISTRICT 9	kl. 10:20	16
SURROGATES	kl. 6	VIP	ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	L
ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AD VILLA	kl. 6	L	UPP M/isl. Tali	kl. 6	L
FUNNY PEOPLE	kl. 8	12	SMÁRÁBIÓ AKUREYRI		
HAUNTING IN CONNECTICUT	kl. 10:40	16	GAMER	kl. 8 - 10:20	16
UPP M/isl. Tali	kl. 5:50	L	SKELLIBJALLA OG TÝNDI FJÁRSJÓÐURINN	kl. 6	L
			ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AD VILLA	kl. 6	L
			FAME	kl. 8	L
			ORPHAN	kl. 10:20	16

[HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR](http://facebook.com/biomyndir)

NÝTT Í BIÓ!

JÓHANNES
SUMIR DAGAR...
★★★★ - S.V. - MBL
★★★★★ - A.K. - ÚTVARP SAGA
★★★★★ - A.S.G. - BYLGJAN

BROKEN EMBRACES
„Stórskemmtileg!“
- Hollywood Reporter

SMÁRÁBIÓ SÍMI 564 0000

JÓHANNES	kl. 4-6-8-10	L	CAPITALISM	kl. 8	7
JÓHANNES LÚXUS	kl. 4-6-8-10	L	JÓHANNES	kl. 7-9-11	L
9	kl. 4-6-8-10	10	GUÐ BLESSI ÍSLAND	kl. 5.45-8-10.15	L
GUÐ BLESSI ÍSLAND	kl. 5.45	L	STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 6-9	16
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 5.20-8-10.40	16	THE UGLY TRUTH	kl. 5.45	14
THE UGLY TRUTH	kl. 10.15	14	ANTICHRIST	kl. 10.30	18
ÍSÖLD 3 ISLENSKT TAL	kl. 3.45	L			

BORGARBIÓ SÍMI 462 3500

JÓHANNES	kl. 6-8-10	L	BROKEN EMBRACES	kl. 5.20-8-10.40	12
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 8-10.20	16	STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 5.20-8-10.40	16
GUÐ BLESSI ÍSLAND	kl. 6	L	JENIFER'S BODY	kl. 10.20	16
			THE UGLY TRUTH	kl. 5.45-8	14
			INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 6-9	16

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

Mannakornabörnin syngja með

„Þetta er mjög skemmtilegt og við náum rosalega vel saman,“ segir söngkonan Elísabet Eyþórsdóttir. Elísabet syngur bakraddir með hljómsveitinni Mannakornum á Nasa í kvöld ásamt Ragnheiði Helgu Pálmadóttur. Og ekki að ástæðulausu – Elísabet er nefnilega dóttir Ellenar Kristjánsdóttur og Ragnheiður er dóttir Pálma Gunnarssonar, en eins og flestir vita eru þau aðalsöngvarar Mannakorna. Mannakornabörnin fá því að syngja með.



MANNAKORNABÖRNIN Elísabet, til vinstri, syngur með mömmu sinni og Ragnheiður með pabba sínum á Nasa í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Elísabet og Ragnheiður hittust fyrst þegar Mannakorn flutti lag í Kastljósinu í síðustu viku. Þær renndu því algjörlega blint í sjóinn, en eru báðar virkilega ánægðar með hvernig raddir þeirra hljóma saman. „Þetta kom mjög vel út og var rosafloft. Mér finnst hún Elísabet alveg ótrúlega góð söngkona. Hún er svo skemmtilega lík mömmu sinni,“ segir Ragnheiður um flutninginn í Kastljósinu og Elísabet tekur undir: „Ragnheiður gæti ekki verið meira frábær.“

Ragnheiður er ekki von að koma fram og hlakkar mikið til. „Ég er að klára master í lyfjafræði og það er alveg frábært að breyta aðeins til,“ segir hún. Elísabet er öllu vanari á sviðsmanneskja. Hún sendi frá sér plötuna Þriðja leiðin árið 2006, en á henni flutti hún lög Barkar Hrafn Birgissonar við ljóð Einars Máss Guðmundssonar. „Það er ómetanlegt

að fá að taka þátt í þessu með fjölskyldunni,“ segir Elísabet. „Það er rosalega gaman. Allir í svaka fjöri. Alveg æðislegt.“

Tónleikar Magnúsar Eiríkssonar, Buffs og Mannakorna hefjast klukkan 20.30 í kvöld. Tilefni þeirra er útgáfa safnplötu Magnúsar, Reyndu aftur, sem hann vann með Buffi.

Kvikmyndir ★★

Gamer
Leikstjórar: Mark Neveldine og Brian Taylor.

Aðalhlutverk: Gerard Butler, Amber Valletta, Michael C. Hall.



Sýndarveruleikahasar

Í náinni framtíð er sýndarveruleiki kominn á það stig að fólk getur leikið annað fólk. Fyrirtæki hefur tekið að sér rekstur fangelsa í Bandaríkjunum og er fangum sem hafa verið dæmdir til dauða gefið tækifæri á að vera „spilaðir“ af öðrum.

Langflasti spilarinn, Kable, er búinn að lifa af 28 vígstöðvar og á einungis tvær eftir til þess að öðlast frelsi, sem honum er ekki ætlað af eigendum leiksins. Gamer kemur frá tvíeykinu Mark Neveldine og Brian Taylor, þeim sömu og gerðu Crank-myndirnar. Líkt og í fyrrnefndum myndum sleppa þeir algjörlega fram af sér beislinu og bjóða áhorfendum upp á einhverja mestu ringulreið í kvikmyndagerð sem völ er á. Myndatakan og klippingin gerir út á að rugla áhorfendur sem mest í ríminu. Þetta yfirkefðar útlit fór Crank-myndunum vel enda í takti við söguþráð myndanna, en hér er þetta einfaldlega of mikið þar sem það er afar erfitt að átta sig á hvað er að gerast í flestum hasarsenumum.

Gamer býður ekki upp á neitt nýtt sem hefur ekki verið gert betur áður; söguþráðurinn sver sig í ætt við The Running Man og kexruglaðan hasar sem sást áður í fyrri myndum leikstjórategymisins.

Vignir Jón Vignisson

Niðurstaða: Ófrumleg og ruglingsleg hasarmynd.



ORÐIN HJÓN Samkvæmt tímaritinu Star Magazine eru Nicole Richie og Joel Madden orðin hjón. NORDICPHOTOS/GETTY

Nicole er gift

Samkvæmt tímaritinu Star Magazine hafa Nicole Richie og Joel Madden loksins gengið í hið heilaga. Brúðkaupið á að hafa átt sér stað hinn 14. október síðastliðinn á heimili þeirra hjóna. „Joel hefur margbeið Nicole um að giftast sér en hún vildi ekki ana í það og þess vegna varð hann að bíða,“ var haft eftir vini hjónanna. Andlát fyrrverandi kærasta Nicole, DJ AM, mun hafa fengið hana til að taka bónorði Joels. „Dauði Adams kom henni í skilning um hversu hverfult lífið getur verið og þá vildi hún engan tíma missa.“

Nicole og Joel hafa verið saman frá árinu 2006 og eiga tvö börn saman, Harlow og Sparrow.

MasterCard **2 fyrir 1** í dag kl. 20.00

Auðmenn elska peninga, en þó sérstaklega peningana þína!

CAPITALISM: A LOVE STORY

MICHAEL MOORE

MasterCard korthafar fá tvo miða á verði eins á sérstakar MasterCard forsýningar í kvöld 22. október, kl. 20.00 í Háskólabíói, greiði þeir með kortinu.

HÁSKÓLABÍÓ

WOODY
HARRELSON

JESSE
EISENBERG

EMMA
STONE

ABIGAIL
BRESLIN

ZOMBIELAND

ÞESSI STAÐUR ER ALVEG STEINDAÐUR



„ZOMBIELAND ER KLIKKUÐ!“

- T.V. KVIKMYNDIR.IS



„ALVEG ÓGÆDSLEGA FYNDIN
MYND Í BÓKSTAFLEGGRI MERKINGU.“

- P.P. DV



V.J.V. FRÉTTABLAÐIÐ



FRUMSÝND 23. OKTÓBER

SENDU SMS SKEYTIÐ

EST ZBL Á NÚMERIÐ 1900

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA!

FULLT AF AUKAVINNINGUM
TÖLVULEIKIR · DVD MYNDIR · PEPSI MAX
OG MARGT FLEIRA!

Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

**9. HVER
VINNUR!**





Iceland Express




SPORT 2

enski boltinn

LIVERPOOL VORU TAPLAUSIR GEGN MAN. UTD. Á SEINASTA TÍMABILI.
TEKST ÞEIM ÞAÐ AFTUR Í ÁR?

RISARNIR MÆTAST LIVERPOOL MAN.UTD.

Á SUNNUDAG KL. 13:30



ÞAÐ ER
ODYRARA
AÐ HORFA Á ENSKA BOLTANN HEIMA

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

Eldsnögg með Jóa Fel

Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskocknum og bakameistarunum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir. Hollur, hagkvæmur og heimilislegur matur eldaður af hjartans lyst. Jóa ætlar einnig að kenna okkur að baka einföld brauð, fin og gróf, formkökur, klatta, flatkökur og skonsur svo eitthvað sé nefnt.



VIÐ MÆLUM MED

The Office Skjareinn kl. 20.00

Í kvöld byrjar Skjareinn að sýna fimmtu seríuna af bandarísku gamanþáttunum The Office sem fjalla um skrautlegt starfsfólk hjá pappír-söluvirkjunu Dunder Mifflin. Skrifstofustjórinn Michael Scott er enn við sama heygardhornið og gerir starfsfólki sínu erfitt fyrir með undarlegri hegðun sinni. Hann hefur nú eignast nýja vinkonu sem á eftir að setja skemmtilegan svip á skrifstofullífið.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlit	14.03 Á tónsviðinu
06.50 Bæn	15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
07.03 Vít og breitt	15.25 Raddir barna
07.30 Fréttayfirlit	16.00 Síðdegisfréttir
08.00 Morgunfréttir	16.10 Víðsjá
08.11 Morgunfundur með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	18.53 Dánarfregnir
09.45 Morgunleikfimi	18.57 Anersaaq : Draugur
10.13 Litla flugan	19.27 Sinfóníutónleikar
11.03 Samfélagið í nærmynd	22.12 Orð kvöldsins
12.00 Fréttayfirlit	22.15 Útvarpsleikhúsið: Einfarar - Brot
12.02 Hádegisútlit	22.29 Útvarpsleikhúsið: Í aðalhlutverki - Bryndís Pétursdóttir
12.20 Hádegisfréttir	23.25 Bláar nótur í bland
12.45 Veðurfregnir	00.07 Næturtonar
13.00 Andrarímur	

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

EXTRA

- 16.30 Doctors (10:26)
- 17.00 Doctors (11:26)
- 17.30 The O.C. 2 (17:24)
- 18.15 Seinfeld (9:24)
- 18.45 Doctors (10:26)
- 19.15 Doctors (11:26)
- 19.45 The O.C. 2 (17:24)
- 20.30 Seinfeld (9:24)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 You Are What You Eat (6:18)
Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og hjálpar fólki sem er komið í ógöngur.
- 22.15 Gossip Girl (3:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern og hver sé með hverjum.
- 23.00 Ástríður (10:12) Væringar eru á lofti. Það er ljóst að Sveinn var aldrei sá riddari sem Ástríður var að vonast eftir. Nú standa allir á krossgötum. Ekki síst Bjarni frændi sem heldur upp á fertugsafmælið sitt. Eða var það 45?
- 23.25 Medium (10:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfileg sakamál sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf gagnast lögreglunni við rannsókn ýmissa mála.
- 00.10 True Blood (5:12)
- 01.05 Auði og Sveppi
- 01.35 In Treatment (23:43)
- 02.00 Sjáðu
- 02.30 Fréttir Stöðvar 2
- 03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Blackadder the Third 12.30 Only Fools and Horses 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Lab Rats 14.00 The Weakest Link 14.45 Blackadder the Third 15.15 Only Fools and Horses 15.45 My Hero 16.15 Lab Rats 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 Two Pints of Lager and a Packet of Crisps 18.30 Coupling 19.00 Little Britain 19.30 Little Britain 20.00 The Innocence Project 20.55 Two Pints of Lager and a Packet of Crisps 21.25 Coupling 21.55 Little Britain 22.25 Lab Rats 22.55 EastEnders 23.25 The Weakest Link

DR 1

12.00 Landsbyhospitalet 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 13.50 S P eller K 14.00 Boogie Update 14.30 Braceface 14.50 Hojspændingsmanden og Robotdrenge 15.00 Lloyd i Rummet 15.30 Fandango 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Rabatten 18.00 Sporløs 18.30 Klimaduks og Blæserov 19.00 TV Avisen 19.25 Jersild Live 19.50 Sportnyt 20.00 Nordlys 21.30 OBS 21.35 Seinfeld 21.55 Seinfeld 22.20 Seinfeld 22.40 Boogie Mix

NRK1


12.00 NRK nyheter 12.05 Naboer 12.30 Andre avenyen 13.00 NRK nyheter 13.05 Jessica Fletcher 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Ut i nærturen 15.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Sorens onskestovler 16.05 Fritt fram 16.30 Pingu 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Schrödingers katt 17.55 Tilbake til 60-tallet 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Forbrytelsen 2 20.30 Den norske humor 21.00 Kveldsnytt 21.15 Urx 21.45 Ukjent fiende 22.35 Skavlan 23.35 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

12.15 Fråga doktorn 13.00 Den stora resan 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Hannah Montana 15.25 Robins 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Niklas mat 18.30 Mitt i naturen 19.00 Plus 19.30 Ett fall för Louise 20.00 Debatt 20.45 Kulturyheterna 21.00 Uppdrag Granskning 22.00 Skavlan 23.00 Ålskade, hatade fört 23.30 Kysst av spriten



Jólahlaðborð á Hótel Ör



Nú fer hver að verða síðastur að panta pláss á okkar sívinsæla jólahlaðborði.

- Opinn bar og lifandi tónlist að borðhaldi loknu
- Tilvalið fyrir fyrirtæki, hópa, pör og einstaklinga
- Við gerum stærri hópum sértílböð


Föstudagur:
Léttur píanóundirleikur með matnum og trúbador fram eftir kvöldi. Borðhald og skemmtun: 5.900,-
Gisting, borðhald og skemmtun 10.900,- krónur á mann í tvíbýli.

Laugardagur:
Stórsöngvaramir og skemmtikraftarnir í duett.is sjá um veislustjórni af sinni alkunnu snilld. Að borðhaldi loknu slær hljómsveitin Sölvarnir upp balli Borðhald og skemmtun: 6.900,-
Gisting, borðhald og skemmtun 11.900,- krónur á mann í tvíbýli.

Farðu inn á jolahladbord.is til að skoða matseðilinn, fá nánari upplýsingar og panta.

Hótel Ör - Breiðumörk 1c - Hveragerði - Sími 483-4700 - Fax 483-4775 - hotel-ork.is





GULA HÚSIÐ

FAXAFENI 8



499,-

Baðherbergisett, 4 hlutir



999,-

Sæng og koddasett



999,-

Dömu flóelnáttbuxur
nokkrir litir, st: XS-XL



299,-

Ljúffengar sósur, Louisiana Gem, 500 ml



FRÁ 199,-

Mikið úrval af hreinlætisvörum



149,- PARIÐ

Barnasokkar, mikið úrval

PEAK heilsubaunir, Black og Pinto



399,- POKINN



149,- STK.

Eldhúshöld



699,- PARIÐ

Legglífar, margir litir



299,- STK.

Kökumix og krem



999,- PAKKINN

Pampers bleiur, margar stærðir, eitt verð



FRÁ 199,-

Matvara og drykkir frá USA



FRÁ 999,-

Dömulleggings, margar gerðir



699,- 5 PÖR

Dömusokkar, 5 para pakkning



2.499,-

Melissa gufustraujárn
1600w



4.999,-

Exido handdryksuga



1.299,- 10 PÖR

Barnasokkar



499,-

Sanex freyðibað
2 tegundir, 750ml



399,- 3 PÖR

Ungbarnasokkar
margar gerðir, 3 pör í pakka



399,-

399,-

Crayola litir
24 stk í pakka



899,- PARIÐ

Krumpusokkar, þykkir, margir litir



299,-

Bangsimon herðatré, 4 stk í pakka



199,-

Spiderman púsluspi



299,-

Ranger leikfangabyssa

◎ FURTILBOÐ VIKUNNAR

BARNASOKKABUXUR

299,-

MARGAR GERÐIR Á
STELPUR OG STRÁKA

OPIÐ 10-18 - SUNNUDAGA 12-17

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ríttjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIADSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands



Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga
milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



BAKÞANKAR
Ragnheiðar
Tryggvadóttur

Framtíðarsýn

Mig dreymdi að væri komið M-árið 2012, þeir tunglið höfðu malbikað og stept í hölf og gólf. Já veröldin var skrýtin, það var allt orðið breytt, því vélar unnu störfín og enginn gerði neitt,“ söng Vilhjálmur Vilhjálmsson árið 1969 á plötunni Hún hring minn ber.

SKONDIN framtíðarsýn og fyndið hvernig fólk sá alltaf fyrir sér að tunglið yrði aðalstaðurinn á 21. öldinni, eins og við hefðum eitthvað þangað að sækja sérstaklega.

ÉG man líka eftir því að hafa lesið einhvers staðar fyrir mörgum árum vangaveltur nokkurra grunnskólanemenda um framtíðina, gæti kannski hafa verið í Æskunni. Krakkarnir höfðu árið 1985 verið beðnir um að ímynda sér hvernig umhorfs yrði á Íslandi eftir 25 ár í máli og myndum. Þá virtist árið 2010 svo óralangt í burtu, nánast óraunverulegt í barnshuganum og spárnar eftir því.

LÍKT og Vilhjálmur söng spáðu flestir krakkarnir því að tunglferðir yrðu orðnar daglegt brauð og vélmenni sæju um öll verk, sérstaklega heimilisverkin. Einhverjir hafa verið orðnir leiðir á að taka til í herberginu sínu og að vera settir í uppvaskið. Allir byggju í kúlulaga húsum og svífandi ökutæki hefðu leyst bíla af hólmi, veðrið væri alltaf gott, fólk þyrfti ekkert að vinna og gæti leikið sér og slappað af. Flestir sáu líka fyrir sér að eiga helling af peningum. Ekki amaleg framtíðarsýn það.

ÉG man ekkert hvernig ég sjálf hélt að heimurinn yrði árið 2010. Sem jarðbundin sveitastúlka sá ég ekkert endilega fyrir mér að flandrast til tunglsins í tíma og ótíma. Man þó að kúlulaga hús eins og Barbfjölskyldan bjó í þótti mér flott. En kannski hélt ég bara að ég yrði hvort eð er orðin svo rosalega gömul árið 2010 að það tæki því ekkert að hugsa um það.

ÞESSA dagana veltir margur framtíðinni fyrir sér enda er hún óljós og jafnvel óárennileg svo ekki sé meira sagt. Spár grunnskólanemendanna þarna um árið virðast ekki ætla að ganga eftir. En þeir voru bjartsýnir og það þýðir ekkert annað. Eg vona allavega að ef grunnskólanemendur í dag fá þetta sama verkefni horfi þeir af sömu bjartsýni til tilverunnar eftir 25 ár, árið 2034. Icesave-skuldin verður þá vonandi að mestu frá.



GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn 22. október 2009, 295. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.40	13.12	17.43
Akureyri	8.31	12.57	17.21

Heimild: Almanak Háskólans

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

PAL ZILERI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

SARAR

BELLINI
collezione



Herra
Lagerinn
outlet

líka fyrir konur

Útíjakkaveisla!

FINUCCI
collezione

verð nú kr.

23.988

~~39.980~~

verð áður kr.

verð nú kr.

26.988

~~44.980~~

verð áður kr.

Gríðarlegt úrval af
peysum frá BELIKA

með **40%** afslætti

40%

Troðfull verslun
af merkjavöru!

40 til 70%

afsláttur af öllum vörum

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)